

skoðun 20

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Geðhjálp
Ræsting & þjónusta




**Leyndardómur Meðalfellsvatns**

*Stangveiðitímabilið hefst á sunnudaginn. Bubbi ljóstrar upp leyndarmálunum við að fá fisk í Meðalfellsvatni.*

veiði 46-47




# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Fimmtudagur
29. mars 2012
75. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011




**Kúra að gera það gott**

*Dansk-íslenska hljómsveitin Kúra er að gefa út sína fyrstu plötu í Danmörku.*

popp 50

**Litaða barnið í Höfnum**

*Heimildarleikverkið Tengdó verður frumsýnt í Borgarleikhúsinu í kvöld.*

menning 32



**Veislan byrjar í kvöld**

*Úrslitakeppni Iceland Express deildar karla í körfu fer af stað í kvöld. Það er pressa á Grindavík og KR.*

sport 44

**veðrið í dag**




**ÞURRT OG MILT** Í dag verða suðvestan 5-10 m/s. Styttir upp V-til og rofar til. Hiti 5-12 stig en kólnar NA-til í nótt.

VEÐUR 4

# Óttast netnjósnir Kínverja

**Kínverska fyrirtækinu Huawei, sem hefur byggt upp stóran hluta símkerfa Vodafone og Nova á Íslandi, hefur verið bannað að taka þátt í uppbyggingu símkerfa í Ástralíu og Bandaríkjunum. Áhyggjur af njósnum Kínverja.**

**SAMSKIPTI** Stjórnvöld í Ástralíu og Bandaríkjunum hafa bannað kínverska fjarskiptafyrirtækinu Huawei að taka þátt í útboðum vegna uppbyggingar símkerfa í löndunum. Ástæðan er áhyggjur leyniþjónusta í löndunum tveimur af því að notkun kínversks fjarskiptabúnaðar í löndunum auðveldi kínverskum tölvuþrjótum að njósna um fyrirtæki og stofnanir í þeim.

Íslensku símafyrirtækin Nova og Vodafone hafa um árabil átt í samstarfi við Huawei.

„Við höfum engar forsendur til að taka afstöðu til svona fregna. Það sem við getum sagt er að okkar samstarf við Huawei hefur verið til fyrirmyndar. Fyrirtækið hefur tekið forystu á heimsvísu í framleiðslu á svona búnaði og það fer alls staðar mjög gott orð af þeim í geiranum,“ segir Hrannar Pétursson, framkvæmdastjóri samskiptasviðs Vodafone en stór hluti símkerfis fyrirtækisins er frá Huawei.

Lív Bergþórsdóttir, framkvæmdastjóri Nova, segist hafa séð fréttir um málið en hefur þó ekki áhyggjur af því að verið sé að fylgjast með Íslendingum. „Allur okkar búnaður er frá þessu fyrirtæki og við höfum átt mjög gott samstarf við þá. Það sem mann grunar er að það liggi viðskiptahagsmunir til grundvallar þessum ákvörðunum.“

Eins og áður sagði hafa leyniþjónustur á Vesturlöndum lýst yfir áhyggjum af umsvifum Huawei og meintum tengslum þess við tölvuárásir og njósnir sem rekja má til Kína. Þá hefur bandarísk þingnefnd haft málið til rannsóknar.

> Við erum að vinna að því að koma upp netöryggissveit sem hefði það meðal annars að markmiði að efla varnir gegn netárásum.
>
> HRAFNKELL V. GÍSLASON
> FORSTJÓRI PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUNAR

Huawei er einn stærsti framleiðandi heims á skiptibúnaði fyrir síma og á í samstarfi við flest stærstu símafyrirtæki heims. Fyrirtækið hefur byggt upp síma- og internetkerfi í fjölmörgum löndum svo sem í Bretlandi og víðast hvar í Asíu. Stofnandi fyrirtækisins starfaði í kínverska hernum áður en hann stofnaði fyrirtækið. Það neitar þó öllum tengslum við herinn og kínversk stjórnvöld.

Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar, segir stofnunina ekki hafa fengið neinar ábendingar sem varða njósnir erlendra aðila í gegnum símkerfi á Íslandi. Almennt séð hafi stofnunin þó áhyggjur af samskipta- og netöryggi hér á landi. „Við erum að vinna að því að koma upp netöryggissveit sem hefði það meðal annars að markmiði að efla varnir gegn netárásum. Þar með talið innbrotum inn í upplýsinga- og farskiptakerfi,“ segir Hrafnkell. **- mþl**




**FLOTTAR MOTTUR** Árvekni- og fjáröflunarátakinu Mottumars lýkur í dag. Í gær var haldin mottukeppni á Boston til heiðurs Tom Selleck sem skartað hefur vígalegri mottu um árabil. Meðal keppenda voru Úlfur Kristjánsson, Valdimar Garðarsson og Guðmundur Halldórsson sem fetuðu í fótspor bandaríska leikarans.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Jóhanna Guðrún í Noregi:

# Kemur Kongsvinger á kortið

**TÓNLIST Söngkonan Jóhanna Guðrún Jónsdóttir er búin að koma sér vel fyrir í bænum Kongsvinger í Noregi og tekur þar þátt ásamt kærasta sínum í hálfs árs prufuverkefni, sem miðar að því að koma bænum á kortið.**



JÓHANNA GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR

**„Þetta er búið að vera æðislegt. Það eru allir búnir að vera ofsalega yndislegir,“ segir Jóhanna Guðrún. Hún segir að flutningur þeirra til bæjarins hafi komið óvænt upp. „Ég var ekki alveg að kveikja fyrst því ég vissi ekki hvaða bær þetta var en um leið og við komum hingað fannst mér ég vera komin heim.“**

**Dag Arnesen, sem sannfærði þau um að flytja til Kongsvinger, er mjög ánægður með þátttöku Jóhönnu og Davíðs í verkefninu.**

**- fb / sjá síðu 50**

Íslendingur var einn með allar tölurnar í Víkingalottóinu í gærkvöldi:

# 300 þúsundfaldaði peninginn

**HAPPDRÆTTI** „Við hljótum að vera uppáhald Seðlabankans, við dælum evrum inn í landið,“ segir Stefán Konráðsson, framkvæmdastjóri Íslenskrar getspár.

Heppinn Íslendingur var einn með allar tölurnar réttar í Víkingalottóinu í gær og fær 107,5 milljónir íslenskra króna í vasann. Þetta er hæsti lottóvinningur sem greiddur hefur verið út hér á landi.

> **107,5** milljónir fær Íslendingurinn heppni í sinn hlut..

Það er óhætt að segja að vinningshafinn hafi ávaxtað pund sitt vel því hann keypti fimm raðir á 350 krónur og 300 þúsundfaldaði peninginn.

Vinningsmiðinn var keyptur í Olís við Glerárgötu á Akureyri. Starfsmaður í versluninni hafði ekki heyrt fregnirnar þegar Fréttablaðið hafði samband við hann í gærkvöld. Hann hafði aðeins eitt um málið að segja: „Snilldin ein.“

Að sögn Stefáns verður vinningurinn greiddur út eftir fjórar vikur og fær vinningshafinn ráðgjöf um hvernig sé best að nýta milljónirnar. **- kh, sv**










**SPURNING DAGSINS**



*Ragnar, hlakka menn til mánaðamóta?*

„Menn ættu að ekki að raka sig strax því það á enn eftir að snjóa á mottuna.“

Mottumars lýkur um næstu helgi þegar apríl gengur í garð. Ragnar Páll Steinsson skipulagði Tom Selleck-mottukeppni á skemmtistaðnum Boston í gærkvöldi.

Steingrímur J. Sigfússon ræddi efnahagsmál við ráðamenn í Kanada:

# Horft til bankakerfis Kanada

**EFNAHAGSMÁL** Steingrímur J. Sigfússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, vill efla stjórnmálaleg og viðskiptaleg tengsl Íslands og Kanada. Hann er nú staddur í Kanada til að ræða efnahagsmál við þarlenda ráðamenn og fundaði meðal annars með seðlabankastjóra og fjármálaráðherra Kanada í gær. Hann sagði fundina hafa verið afar gagnlega og telur ljóst að það sé áhugavert fyrir Ísland að byggja upp aukin tengsl við Kanada og horfa til þess fjármálakerfis sem þar er við lýði þegar tekin verður ákvörðun um framtíðarskipan íslenska kerfisins. „Það er óumdeilt að Kanada sigldi tiltölulega lygnan sjó í gegnum fjármálakreppuna og þeirra bankakerfi komst vel frá henni. Þeir hafa rekið íhaldsamt bankakerfi með ströngum reglum og stífu eftirliti og það hefur skilað sér. Þeirra bankar voru minna áhættusæknir og þar af leiðandi traustari. Það var því mjög áhugavert að skoða þeirra regluverk.“



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Mikil umræða hefur verið um mögulega upptöku Kanadadollars hérlendis. Steingrímur segir það alls ekki hafa verið dagskrárefni þeirra funda sem hann átti með kanadískum ráðamönnum. Umræðuna hafi þó borið á góma. „En stjórnvöld beggja landa vita hvernig staðan er. Þetta var því ekki rætt í neinni alvöru og þetta var alls ekki dagskrárefni. Við förum þó yfir hvernig mál standa hjá okkur, til dæmis varðandi afnám gjaldeyrishafta. Þeir fylgjast vel með því.“ -þsj

Vill fækkun stöðugilda:

## Færri börn á leikskólum

**MENNTUN** Börn á leikskólum í Ísafjarðarbæ eru sautján prósentum færri nú en árið 2002. Þeim fækkaði úr 271 í 225 á tímabilinu.

Þetta kemur fram í skýrslu Haraldar L. Haraldssonar hagfræðings um rekstur Ísafjarðarbæjar, sem sagt er frá á vefnum bb.is. Lagt er til að stöðugildum í leikskólum bæjarfélagsins verði fækkað í samræmi við fækkun barnanna. Börnum hefur fækkað í öllum leikskólum nema Tjarnabæ á Suðureyri, en þar hefur fjölgað um tuttugu börn. - þeb

Leiðtogakjör í Kadima:

## Mofaz vann sigur á Livni

**ÍSRAEL, AP** Shaul Mofaz, fyrrverandi yfirmaður ísraelska hersins, vann sigur í leiðtogakjöri ísraelska Kadima-flokksins. Hann fékk 62 prósent atkvæða en Tzipi Livni, fráfarandi leiðtogi flokksins og fyrrverandi utanríkisráðherra, fékk 37 prósent.



SHAUL MOFAZ

Mofaz er þekktastur fyrir harða stefnu sína gagnvart uppreisn Palestínumanna á fyrstu árum aldarinnar. Á seinni árum hefur hann þó sýnt stöðu Palestínumanna meiri skilning.

Það var Ariel Sharon, þáverandi forsætisráðherra, sem stofnaði Kadimaflokkinn árið 2005, skömmu áður en hann fékk heilablóðfall og féll í dá, sem hann hefur enn ekki vaknað úr. - gb

Íbúar kjósa um 180 verkefni:

## Kosning hófst klukkan 00.01

**REYKJAVÍK Rafrænar íbúakosningar í Reykjavík hófust klukkan eina mínútu yfir miðnætti í nótt. Kosið verður um 180 verkefni innan borgarmarkanna sem eru talin fegra eða bæta hverfin að mati Reykjavíkurborgar. Kostnaður við hvert og eitt verkefni er mismunandi, en dæmi eru um að sum kosti allt að tíu milljónir króna.**

**Borgin leggur 300 milljónir króna í verkefnin. Þau sem fá mest fylgi í íbúakosningunum verða þau sem ráðist verður í framkvæmdir við í sumar.**

**Opið verður fyrir móttöku atkvæða fram yfir miðnætti þriðjudaginn 3. apríl, inni á slóðinni www.betrireykjavik.is.** - sv

# Ferðamannastaðir sumir við þolmörk

**Upplifun ferðamanna skerðist ef þeir eru of margir á einum stað. Síðustu 30 ár hefur ferðamönnum að jafnaði fjölgað um 7,4 prósent á ári. Þeir voru 72 þúsund árið 1981, en voru 566 þúsund í fyrra. Formaður SAF hvetur til aðgæslu.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Ójöfn dreifing ferðamanna veldur miklu álagi á umhverfi auk þess sem upplifun ferðamanna skerðist ef þeir eru of margir. Þetta er meðal þess sem kom fram í máli Önnu Dóru Sæþórsdóttur, dósents í ferðamálafræði við Háskóla Íslands, á aðalfundi Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) í síðustu viku.

Anna Dóra bendir á að rúmlega helmingur erlendra ferðamanna sæki landið heim á sumrin og flestir heimsæki sömu staðina, þar á meðal Þingvelli, Gullfoss, Geysi og Mývatnssveit. Hún vísar til nýlegra kannana sem sýni að 40 prósentum ferðamanna við Hrafntinnusker þyki óþægilega mikið af ferðafólki á svæðinu og sama eigi við um 30 prósent þeirra sem heimsæki Landmannalaugar.

Anna Dóra segir ljóst að ákveðnir staðir á suðurhálendinu séu orðnir mjög ásettir vegna fjölbreyttrar nýtingar, og fram undan sé samkeppni um hálendið sem auðlind.

Samkvæmt upplýsingum frá SAF hefur erlendum ferðamönnum á Íslandi fjölgað að meðaltali um 7,4 prósent síðustu 30 árin, frá um 72 þúsundum árið 1981 í um 566 þúsund í fyrra sem er fjölgun um 686 prósent.

Árni Gunnarsson, formaður SAF, lýsti í ræðu sinni á fundinum einnig áhyggjum af þróuninni. Hann velti upp spurningunni um hvort gullkálfur núverandi velgengni í ferðaiðnaði ætti sér raunverulega framtíð. „Hvort kálfurinn verði að afurðamikilli mjólkurkú til frambúðar eða hvort hann breytist í geldkú vegna vanrækslu í búskapnum? Erum við að ganga nærri þeim gæðum sem við byggjum greinina á og er öruggt að stórbrotin náttúra landsins sem laðar að sér allan þennan mikla fjölda ferðamanna þoli enn meira álag á komandi árum án þess að láta á sjá?“ spurðu hann gesti fundarins.



**HORFT NIÐUR Í ALMANNAGJÁ** Kannanir sýna að á vinsælum ferðamannastöðum telji hluti ferðamanna að fjöldi ferðamanna á staðnum rýri upplifun þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Árni sagði ljóst að dreifa þyrfti komum erlendra ferðamanna jafnar yfir árið og tryggja að þjónusta við þá uppfylli væntingar.

Í þriðja lagi sagði Árni að stjórnvöld þyrftu að skapa geiranum ásættanlegt starfsumhverfi. Hann gagnrýndi bæði skattheimtu af eldsneyti og fjármögnun Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða. „Það virðist alveg gleymast að með auknum fjölda ferðamanna aukast tekjur ríkisins án breytinga á skattkerfinu,“ sagði hann og benti á að beinar skattatekjur ríkisins af aukningu í komum erlendra ferðamanna til landsins í fyrra nemi um tveimur milljörðum króna. Og þá væru ótaldar óbeinar tekjur ríkisins.

olikr@frettabladid.is

**686%** fjölgun hefur orðið á ferðamönnum hér á landi frá árinu 1981 til 2011.



**FLYKKI** Fallbyssuskotið var ansi stórt. Hér sést það við hlið hefðbundins farsíma. MYND/LANDHELGISGÆSLAN

Hættulegur hlutur í dánarbúi:

## Gæslan eyddi fallbyssuskoti

**LANDHELGISGÆSLAN Sprengjusveit Landhelgisgæslunnar eyddi nýverið skothylki sem lögreglan hafði fengið í sína vörslu úr dánarbúi.**

**Lögreglan óskaði aðstoðar sprengjusveitarinnar og við skoðun kom í ljós að um var að ræða 57 millimetra fallbyssuskot.**

**Í tilkynningu frá Landhelgisgæslunni segir að mjög hættulegt geti verið að meðhöndla hluti sem þessa og er brýnt fyrir fólki að hreyfa aldrei við torkennilegum hlutum heldur skrá hjá sér staðsetninguna og hafa samband við yfirvöld.** - sh

Einelti og ofbeldi í skóla:

## Milljóna króna krafist í bætur

**SVÍÞJÓÐ** Umboðsmaður barna og nemenda hjá skólaeftirlitinu í Svíþjóð hefur krafið ríkisrekinn heimavistarskóla um 178.400 sænskar krónur í bætur eða rúmar 3,3 milljónir íslenskra króna vegna eineltis og ofbeldis sem nemandi við skólann varð fyrir af hálfu annarra nemenda.

Það er mat umboðsmannins að skólayfirvöld hafi vitað að nemandinn var niðurlægður en ekki gert nóg til að koma í veg fyrir það.

Samkvæmt könnun í skólanum í janúar síðastliðnum kváðust þónokkrir nemendur hafa orðið fyrir einelti, flestir á heimavistinni. -ibs


Fyrnist 31. maí 2012. Gildir til 30/4 eða meðan birgðir endast.




Lækkaðu lyfjakostnaðinn

SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 533 6100
LYFJAVER.IS

Opið mán-fös 8.30-18 og lau 10-14

LYFJAVER
APÓTEK + LYFJASKÖMMTUN


Sjávarútvegsráðherra fjarverandi umræðu um kvótamál:

# Kvótamál til umræðu á Alþingi

**ALÞINGI** Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, mælti fyrir lögum um breytingar á stjórn fiskveiða á Alþingi í gær, í fjarveru Steingríms J. Sigfússonar, ráðherra sjávarútvegsmála. Steingrímur er staddur í Kanada.

Umræðan fór ekki þrautalaust af stað, en stjórnarandstæðingar voru margir hverjir mjög ósáttir við fjarveru Steingríms. Sögðu þeir það fáheyrt að ræða jafn viðamikið mál í fjarveru fagráðherrans sem bæri ábyrgð á því. Eftir nokkurt karp um málið hófst umræðan.

Katrín sló á létta strengi í máli sínu, í ljósi fyrrgreindrar umræðu. „Frú forseti. Eins og fram hefur komið mun ég mæla hér fyrir frumvarpi á þingskjali númer 1052, það er gaman að segja frá því.“ Katrín fór yfir aðalatriði frumvarpsins, en Fréttablaðið hefur greint frá innihaldi þess undanfarna daga.



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR



BJARNI BENEDIKTSSON

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, vakti athygli á því að umsagnaraðilar hefðu lýst yfir gríðarlegum efasemdum um frumvarpið áður en það var lagt fram. Hann nefndi til sögunnar Daða Má Kristófersson og Þórodd Bjarnason, sem efuðust um að byggðaaðgerðir þess næðu tilætluðum árangri. Hann spurði ráðherra hvort ekki hefði verið tilefni til að bregðast við þeim athugasemdum áður en frumvarpið var lagt fram.

Katrín sagði eðlilegt að rætt yrði um byggðarástafanir frumvarpsins, enda væru þær með öðrum hætti en hingað til hefði tíðkast. Gert væri ráð fyrir að byggðakvótinn yrði minnkaður og honum vísað í leigupottinn. Ráðherra hefði síðan heimild til að vísa um helmingi þess potts í leigu á svæði sem illa stæðu. Hún sagði ekki eitt ráð hafa ríkt ánægju með byggðaaðgerðir í sjávarútvegi og því væri tilefni til að leita annarra leiða.

Umræða um kvótamálið hélt áfram á fundi Alþingis sem hófst klukkan 20 í gærkvöldi og stóð enn þegar blaðið fór í prentun. - kóp

Audi
Vorsprung durch Technik

# Ómótstæðilegur



## Audi A1

Audi A1 er einstaklega umhverfismildur og sparneytinn bíll. Hann er með sjálfvirkum búnaði sem drepur á vélinni þegar stöðvað er og ræsir hana aftur þegar aka skal af stað. Einnig fá allar útfærslur sem HEKLA býður af Audi A1 frítt í stæði í 90 mínútur í Reykjavík. Svo er hann ríkulega búinn staðalbúnaði og glæsilega hannaður. Aðeins eitt orð fær lýst Audi A1, ómótstæðilegur!

Staðalbúnaður er meðal annars: 15" álfelgur, þokuljós í framstuðara, hiti í framsætum, armpúði milli framsæta, Concert hljómtæki með geislaspilara, SD kortalesara fyrir tónlist, AUX tengi fyrir iPod, 6,5" litaskjár í mælaborði, ESP stöðugleikastýring, vindskeið á afturhlera o.fl.

Audi A1 kostar aðeins frá:

**3.070.000 kr.**

**Reynslan er góð!**

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

HEKLA

## GENGIÐ 28.03.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,36 | 126,96 |
| Sterlingspund | 201,20 | 202,18 |
| Evra | 168,60 | 169,54 |
| Dönsk króna | 22,671 | 22,803 |
| Norsk króna | 22,165 | 22,295 |
| Sænsk króna | 18,981 | 19,093 |
| Japanskt jen | 1,5214 | 1,5302 |
| SDR | 195,38 | 196,54 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

230,6463

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Þrjár hundategundir tóku þátt í Íslandsmeistaramóti Sleðahundaklúbbsins:

# Sleðahundasport vaxandi grein

**ÍÞRÓTTIR** Fjöldi fólks og hunda tók þátt í Íslandsmeistaramóti Sleðahundaklúbbs Íslands á Mývatni um síðustu helgi. Veðrið lék við keppendur, sem voru 28 talsins, og keppt var í 21 grein. Er þetta í annað sinn sem keppnin er haldin á vegum Sleðahundaklúbbs Íslands.

Klúbburinn er félagsskapur áhugafólks um sleðahunda með 55 virka þátttakendur. Alls eru 125 félagsmenn á skrá, að sögn Önnu Marínar Kristjánsdóttur, formanns klúbbsins.

„Þetta verður árlegur viðburður hjá okkur, þetta gengur svo vel," segir Anna, og bætir við að mikil breyting hafi orðið til hins betra síðan síðasta mót var haldið, í mars árið 2010.

„Þá vissum við lítið hvað við vorum að gera, en þróunin hefur verið ör síðan þá. Nú vorum við öll á sama stað."

Þrjár tegundir hunda tóku þátt í mótinu í ár; siberian husky, grænlenskir sleðahundar og labrador.

Meðal sigurvegara voru Sigurður B. Baldvinsson í flokki fullorðinna og Iðunn Pálsdóttir í barnaflokki. - sv



**FYRSTU KEPPENDUR KOMA Í MARK** Alls tóku 28 manns þátt í keppninni sem var haldin í annað sinn í ár. MYND/SIGURÐUR MAGNÚSSON

Ný rannsókn um aspirín:

## Gæti unnið gegn krabbameini

**HEILSA** Dagleg inntaka af aspiríni getur komið í veg fyrir myndun krabbameins og getur jafnvel hjálpað til við krabbameinsmeðferð. Læknablaðið The Lancet greinir frá þessu í þremur nýjum rannsóknum.

Einnig eru vísbendingar um að lyfið geti heft útbreiðslu ákveðinna tegunda krabbameins.

Prófessor við Oxford-háskóla segir hins vegar að ekki liggi nægar sannanir fyrir þessu að svo stöddu.




**FARSÍMI** Flestir símar geta tengst netinu og þannig geta farsímanotendur notað forrit á borð við Skype og Viber. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Farsímafyrirtæki í Svíþjóð:

## Vilja banna Skype í símum

**SVÍÞJÓÐ** Stjórnendur símafyrirtækja í Svíþjóð vilja koma í veg fyrir að farsímanotendur geti notað Skype og Viber, forrit sem gera fólki kleift að hringja frítt í gegnum internetið.

Talskona Telia í Svíþjóð segir að tæknin sé fyrir hendi til að loka á ókeypis símtölin. Frá þessu er sagt í sænska ríkisútvarpinu. Fyrirtæki í fleiri Evrópulöndum eru sögð íhuga þennan möguleika. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gæti þó stöðvað þessar fyrirætlanir, en þar er verið að íhuga bann við hömlum af þessu tagi. Fyrirtæki megi ekki skipta sér af netnotkun með þessum hætti. - þeb

# Ættleiðingar erlendis frá gætu hætt á árinu

**Íslensk ættleiðing gæti þurft að hætta að taka við nýjum umsóknum á árinu náist ekki samningar við innanríkisráðuneytið. Fara fram á fimmfalt fjárframlag frá ríkinu. Meira en 600 börn hafa komið hingað til lands í gegn um ÍÆ.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Ættleiðingar barna erlendis frá eru í uppnámi ef ekki næst að semja við ríkið um hærri fjárframlög. Þetta segir formaður Íslenskrar ættleiðingar (ÍÆ), Hörður Svavarsson. Komið getur til þess síðar á árinu að félagið þurfi að hætta að taka við nýjum umsóknum frá verðandi foreldrum.

„Ef við fáum ekki hærri fjárframlög er þessum kafla í Íslandssögunni lokið," segir Hörður. „Þjónusta til félagsmanna verður skorin niður og ættleiðingarsambönd við erlend ríki sett í hættu."

Til stóð að halda aðalfund hjá ÍÆ í gær, en honum var frestað vegna ríkjandi óvissu um framtíð félagsins vegna uppnáms við þjónustusamninga ríkisins og viðvarandi fjármagnsskorts. Því var ákveðið að halda almennan félagsfund í staðinn þar sem greint yrði frá stöðunni.

„Ríkið leggur félaginu á hendur töluvert miklar skyldur og það kostar mikla peninga að standa undir þeim," segir Hörður. Félagið hefur verið í samstarfi við ráðuneytið í þrjú ár, en nú segir hann stöðuna orðna mjög alvarlega og því hafi verið tekin sú ákvörðun að gera félagsmönnum grein fyrir henni á fundi gærkvöldsins.

Að sögn Harðar hefur stjórnin átt í viðræðum við Ögmund Jónasson innanríkisráðherra í töluverðan tíma til að reyna að bæta fjárhagsgrundvöll félagsins, en hlutverk þess er meðal annars skýrt í hinum ýmsu lögum og reglugerðum er varða ættleiðingu. Farið hefur verið fram á það við ráðuneytið að fimmfalda fjárframlög til málaflokksins í ár, bæði til stjórnsýslunnar og félagsins, en framlögin voru engu að síður skorin niður síðan í fyrra. Að sögn Harðar er enginn ágreiningur við ráðuneytið um verkefnin sem ÍÆ á að sinna eða kostnað við vinnslu þeirra.

Innanríkisráðherra tók málefni ættleiðingafélagsins fyrir fund ríkisstjórnarinnar þann 9. mars síðastliðinn. Þó hefur ekkert heyrst frá ráðuneytinu síðan þá. Ekki náðist í Ögmund í gærkvöld, en hann er staddur erlendis.

sunna@frettabladid.is



**FLEST FRÁ KÍNA Á UNDANFÖRNUM ÁRUM** Á undanförnum árum hafa flest börn komið hingað til lands frá Kína, en alls hafa fleiri en 600 börn flust til Íslands frá fjórum löndum í gegn um Íslenska ættleiðingu. NORDICPHOTOS/GETTY

### Meira en 600 börn til Íslands á 34 árum

Meira en 600 börn hafa flust hingað til lands á þeim 34 árum sem Íslensk ættleiðing hefur verið starfandi. Flest hafa þau komið frá Kína og Indlandi, en einnig frá Kólumbíu og Tékklandi.

> Ef við fáum ekki hærri fjárframlög er þessum kafla í íslandssögunni lokið.
>
> **HÖRÐUR SVAVARSSON,** FORMAÐUR ÍSLENSKRAR ÆTTLEIÐINGAR

Ásmundur vill svör um RÚV:

## Spyr um tengsl RÚV og ESB

**ALÞINGI Ásmundur Einar Daðason, þingmaður Framsóknarflokks, vill fá að vita hvort starfsmenn RÚV hafi þegið kynnisferðir kostaðar af Evrópusambandinu eða stofnunum þess, þar á meðal Evrópustofu. Einnig vill þingmaðurinn vita hvort RÚV hafi tekið við fjármunum frá ESB í þeim tilgangi að kynna starfsemi þess. Þetta er meðal þess sem kom fram í fyrirspurn Ásmundar til Katrínar Jakobsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, á þriðjudag.**

**Þá kom einnig fram í fyrirspurn þingmannsins hvort stjórn RÚV, útvarpsstjóri, dagskrárstjóri og fréttastjóri hefðu mótað reglur um samskipti RÚV við ESB vegna aðildarviðræðna Íslands.** - sv

Úttektir á OR og borginni:

## Tugmilljónir í kerfisúttektir

**REYKJAVÍKURBORG** Stjórnsýsluúttektir á stjórnkerfi borgarinnar og Orkuveitu Reykjavíkur munu kosta borgina samtals 58,1 milljón króna fram á árið 2013 samkvæmt áætlun sem borgarráð hefur samþykkt.

Á þessu ári er áætlað að 21,6 milljónir króna fari til úttektarnefndar á stjórnkerfi borgarinnar og 10 milljónir á næsta ári. Nefndin var skipuð á síðasta ári í tilefni hrunsins og skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Úttekt á OR sem hófst í fyrra á síðan að kosta samtals 26,5 milljónir. - gar

### VESTFIRÐIR

**Hafís færist frá landi**

Hafís sem verið hefur á Vestfjarðamiðum undanfarið færist nú frá landinu. Fyrir viku var ísbrúnin 50 sjómílur frá Straumnesi en hún er nú komin í 90 sjómílna fjarlægð.

### HALDIÐ TIL HAGA

Í frétt í blaðinu í gær af umferðarmálum á Miklubraut var missagt í undirfyrirsögn að tillaga Hverfisráðs Hlíða fæli í sér að aksturstefna á ystu akreinum yrði breytileg. Hið rétta er að hverfisráðið leggur til að aksturstefnan verði breytileg á innri akreinunum tveimur.




BRJÓSTGÆÐI

Nýjungar í gervibrjóstum, brjóstahöldurum og sundbolum

HJÁLPARTÆKJASALUR STOÐAR TRÖNUHRAUNI 8

29. MARS

Kl. 16-18

Lene Heiberg Aalberg, söluráðgjafi frá Amoena, og Gíslný Bára Þórðardóttir þroskaþjálfi.

amoena

## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**FÍNT VEÐUR** Það verður ágætt veður áfram á landinu næstu daga. Styttir víðast upp vestan til í mildu veðri í dag en kólnar á morgun einkum norðaustanlands. Hægur vindur á morgun og víðast úrkomulítið.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 20° |
| Basel | 16° |
| Berlín | 11° |
| Billund | 11° |
| Frankfurt | 16° |
| Friedrichshafen | 17° |
| Gautaborg | 11° |
| Kaupmannahöfn | 11° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 17° |
| Mallorca | 15° |
| New York | 14° |
| Orlando | 29° |
| Ósló | 12° |
| París | 20° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 8° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is

# PÁSKAPLAN BÍLALANDS

**100.000 kr.**

**ELDSNEYTISKORT**

**fylgir öllum seldum bílum í eigu Bílalands!**




VIÐ ERUM Í PÁSKAGÍRNUM OG ÆTLUM AÐ TÆMA PLANIÐ!
KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP Á NOTUÐUM BÍL Í DAG.

Hér sjáum við aðeins brot af þeim bílum sem við erum með á páskatilboði. Endilega kynntu þér tilboðsbílana á **www.bilaland.is**




**BÍLALAND**
EIN STÆRSTA BÍLASALA LANDSINS



**OPEL Zafira Enjoy cdti**
Árgerð 2006, ekinn 35 þús.
Dísil, sjálfskiptur
**Verð 2.690 þús. kr.**
**OKKAR VERÐ 2.190 þús. kr.**
bílaland

**BÍLALAND**
EIN STÆRSTA BÍLASALA LANDSINS



**CHRYSLER Pt Cruiser limited**
Árgerð 2006, ekinn 46 þús.
Bensín, sjálfskiptur
**Verð 2.480 þús. kr.**
**OKKAR VERÐ 1.880 þús. kr.**
bílaland

**BÍLALAND**
EIN STÆRSTA BÍLASALA LANDSINS



**RENAULT Clio Comfort**
Árgerð 2008, ekinn 61 þús.
Bensín, sjálfskiptur
**Verð 1.790 þús kr.**
**OKKAR VERÐ 1.350 þús. kr.**
bílaland

**BÍLALAND**
EIN STÆRSTA BÍLASALA LANDSINS



**TOYOTA Rav4 2WD**
Árgerð 2002, ekinn 167 þús.
Bensín, beinskiptur
**Verð 950 þús. kr.**
**OKKAR VERÐ 690 þús. kr.**
bílaland

**BÍLALAND**
EIN STÆRSTA BÍLASALA LANDSINS



**HYUNDAI Santa Fe 4x4 dísil**
Árgerð 2005, ekinn 138 þús.
Dísil, sjálfskiptur
**Verð 2.090 þús. kr.**
**OKKAR VERÐ 1.550 þús. kr.**
bílaland

**BÍLALAND**
EIN STÆRSTA BÍLASALA LANDSINS



**RENAULT Lagune Berline**
Árgerð 2006, ekinn 38 þús.
Bensín, sjálfskiptur
**Verð 1.990 þús. kr.**
**OKKAR VERÐ 1.390 þús. kr.**
bílaland

**BÍLALAND**
EIN STÆRSTA BÍLASALA LANDSINS



**RENAULT Laguna Break**
Árgerð 2005, ekinn 64 þús.
Bensín, sjálfskiptur
**Verð 1.690 þús. kr.**
**OKKAR VERÐ 1.190 þús. kr.**
bílaland

**BÍLALAND**
EIN STÆRSTA BÍLASALA LANDSINS



**SUBARU Impreza Wagon**
Árgerð 2007, ekinn 83 þús.
Bensín, sjálfskiptur
**Verð 2.080 þús. kr.**
**OKKAR VERÐ 1.680 þús. kr.**
bílaland

**BÍLALAND**
EIN STÆRSTA BÍLASALA LANDSINS



**NISSAN Note Tekna**
Árgerð 2006, ekinn 47 þús.
Bensín, sjálfskiptur
**Verð 1.690 þús. kr.**
**OKKAR VERÐ 1.290 þús. kr.**
bílaland

**BÍLALAND**
EIN STÆRSTA BÍLASALA LANDSINS



**TOYOTA Corolla**
Árgerð 2009, ekinn 25 þús.
Bensín, sjálfskiptur
**Verð: 3.190 þús. kr.**
**OKKAR VERÐ 2.490 þús. kr.**
bílaland

ENNEMM / SIA / NM51520

**bílaland**

**Breiðhöfða og Klettháls 11 - 525 8000 - www.bilaland.is**
**Afgreiðslutími:** Mánudaga kl. 10.00 til 18.00 – Þriðjudaga til föstudaga kl. 9.00 til 18.00 – Laugardaga kl. 12.00 til 16.00

**KJÖRKASSINN**



*Líst þér vel á frumvarp ríkisstjórnarinnar um breytingar á stjórn fiskveiða?*

| | |
|---|---|
| Já | 45,1% |
| NEI | 54,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Spilar þú í happdrættum?*

Segðu þína skoðun á Vísi.is

vísir

Hálfþrítugur starfsmaður Rauða krossins dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir kynferðisbrot:

# Braut gegn tveimur unglingsstúlkum

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Vesturlands hefur dæmt hálfþrítugan mann í tveggja ára fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn tveimur stúlkum, þrettán og fjórtán ára gömlum.

Brotin framdi maðurinn þegar hann var leiðbeinandi í ungmennastarfi á vegum Rauða krossins í fyrra og starfsmaður grunnskóla.

Maðurinn er fundinn sekur um að hafa brotið gegn annarri stúlkunni með því að leita eftir kynferðislegu samneyti við hana og kyssa hana á munninn og í annað skipti strjúka henni innanklæða og láta hana fróa sér.

Hina stúlkuna áreitti hann kynferðislega, kyssti hana, strauk brjóst og kynfæri hennar innanklæða og reyndi að fá hana til að stunda með sér kynmök. Hann átti í miklum og nánum samskiptum í gegnum síma og tölvu við báðar stúlkurnar.

Í dómnum segir að samskipti mannsins við stúlkurnar séu mjög óeðlileg í ljósi aldursmunar og stöðu hans gagnvart þeim. Hann er dæmdur til að greiða fyrrnefndu stúlkunni eina milljón í bætur og þeirri síðarnefndu 800 þúsund krónur.

Maðurinn er erlendur og hafði starfað fyrir Rauða krossinn í heimalandi sínu. Þá hafði hann unnið fyrir sér sem trúður hér á Íslandi. - sh

**Þjást af vanlíðan og þunglyndi**

Brot mannsins höfðu töluvert sálræn áhrif á stúlkurnar, samkvæmt mati sálfræðings Barnahúss. Önnur þeirra þjáist af vanlíðan á alvarlegu stigi, hún sé þunglynd og glími við sjálfsásökun, skömm og sektarkennd. Hún muni þurfa mikla sálfræðilega aðstoð um óákveðinn tíma og hjá henni megi greina vonleysi og sjálfsvígshugsanir.

Hin er sögð glíma að miklu leyti við sömu afleiðingar, finni fyrir streitu, forðist að vera ein og sofi ekki nóg. Þá hafi brotið komið niður á námsárangri hennar.






# Glitnir átti fimmtung í sjálfum sér árið 2007

**FME gerði ítrekaðar athugasemdir við skýrslur PWC um tengda aðila innan Glitnis. Slitastjórn telur bankann hafa átt rúman fimmtung í sjálfum sér í árslok 2007. Tap Glitnis vegna Baugs og FL Group samtals 86 milljarðar króna.**

**DÓMSMÁL** Fjármálaeftirlitið (FME) gerði ítrekað athugasemdir við skýrslur Glitnis um tengda aðila síðasta árið fyrir bankahrun. Slitastjórn bankans telur að lán til Baugs, FL Group og tengdra aðila hafi numið um 85% af eiginfjárgrunni Glitnis sem er rúmlega þrisvar sinnum meira en lög heimiluðu. Hún telur einnig að Glitnir hafi átt 21,43% af hlutabréfum í sjálfum sér í árslok 2007. Þetta er meðal þess sem kemur fram í stefnu slitastjórnarinnar á hendur PricewaterhouseCoopers (PWC) á Íslandi og í Bretlandi sem þingfest verður 12. apríl næstkomandi.

Samkvæmt henni kom það í ljós „eftir að skilanefnd og síðar slitastjórn stefnanda tóku til starfa og höfu að skoða stöðu bankans og rekstur hans árin fyrir fall hans [...] að stjórnun hans og endurskoðun hafi í veigamiklum atriðum verið stórlega ábótavant". Slitastjórn Glitnis vill að skaðabótaskylda PWC vegna þess tjóns sem bankinn hlaut af vanrækslu fyrirtækisins við endurskoðun hans á árunum 2007 til 2008 verði viðurkennd.

Í stefnunni, sem er 34 blaðsíður að lengd, eru sérstaklega tilgreind fimm atriði þar sem PWC á að hafa brotið gegn lög- og samningsbundnum skyldum sínum. Í fyrsta lagi hafi PWC ekki upplýst um að stjórnendur Glitnis hefðu veitt útlán til innbyrðis tengdra aðila langt umfram leyfileg áhættuhámörk, í öðru lagi leynt útlánaáhættu bankans til aðila sem töldust tengdir, í þriðja lagi veitt stórfelld útlán til fjárvana eignarhaldsfélaga, í fjórða lagi vanrækt afskriftarskyldu sína og í fimmta lagi vanrækt að upplýsa um þá gríðarlega miklu fjárhagslegu hagsmuni sem bankinn var með í eigin bréfum með þeim afleiðingum að eigið fé hans var verulega of hátt skráð.

Lögmaður Glitnis vitnar mikið til þess í stefnunni að FME hafi gert athugasemdir við PWC á árunum 2007 og 2008 vegna þess að ekki hafi verið gerð „fullnægjandi grein fyrir viðskiptum venslaðra aðila við bankann. Til þess flokks féllu félög sem Jón Ásgeir Jóhannesson stjórnaði". Er þar vísað til Baugs, FL Group og aðila þeim tengdum.

Í stefnunni segir einnig að viðvarandi útlánaáhætta umfram lögbundin mörk og nýjar lánveitingar til stærstu eigenda sinna hafi aukið „fjártjónshættu bankans sem síðan varð raunveruleg. Við gjaldþrot Baugs Group í mars 2009 tapaði bankinn u.þ.b. 36 milljörðum króna [...] FL Group gerði nauðasamninga við sína lánadrottna til að forða gjaldþroti félagsins og varð bankinn að gefa eftir kröfur sem námu ríflega 50 milljörðum króna [...] Verður a.m.k. hluti þess fjártjóns m.a. rakið til bótaskyldrar háttsemi stjórnar bankans og stefnda PWC".

Þá segir að Glitnir hafi í raun átt 2,8 milljarða hluta í sjálfum sér í árslok 2007, eða 21,43% af öllu hlutafé hans, þrátt fyrir að reikningar bankans hafi sýnt að eigin hlutir bankans hafi einungis verið 151 milljón talsins. Láðst hafi að telja með hlutabréf sem voru seld í lok árs 2007 með annað hvort einvörðungu veði í bréfunum sjálfum eða í framvirkum samningum með eigin bréfum. Því hafi „vantalin eigin bréf og áhætta bundin við eigin bréf [numið] tugum milljarða króna í árslok 2007". thordur@frettabladid.is



**STEFNA** Slitastjórn Glitnis vill að skaðabótaskylda PWC vegna brota á lög- og samningsbundnum skyldum fyrirtækisins við endurskoðun bankans á árunum 2007 og 2008 verði viðurkennd. Steinunn Guðbjartsdóttir og Páll Eiríksson sitja í slitastjórninni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**Heildaráhætta 85% af eiginfjárgrunni**

Heildaráhætta Glitnis vegna Baugs, FL Group og tengdra aðila er í stefnunni sögð hafa verið 192,3 milljarðar króna í árslok 2007 þegar búið er að taka tillit til hlutabréfaeignar bankans í FL Group og útlána til ótengdra aðila með veði í slíkum hlutabréfum. Þar segir að sú áhætta hafi verið „rúm 85% af eiginfjárgrunni bankans og u.þ.b. 22 milljörðum króna umfram bókfært eigið fé bankans í árslok 2007". Samkvæmt lögum mátti engin einstök áhættuskuldbinding vera meira en 25% af eiginfjárgrunni banka. Í ársreikningum Glitnis var því haldið fram að engin einstök áhættuskuldbinding væri yfir 20% af þeim grunni.


GLÆSILEGUR VEISLUSALUR!
Náttúruparadís í hjarta borgarinnar



Fundir og ráðstefnur
Veislusalurinn er vel tækjum búinn og er því tilvalinn fyrir hvers kyns ráðstefnur og fundi, stóra sem smáa. Í salnum er meðal annars hágæða hljóðkerfi, skjávarpi, flettitafla og púlt. Starfsfólk okkar veitir þér ráðgjöf varðandi veitingar og annað sem huga þarf að.

NAUTHÓLL

www.nautholl.is | www.facebook.com/nautholl | nautholl@nautholl.is | sími 599 6660



Tækifærisverð



SIEMENS
HB23AB220S
Bakstursofn
124.900 kr. stgr.
(fullt verð: 159.900 kr.)
Einnig fáanlegur í stáli.



ET645EN11
Keramíkhelluborð
99.900 kr. stgr.
(fullt verð: 119.900 kr.)

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

ATARNA


Staða margra kvenna í Afganistan hefur lítið skánað frá tímum talibanastjórnar:

# Konum refsað fyrir að flýja ofbeldi

**AFGANISTAN, AP** Um 400 konur sitja nú í fangelsi í Afganistan fyrir siðferðisbrot, sem einkum felast í því að hafa strokið að heiman, framið hjúskaparbrot eða jafnvel bara komið sér í aðstæður þar sem möguleiki er á að þeim verði nauðgað.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu frá mannréttindasamtökunum Human Rights Watch, þar sem greint er frá viðtölum við 58 konur. Allar hafa þær setið í fangelsi fyrir ofangreind atriði, þrátt fyrir að þau séu ekki refsiverð að afgönskum lögum.

Í lögunum er engu að síður heimild til þess að refsa fyrir brot gegn siðalögum íslamstrúar. Dómstólar hafa haldið áfram að kveða upp refsingar í samræmi við það, þrátt fyrir yfirlýsingar frá stjórnvöldum og hæstarétti landsins um að gæta eigi hófs í slíkum dómum.

Í yfirlýsingu hæstaréttar frá í fyrra segir til dæmis að þegar kona strýkur að heiman eigi að taka tillit til ástæðu stroksins, sem oftast er sú að hún hafði verið beitt ofbeldi af hálfu eiginmanns eða fjölskyldu hans.

Óttast er að Karzai forseti hafi lítinn áhuga á að fylgja þessu fast eftir, nú þegar hann vonast til að viðræður við talibana skili því að sættir takist við þá. - gb


Dior
DIORSHOW
NEW LOOK
MASKARINN SEM UPPFYLLIR ALLAR ÞÍNAR ÞARFIR, NÆRIR, LENGIR, SVEIGIR OG AÐSKILUR.
Maskarinn er með byltingarkenndan nano bursta sem grípur hvert hár og aðskilur þau og Lash Multiplier TM formúla sem nærir og eykur vöxt augnahára.
DIORSHOW
NEW LOOK
www.dior.com
20% AFSLÁTTUR AF NÝJA MASKARANUM FRÁ DIOR
dagana 29. mars - 4. apríl
Sérfræðingar frá Dior verða í Hagkaup Kringlunni, Smáralind, Garðabæ, Skeifunni, Holtagörðum og á Akureyri og veita ráðgjöf varðandi krem, förðun og litaval.
Gjöf fylgir kaupum á tveimur hlutum í Dior, þar af einum New Look maskara.*
* Gildir meðan birgðir endast
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**VEISTU SVARIÐ?**



**1** *Við hvern er hin árlega mottukeppni sem fram fer á Boston kennd?*

**2** *Hjá hvaða fyrirtæki var gerð húsleit á þriðjudag vegna gruns um brot á lögum um gjaldeyrismál?*

**3** *Hvers konar hatt setti Benedikt 16. páfi upp í Mexíkó í vikunni?*

**SVÖR:**

*1. Tom selleck 2. Samherja 3. Mexíkóhatt eða sombrero*

Agné Kataviciute dæmd í fangelsi fyrir að deyða nýfæddan son sinn:

# Tveggja ára dómur fyrir barnsdráp

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt Agné Krataviciute, 22 ára litháíska konu, í tveggja ára fangelsi fyrir að kyrkja nýfæddan son sinn til bana á baðherbergi á Hótel Fróni við Laugaveg í fyrrasumar.

Lögregla fann hvítvoðunginn í ruslagámi við hótelið, vafinn í plastpoka, eftir að konan hafði leitað sér ásjár á spítala vegna fósturláts. Hún kannaðist þó ekki við að hafa fætt barn og hélt sig við þann framburð allt málið á enda.

Dómurinn telur fullsannað að hún hafi fætt barnið og deytt það, en hins vegar er það álit sérfróðra fulltrúa í dómnum að hún „hafi verið sér alls ómeðvituð um þungunina og nær öruggt að fæðingin hafi komið henni í opna skjöldu“.

Fæðingin, sem hafi verið óundirbúin og án aðstoðar, hafi að öllum líkindum valdið „skelfingarviðbrögðum með tímabundnu minnisleysi eða hugrofi“.

Agné er þess vegna ekki sakfelld fyrir manndráp, heldur brot gegn 212. grein hegningarlaga, sem kveður meðal annars á um að ef ef móðir kemst í veiklað eða ruglað hugarástand við fæðingu og deyðir þess vegna barn sitt varði það fangelsi allt að 6 árum.

Agné er jafnframt dæmd til að greiða fyrrverandi sambýlismanni sínum og barnsföður 600 þúsund krónur í bætur. **- sh**



**NEITAÐI SÖK** Agné viðurkenndi aldrei að hún hefði fætt barn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


LS

**Verðtryggð skuldabréf Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. LSS150224**

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. kt. 580407-1100, hefur birt útgefandalýsingu og grunnlýsingu dagsett 28. mars 2012 vegna töku skuldabréfa til viðskipta á NASDAQ OMX Iceland hf. Útgefandalýsinguna og grunnlýsinguna ásamt gögnum sem vitnað er til í þeim er hægt að nálgast hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf., Borgartúni 30, 105 Reykjavík og á vefsíðu Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. www.lanasjodur.is fram til okagjalddaga skuldabréfanna.

**Nafnverð útgáfu:** Heildarnafnverð skuldabréfanna sem óskað hefur verið að tekin verði til viðskipta 30. mars 2012 er 100.000.000 kr. heildarnafnverð flokksins eftir þá stækkun er þá 28.344.000.000 kr. Nafnverð hverrar eining-ar er 1 kr.

**Skilmálar bréfanna:** Skuldabréfin eru verðtryggð jafngreiðslubréf. Bréfin bera fasta 3,75% ársvexti sem greiddir eru hálfsárslega, 15. febrúar og 15. ágúst ár hvert, í fyrsta sinn 15. febrúar 2009 og í síðasta sinn 15. febrúar 2024. Auð-kenni flokksins á NASDAQ OMX Iceland hf. er LSS150224 og ISIN númer IS0000018869.

Reykjavík, 29. mars 2012.
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.


# Heilbrigðislöggjöf í höndum dómara

**Hæstiréttur Bandaríkjanna tekur sér nú umþóttunartíma fram í júní þegar úrskurður verður kveðinn upp um það hvort ársgömul heilbrigðislöggjöf Baracks Obama stenst stjórnarskrá Bandaríkjanna. Þriggja daga málflutningi er lokið.**

**BANDARÍKIN** Undanfarna þrjá daga hafa dómarar Hæstaréttar Bandaríkjanna hlýtt á málflutning um heilbrigðislöggjöfina sem Barack Obama forseti undirritaði fyrir rétt rúmu ári.

Andstæðingar frumvarpsins telja það brjóta í bága við stjórnarskrá Bandaríkjanna að skylda einstaklinga til að greiða fyrir heilbrigðistryggingu. Gætu stjórnvöld þá ekki alveg eins skyldað einstaklinga til að kaupa sér tíma í líkamsrækt? Nú eða til dæmis bifreiðar, ef því er að skipta.

Skyldutryggingin hefur á síðustu mánuðum komið til kasta fjögurra bandarískra dómstóla og nú síðast féllst Hæstiréttur á að skera úr um málið.

Af níu dómurum Hæstaréttar eru fimm skipaðir af forsetum Repúblikanaflokksins og líklegir til að telja lögin brjóta í bága við stjórnarskrána, en fjórir eru skipaðir af forsetum Demókrataflokksins og þykja líklegir til að fallast á skyldutrygginguna.

Ekki er þó víst að flokkslínur ráði. Þannig viðraði forseti hæstaréttar, John Roberts, sem George W. Bush skipaði dómara á sínum tíma, efasemdir um rök eins andstæðinga skyldutryggingar. Roberts sagði alla Bandaríkjamenn vera á þessum markaði með heilbrigðistryggingar: „Og það gerir hann mjög frábrugðinn markaði með bifreiðar eða önnur ímynduð dæmi sem þú tókst, og það eina sem reglurnar snúast um er hvernig greiðslur fara fram.“

Búist er við úrskurði dómstólsins í júní.

Almennar heilbrigðistryggingar hafa verið eitt helsta baráttumál Demókrataflokksins áratugum saman. Þær voru einnig eitt af helstu kosningamálum Obama fyrir forsetakosningarnar árið 2008.

Það þótti því mikill sigur fyrir Obama þegar málið var loks í höfn snemma á síðasta ári. Að sama skapi væri það mikið áfall, bæði fyrir Obama og Demókrataflokkinn, kæmist Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að skyldutryggingin stæðist ekki stjórnarskrána.

Með lögunum var 30 milljónum Bandaríkjamanna, sem fyrir voru án heilbrigðistryggingar, í fyrsta sinn veittur réttur til heilbrigðistrygginga, þannig að nú nær kerfið til nær allra íbúa landsins.

Umdeilt er hvaða þýðingu neikvæður úrskurður Hæstaréttar hefði fyrir lögin í heild. Einnig er óljóst hvaða áhrif það hefði á möguleika Baracks Obama í forsetakosningunum næsta haust.

**gudsteinn@frettabladid.is**





**FYRIR UTAN HÚS HÆSTARÉTTAR Í WASHINGTON** Stuðningsmenn og andstæðingar skyldutryggingar hafa vakið athygli á málstað sínum síðustu daga. NORDICPHOTOS/AFP






100.000 KR.
Á MÁNUÐI Í 15 ÁR!

Skemmtilegt að skafa!

HAPPA ÞRENNAN

PÁSKATILBOÐ

ÞETTA ER AÐEINS BROT AF ÞEIM VÖRUM SEM ERU Á PÁSKATILBOÐI



Ryð-frítt
109.900
FULLT VERÐ 139.900
17,6 kw/h

44.900
FULLT VERÐ 54.000
16,5 kw/h



Ryð-frítt
79.900
FULLT VERÐ 109.900

42.900
FULLT VERÐ 59.900



Ryð-frítt
64.900
FULLT VERÐ 95.000
16,5 kw/h

Grillbúðin
Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400

Opið laugardaga til kl.16

www.grillbudin.is

LANDMANN
Grill sem endast




Canon
Viðurkenndir söluaðilar um land allt

NÝHERJI
BETRI LAUSNIR

Nýherji hf. Sími 569 7700 Borgartúni 37 Akureyri netverslun.is

**FRÉTTASKÝRING:** Stjórnmálamenn velta fyrir sér framtíðarskipan lífeyrismála

# Segja tekjujöfnun verða auðveldari

**Ákveðin skilyrði þarf til þess að gegnumstreymiskerfi borgi sig betur en sjóðsöfnun lífeyrisréttinda. Áhugi stjórnmálamanna á lífeyrissjóðum er sagður ills viti. Skiptar skoðanir eru um ágæti kerfisbreytingar í lífeyriskerfi landsmanna.**

Hugmyndir sem settar hafa verið fram um breytingar á lífeyrissjóðakerfi landsins hafa hlotið dræmar undirtektir. Nú síðast sagði Helgi Magnússon, stjórnarformaður Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, í ræðu sinni á ársfundi sjóðsins í fyrradag að aukinn áhugi stjórnmálamanna á lífeyrissjóðunum væri ills viti. Vísaði hann þar einna helst til hugmynda um breytta skattlagningu lífeyrisgreiðslna og um þátttöku sjóðanna í fjármögnun stórverkefna.


LILJA MÓSESDÓTTIR

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra, Álfheiður Ingadóttir, varaformaður þingflokks Vinstri grænna, og Lilja Mósesdóttir, þingmaður utan flokka, hafa hins vegar fyrir skömmu öll talað fyrir róttækum breytingum á lífeyrissjóðakerfinu. Álfheiður viðraði hugmynd um að sameina kerfið í einn lífeyrissjóð, en Ögmundur og Lilja hafa rætt um að kerfið yrði fært frá því að vera sjóðsöfnunarkerfi yfir í svokallað gegnumstreymiskerfi.

Minna hefur hins vegar farið fyrir umræðu um vænleika þess að skipta yfir í gegnumstreymiskerfi. En þó er ekki úr vegi að rifja upp orð Más Guðmundssonar seðlabankastjóra frá því í október í fyrra, þegar hann hélt erindi um íslenska lífeyriskerfið á málþingi til heiðurs Hrafni Magnússyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra Landssambands lífeyrissjóða.

Í erindinu benti hann á að þótt sjóðirnir hafi orðið fyrir verulegu höggi við hrunið mætti ekki gleyma að hluti af því tapi hafi verið leiðrétting. „Eignaverðsbólan og samsvarandi ávöxtun lífeyrissjóða var að hluta til froða," sagði hann og kvað þá ávöxtun því að hluta til aldrei hafa verið raunverulega. „Við vissum alltaf að áfall af þessu tagi væri ein stærsta áhættan sem lífeyriskerfi byggt á sjóðsöfnun stóð frammi fyrir. Kerfið fékk vissulega á sig högg en það brotnaði ekki, og það er ekkert sem segir á þessum tímapunkti að litið fram á veginn verði raunávöxtun á fjármálamarkaði lægri en hagvöxtur, en það er skilyrði þess að gegnumstreymiskerfi borgi sig betur en sjóðsöfnunarkerfi."

Segja má að Lilja hafi hafið máls á breytingum á kerfinu í umfjöllun á vef sínum í byrjun síðasta mánaðar. Þar kvað hún núverandi kerfi sjóðsmyndunar fela í sér hættu á að eignir lífeyrissjóðanna rýrni og tapist, líkt og gerst hafi í bankahruninu. „Auk þess byggir sjóðsmyndunarkerfið á því að fólk öðlist réttindi í samræmi við iðgjaldagreiðslur. Lífeyrissjóðir viðhalda því launamuninum á vinnumarkaði," sagði hún og kvað áhættu gegnumstreymiskerfis fyrst og fremst felast í aldurssamsetningu þjóðarinnar og þróun raunlauna. „Ef raunlaun hækka ekki í samræmi við fjölgun lífeyrisþega á sama tíma og fjöldi skattgreiðenda stendur í stað, þá þarf að hækka skatta til að fjármagna kerfið. Tekjujöfnun í gegnum lágmarkslífeyri er mun auðveldara að ná fram í gegnum gegnumstreymiskerfið," sagði hún.

Lilja kvað blandað kerfi sjóðsmyndunar og gegnumstreymis henta mun betur, með því væri dregið úr áhættu, losna mætti við verðtrygginguna og auka jöfnuð. „Mikilvægt er að auka vægi almannatryggingakerfisins sem fyrst og nota það til að tryggja öllum lágmarkslífeyri. Lífeyrissjóðir eiga ekki að sjá um samtrygginguna – aðeins um ávöxtun viðbótarlífeyris," sagði hún.

Í grein sem Ögmundur Jónasson skrifaði í síðasta mánuði í Fréttablaðið sagði hann augljóst að lífeyrissjóðakerfið í núverandi mynd væri orðið of stórt fyrir íslenska hagkerfið. Taldi hann að blandan í „lífeyriskokteilnum" þyrfti að breytast hvað varðaði ráðstöfun iðgjalda og aðra fjármögnun á kerfinu. „Að mínu mati þarf að minnka hina markaðsvæddu sjóðsmyndun," sagði Ögmundur og taldi að falla ætti frá fyrri áformum um að draga markvisst úr vægi almannatrygginga í lífeyriskerfinu. „Almannatryggingar mætti fjármagna að hluta til með iðgjöldum sem rynnu til Almannatrygginga en einnig með skattfé," sagði hann í grein sinni, en áréttaði þó um leið að nýtt kerfi ætti ekki að byggja á afturvirkri skerðingu fyrri kerfa. Í þeim hafi fólk samið um ákveðin réttindi og fórnað á móti launahækkunum.


**Á ALÞINGI** Ögmundur Jónasson og Álfheiður Ingadóttir. Bæði hafa sett fram hugmyndir um breytta skipan lífeyrismála þjóðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Álfheiður Ingadóttir talaði hins vegar ekki fyrir því að hverfa frá sjóðsmyndunarkerfi, heldur taldi það hafa reynst vel og benti á að tap lífeyrissjóðanna í bankahruninu hafi ekki verið meira en svo en að þeir hafi náð sér vel á strik aftur eftir hrun. Í viðtali við Bítið á Bylgjunni um miðjan síðasta mánuð sagði hún mest um vert að samræma lífeyrisréttindi og gera þau sjálfbær innan kerfisins. Ekki ætti að vera jafnmikill munur á réttindum fólks innan kerfisins og nú væri. „En það er mikil gæfa að við skulum eiga þetta lífeyriskerfi. Það er allt öðru vísi en víðast hvar og við þurfum að standa vörð um kerfið sjálft og vita hvert við ætlum að stefna með það," sagði hún og kvaðst þess vegna rifja upp gamalt slagorð um einn lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn. Hún kvað þó þurfa frekari breytingar á lagaumgjörð sjóðanna og aukið lýðræðislegt aðhald í stjórnum þeirra. „Við erum með uppsöfnunarkerfi en ekki gegnumstreymiskerfi, og þarna erum við með sjóði, að vísu marga, sem í heildina eru jafnöflugir ef ekki stærri en olíusjóður Norðmanna."

Í einum lífeyrissjóði sagði Álfheiður að mætti hugsa sér að rekstrarkostnaður yrði annar en í núverandi kerfi með marga sjóði. „En í slíkum stórum sjóði yrði það náttúrulega fyrst og fremst fjárfestingarstefnan sem skipti máli um afkomuna. En ég legg áherslu á að samræma réttindin sem fólk hefur. Það tekur langan tíma að gera það. Ójöfnuðurinn í kerfinu er jú á milli almenna kerfisins annars vegar og opinbera kerfisins hins vegar og það var samkomulag um það í síðustu kjarasamningum að reyna að hífa upp réttindin á almenna markaðnum," sagði hún, og kvaðst alls ekki tala fyrir jöfnun réttinda niður á við.

**Óli Kristján Ármannsson**
olikr@frettabladid.is



## Gott lífeyriskerfi

Í erindi á málþingi í Hörpu í fyrrahaust fjallaði Már Guðmundsson seðlabankastjóri meðal annars um eiginleika góðs lífeyriskerfis. „Það verður auðvitað að vera farvegur fyrir sparnað til elliáranna. En eigi það að vera vel uppbyggt þarf það einnig að taka eðlilegt tillit til þeirra áhættuþátta sem einstaklingarnir og þjóðfélagið standa frammi fyrir og tengjast æviskeiðum fólks. Þetta eru áhættuþættir sem til dæmis markast af lífslíkum, starfsgetu, lýðfræði, framleiðni vinnuafls og ávöxtun eigna. Enn fremur getum við gert þá kröfu til góðs lífeyriskerfis að einhver tekjujöfnun sé innbyggð í kerfið, a.m.k. getum við gert þá lágmarkskröfu að það stuðli ekki að auknum tekjumun. Þá viljum við að lífeyriskerfið búi yfir vissum sveigjanleika og að það sé svigrúm fyrir að einstaklingarnir hafi val. Að lokum viljum við að lífeyriskerfið hafi jákvæð áhrif á þjóðarbúskapinn, þ.e. efli sparnað, auki hagvöxt og stuðli að þróun fjármálakerfisins."


MÁR GUÐMUNDSSON

## Sjóðsöfnunar- eða gegnumstreymiskerfi

Hér byggir lífeyriskerfi landsins að stórum hluta á sjóðsöfnun. Í sjóðsöfnun felst að launafólk greiðir hluta tekna sinna í sjóð sem síðan stendur undir lífeyrisgreiðslum til þess að starfsævinni lokinni. Með slíku kerfi, sem og valkvæmum viðbótarlífeyrissparnaði, stendur fólk sjálft undir þessum greiðslum og ríkið fær af þeim skatttekjur.

Gegnumstreymiskerfi byggir hins vegar á því að iðgjald sjóðfélaga er notað til að greiða lífeyri þeirra sem þegar eru komnir á lífeyrisaldur. Í framkvæmd hefur raunin orðið sú að ríkið, eða skattkerfi ríkja, fjármagna lífeyrisgreiðslurnar. Það er því vinnuafl þjóða á hverjum tíma sem stendur undir greiðslum til lífeyrisþega. Dæmi eru um að ríki hafi steypt sér í miklar skuldir til að standa undir lífeyrisskuldbindingum sínum. Þar á meðal eru ríki á borð við Grikkland og Ítalíu.

## Vilja færa sjóðina undir stjórn Alþingis

Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambandsins, segir tillögur Lilju Mósesdóttur, Ögmundar Jónassonar og Álfheiðar Ingadóttur miða að því að færa lífeyrissjóðina meira og minna undir stjórn Alþingis. Þá finnist honum afleitur sá hluti hugmyndanna sem snýr að því að auka verulega vægi gegnumstreymis á kostnað sjóðsmyndunar. „Í fyrsta lagi er það vegna þess að það sem markað hefur einn af mestu styrkleikum íslenska efnahagskerfisins, bæði fyrir og ekki síst eftir hrun, er að við höfum að mestu leyti höndlað lífeyrisskuldbindinguna og höndlað þann framtíðarvanda sem ríkisfjármálin standa frammi fyrir við fjölgun eldri borgara á móti virkum á vinnumarkaði."


GYLFI ARNBJÖRNSSON

Gylfi segir það hafa verið mat bæði OECD og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til margra ára að þriggja stoða kerfið sem hér hafi verið samið um árið 1969 og fleiri þjóðir (svo sem Hollendingar og Svisslendingar) hafi byggt upp, sé viðmiðið í því hvernig best er haldið á lífeyrismálum þjóða. „Að við tökum það á hverjum tíma sem hluta af okkar kjarasamningi að fjármagna samtímaneyslu okkar, en jafnframt í leiðinni afkomu okkar á eftirlaunum."

Í sjóðsmyndunarkerfi segir Gylfi eldri borgara koma til með að leggja ríkinu til tekjur í stað þess að vera á því byrði og það hjálpi til við að halda úti öflugri velferðarþjónustu. Um leið bendir Gylfi á að sá hluti lífeyriskerfisins sem ekki sé sjálfbær og þar sem ekki hafi verið tekið á málum af ábyrgð sé opinbera lífeyriskerfið. „Þar hafa menn sópað vandanum undir teppið, frestað því að taka á honum og talið mannréttindabrot að horfast í augu við að menn eigi ekki fyrir kerfinu. Þetta er nákvæmlega það sem sett hefur Ítalíu, og að maður tali nú ekki um Grikkland og önnur lönd Suður-Evrópu, í þann vanda sem þau eiga við í dag."

Gylfi segir því galnar hugmyndir um að taka upp nýtt lífeyriskerfi frá löndum sem komin eru í þrot. Hann segir unnið að úrbótum á íslenska lífeyriskerfinu, sem vissulega hafi bognað, en væri þó sannarlega eini þáttur íslenska fjármálakerfisins sem staðið hafi af sér hrunið.

## Marga dreymir um lífeyrissjóðakerfið

Helgi Magnússon, stjórnarformaður Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, varaði í ræðu sinni á ársfundi sjóðsins í vikunni sérstaklega við ásælni stjórnmálamanna í fjármuni lífeyrissjóðanna. „Marga stjórnmálamenn – bæði í stjórn og stjórnarandstöðu – dreymir um að komast yfir fjármuni lífeyrissjóðanna," sagði hann og minnti á að lífeyrissjóðirnir skiptist í meginatriðum í tvö mismunandi kerfi, frjálsa kerfið og opinbera kerfið sem væri ríkistryggt. „Það kerfi er í mínus upp á 500 milljarða króna og við skattgreiðendur berum ábyrgð á þeim halla."


HELGI MAGNÚSSON



# Ástand umhverfisins

*Ársfundur Umhverfisstofnunar á Grand Hótel, föstudaginn 30. mars 2012 klukkan 13.00*

***Meðal efnis***
- Ávarp umhverfisráðherra
- Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri
- Skúli Helgason, þingmaður
- Maarten Hajer, forstjóri Umhverfisstofnun Hollands
- Veiting Svansleyfis
- Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga stjórnar fundinum

***Styttri erindi***
- Díoxín og sorpbrennslur
- Framkvæmdir á friðlýstum svæðum
- Stjórn vatnamála
- Viðskiptakerfi með losunarheimildir
- Friðlýsingar
- Gæðakerfi
- Svanurinn í grænu hagkerfi
- Loftgæði um áramót
- Evrópugerðir um plöntuvarnarefni
- Gagnsæi og miðlun upplýsinga
- Hreindýrstarfar með vír á hornum
- Beiting þvingunarúrræða og eftirfylgni eftirlits

**Allir velkomnir og bein útsending á umhverfisstofnun.is**

UMHVERFISSTOFNUN
Akureyri · Egilsstaðir · Ísafjörður · Mývatn · Patreksfjörður
Reykjavík · Snæfellsnes · Vestmannaeyjar

# MacBook Air
## fermingarbókin þín




**Verð frá: 179.990.-**

# Mac mini
## tilboð



Apple Mac Mini 2.26GHz | 2GB | 160GB
(notaðar tölvur)

**Verð aðeins: 69.990.-**

# Nýr iPad
## er lentur

Stórkostlegur Retina skjár - 5MP iSight myndavél
Mögnuð grafík



**Frítt**
iPad námskeið á laugardag
Kl. 13:00 - 14:00
www.epli.is/namskeid

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.

**Smáralind**
**Opnunartímar**
**Virka daga** 11-19 | **Fimmtudaga** 11 - 21 | **Laugardaga** 11 - 18
**Sunnudaga** 13 - 18 | **Sími** 512 1300 | www.epli.is

**Laugavegi 182**
**Opnunartímar**
**Virka daga** 10-18 | **Laugardaga** 11 - 16
**Sími** 512 1300 | www.epli.is

**epli.is**

# ALAN TURING:
## Faðir tölvunarfræðinnar



Fimmtudaginn 29. mars
kl. 16:30 – 17:30
Stofa M101 í HR
Fyrirlesari er Magnús Már Halldórsson

**Er hægt að forrita innsæi og sköpunargáfu?**

Hver eru takmörk þess sem tölvur geta gert? Gætu þær t.d. sannað allar stærðfræðisetningar og leyst þannig stærðfræðinga af hólmi? Um þetta snýst dýpsta óleysta spurning tölvunarfræðinnar, „P = NP?“. Við veltum upp sögu þessa viðfangsefnis, afleiðingum mögulegra útkoma og ástæðum fyrir því hve erfiðlega gengur að svara spurningunni.

ICE-TCS og tölvunarfræðideild HR efna til fyrirlestraraðar í tilefni af 100 ára fæðingarafmæli Alan Turing: http://icetcs.ru.is/turingyear2012RU.html

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST
ICE-TCS
Icelandic Centre of Excellence in Theoretical Computer Science





512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000


# Ræðst í dag hvort kosið verður í júní

**Tillaga um að kosið verði um stjórnarskrá samhliða fosetakosningum í júní var samþykkt til annarrar umræðu í gær. Eigi það fram að ganga þarf að samþykkja hana fyrir miðnætti. Sjálfstæðisflokkur sakaður um klækjabrögð.**

**ALÞINGI** Alþingi samþykkti í gær að vísa þingsályktunartillögu um ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um tillögur stjórnlagaráðs að frumvarpi til stjórnarskrár til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar. Nefndin fundaði um málið í gær og leggur meirihlutinn til talsverðar orðalagsbreytingar á spurningum sem leggja á fyrir þjóðina samhliða frumvarpsdrögunum.

Málið verður tekið fyrir á Alþingi í dag, en eigi að verða af þjóðaratkvæðagreiðslu samhliða forsetakosningum í sumar, líkt og vilji stjórnarinnar stendur til, verður að samþykkja málið fyrir miðnætti. Að öðrum kosti uppfyllir það ekki frest um slíka atkvæðagreiðslu.

Uppákoma varð á Alþingi aðfaranótt miðvikudags þegar Ragnheiður Elín Árnadóttir, formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins, fór fram á atkvæðagreiðslu að lokinni umræðu um málið. Þingmenn voru kallaðir út, en þegar til kom gengu Sjálfstæðismenn úr salnum og ekki voru nægilega margir þingmenn í salnum til að atkvæðagreiðslan gæti farið fram. Hún fór fram í gærmorgun og samþykkt var að vísa málinu til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar með 42 atkvæðum. Gunnar Bragi Sveinsson, þingflokksformaður Framsóknarflokksins, sagði einn nei.

Magnús Orri Schram, formaður þingflokks Samfylkingarinnar, var ómyrkur í máli um uppákomuna. „Klækjabrögð sem stunduð voru hér í gær til að hindra að þetta mál kæmist til nefndar voru með hreinum eindæmum eins og þessi gögn sýna og eru ekki algeng í þessum þingsal heldur þvert á móti og eru í raun ömurlegur vitnisburður um þau klækjastjórnmál sem stunduð eru hér af ákveðnum flokkum, því miður.“

Eygló Harðardóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, tók undir þetta. Hún sagði Sjálfstæðismenn hafa átt að láta vita að atkvæðagreiðslu yrði óskað. „Þessi framkoma sem þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins sýndi þarna er að mínu mati mikill dónaskapur við samþingmenn sína og svo sannarlega hvorki í anda orðræðu hennar eigin þingmanna né Alþingi til sóma.“

Ragnheiður Elín Árnadóttir, formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins, sagði að það að Alþingi samþykki að málið gangi til nefndar sé að gera kröfu um vönduð vinnubrögð. „Er það ekki það sem við erum öll að kalla eftir?“ Hún sagði Alþingi gera kröfu til þess að málið fengi ítarlega skoðun og efnislega vinnu í nefndinni.

kolbeinn@frettabladid.is



**RAGNHEIÐUR ELÍN ÁRNADÓTTIR** Formaður þingflokks Sjálfstæðismanna fór fram á atkvæðagreiðslu að lokinni umræðu um málið í fyrrinótt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Krafa einsdæmi

Eftir lagabreytingu árið 2007 þarf ekki lengur að samþykkja mál sérstaklega til annarrar umræðu. Magnús Orri Schram vísaði í máli sínu í upplýsingar frá upplýsingasviði Alþingis. Þar kemur fram að aldrei hefði verið óskað eftir atkvæðagreiðslu um þingsályktunartillögu til atkvæðagreiðslu eftir lagabreytinguna og hefðu 400 tillögur farið í gegnum sex síðustu þing án slíkrar óskar. Í tvígang hefði slík ósk komið fram um lagafrumvörp.


# Lífeyrissparnaður með trausta og góða ávöxtun

**Landsbankinn** býður fjölbreyttar leiðir í lífeyrissparnaði og er traustur bakhjarl. Íslenski lífeyrissjóðurinn og Lífeyrisbók Landsbankans hafa skilað góðri ávöxtun undanfarin þrjú ár.



Giftingar, skilnaðir og barnsfæðingar voru færri í Danmörku í fyrra en venjulega:

# Ekki færri gift sig í þrjátíu ár

**DANMÖRK** Giftingum í Danmörku fækkaði um tólf prósent frá árinu 2010 til 2011. 27.200 pör giftu sig í fyrra og hafa ekki verið færri frá árinu 1983. Þetta kemur fram í nýjum tölum frá hagstofu Danmerkur.

Giftingum hefur fækkað mikið frá árinu 2008. Sérfræðingar telja að fjármálakreppan hafi haft áhrif á fækkun giftinga. Auk þess er talið að fólk sem á foreldra sem hafa skilið að skiptum sé ólíklegra til að vilja gifta sig. Talið er að hjónabönd samkynhneigðra muni snúa þessari þróun við, en samkynhneigðir fá að gifta sig í landinu frá og með júní á þessu ári.

Einnig kemur fram í tölum hagstofunnar að fjöldi skilnaða sé nánast óbreyttur milli ára, rúm 40 prósent.

Vinsælasti giftingardagurinn í Danmörku í fyrra var ellefti nóvember, 11. 11. 2011. Þá voru 1.072 pör gift.

Nýjar tölur sýna einnig að fæðingar voru færri í fyrra en í meðalári. Rúmlega 59.500 börn fæddust, og hafa ekki færri börn fæðst í Danmörku síðan árið 1988. **- þeb**



**GIFTING** Rúmlega 27 þúsund pör létu gefa sig saman í Danmörku í fyrra. Pörin hafa ekki verið færri síðan árið 1983. NORDICPHOTOS/GETTY



**SÓLSETUR** Svona gæti sólsetrið litið út á Gliese 667 Cc samkvæmt útlistun starfsmanna ESO. MYND/ESO

Reikistjarnan Gliese 667 Cc er nýjasta uppgötvunin í HARPS-eftirlitsverkefni ESO:

# Engin reikistjarna eins lík jörðinni

**VÍSINDI** Í lífbelti umhverfis stjörnur í vetrarbrautinni okkar, svokallaða rauða dverga, er að finna milljarða af bergreikistjörnum sem eru ekki mikið stærri en jörðin.

Lífbeltið er sú fjarlægð frá stjörnunum þar sem hitastig er með þeim hætti að líf geti þrifist þar.

Þetta kemur fram í nýlegri rannsókn HARPS sem er á vegum ESO, stjörnustöðvar Evrópulanda á suðurhveli, en þetta er í fyrsta sinn sem fjöldi slíkra stjarna er áætlaður beint.

Í rannsókninni fannst einnig ný reikistjarna, Gliese 667 Cc, sem er talin sú reikistjarna sem líkist jörðinni mest af þeim sem fundist hafa hingað til, þótt hún sé fjórum sinnum þyngri.

Á Gliese 667 Cc eru nær örugglega réttar aðstæður til þess að fljótandi vatn geti fundist þar. **- þj**


LS

## Verðtryggð skuldabréf Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. LSS150434

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. kt. 580407-1100, hefur birt útgefandalýsingu og grunnlýsingu dagsett 28. mars 2012 vegna töku skuldabréfa til viðskipta á NASDAQ OMX Iceland hf. Útgefandalýsinguna og grunnlýsinguna ásamt gögnum sem vitnað er til í þeim er hægt að nálgast hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf., Borgartúni 30, 105 Reykjavík og á vefsíðu Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. www.lanasjodur.is fram til lokagjalddaga skuldabréfanna.

**Nafnverð útgáfu:** Heildarnafnverð skuldabréfanna sem óskað hefur verið að tekin verði til viðskipta 30. mars 2012 er 675.000.000 kr. heildarnafnverð flokksins eftir þá stækkun er þá 675.000.000 kr. Nafnverð hverrar einingar er 1 kr.

**Skilmálar bréfanna:** Skuldabréfin eru verðtryggð jafngreiðslubréf. Bréfin bera fasta 3,75% ársvexti sem greiddir eru hálfsárslega, 15. apríl og 15. október ár hvert, í fyrsta sinn 15. apríl 2012 og í síðasta sinn 15. apríl 2034. Auðkenni flokksins á NASDAQ OMX Iceland hf. er LSS150434 og ISIN númer IS0000020691.

Reykjavík, 29. mars 2012.
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.





BYLGJAN 989

Sprengisandur
kraftmikill þjóðmálaþáttur

Sigurjón M. Egilsson stýrir Sprengisandi á sunnudagsmorgnum kl. 10–12





Íslenski lífeyrissjóðurinn

Íslenski lífeyrissjóðurinn er almennur sjálfstæður lífeyrissjóður sem tekur bæði við lögbundnum lífeyrissparnaði og viðbótarlífeyrissparnaði almennings. Íslenski lífeyrissjóðurinn býður sveigjanlegar leiðir til útgreiðslu lögbundins lífeyrissparnaðar og fjölbreyttar ávöxtunarleiðir.

| | | Meðalávöxtun þriggja ára* |
|---|---|---|
| Líf 1 | Hentar þeim sem eiga 20 ár eða meira eftir af söfnunartíma. | 13,0% |
| Líf 2 | Hentar þeim sem eiga meira en 5 ár eftir af starfsævi. | 12,3% |
| Líf 3 | Hentar þeim sem eiga skamman tíma eftir af söfnunartíma. | 11,9% |
| Líf 4 | Fyrir þá sem nálgast töku lífeyris eða eru þegar að taka hann út. | 11,6% |
| Sameign | Fyrir þá sem vilja samtvinna ævilanga sameign og séreignasparnað. | 8,7% |

Lífeyrisbók Landsbankans

Innlánsreikningur fyrir lífeyrissparnað sem hentar þeim sem vilja ávaxta sparnað sinn á einfaldan og gagnsæjan hátt.

| | | Meðalávöxtun þriggja ára* |
|---|---|---|
| Verðtryggt | Verðtryggð Lífeyrisbók | 9,7% |
| Óverðtryggt | Óverðtryggð Lífeyrisbók | 6,7% |

* Meðaltal nafnávöxtunar á ári 01.01.2009 – 01.01.2012

**Íslenski lífeyrissjóðurinn** er almennur lífeyrissjóður sem starfar skv. lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Íslenski lífeyrissjóðurinn er með rekstrarsamning við Landsbankann hf. Nánari upplýsingar um sjóðinn og ávöxtun hans má finna á islif.is. Landsbankinn er rekstrar- og vörsluaðili **Lífeyrisbókar Landsbankans** samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Nánari upplýsingar um Lífeyrisbók og ávöxtun hennar má finna á landsbankinn.is.

**Kynntu þér** lífeyrissparnað Landsbankans í síma 410 4040, í næsta útibúi eða reiknaðu þitt dæmi þitt til enda á landsbankinn.is.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# ÞAÐ MUNAR UM MINNA ÞAÐ MUNAR UM MINNA




3598 KR.KG

**MACKHINTOSH 2.9 KG.**
1200 DÓSIR Í BOÐI Á ÞESSU VERÐI
3598 KR. DS.




1995 KR.KG

**NÓA KONFEKT 1 KG.**
AÐEINS 4000 KASSAR Í BOÐI Á ÞESSU VERÐI !




279 KR. 400 ML

**BÓNUS RJÓMI 400 ML.**

## AFMÆLISTILBOÐ
## BÓNUS 23 ÁRA
NÝ FRAMLEIÐSLA GAMALT VERÐ




1998 KR. 1 KG — 1 KG.

**BÓNUS PÁSKAEGG**




679 KR. 2 LTR.

**MJÚKÍS - 2 LTR.**
**SÚKKULAÐI & VANILLA**




139 KR. 185 ML

**BÓNUS SÝRÐUR RJÓMI**
185 ML. - 10% OG 18%




139 KR. 230 ML

**BÓNUS MAYONNAISE**
230 ML. / NÝJAR UMBÚÐIR




298 KR. 250 GR

**BÓNUS FETI-OSTUR**
Í KRYDDOLÍU / MEÐ ÓLÍFUM

**BÓNUS 5 FLATKÖKUR: 98 KR.**
**HANGIÁLEGG 143 GR: 398 KR.**




98 KR. 5 STK

398 KR. 143 GR




698 KR. 6 LTR.

**COKE 4 X 1.5 LTR.= 6 LTR.**




759 KR. 8 LTR.

**PEPSI 4 X 2 LTR. = 8 LTR.**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | | 4 | | | | |
| 3 | | 8 | | | | | | |
| | 5 | | | 8 | | 2 | 1 | |
| 7 | 4 | | | | 5 | 8 | | |
| 5 | 1 | | 4 | | 8 | | 7 | 3 |
| | | 3 | 7 | | | | 5 | 9 |
| | 7 | 2 | | 9 | | | 4 | |
| | | | | | | 7 | | 5 |
| | | | | 7 | | 3 | | |

ÚRLAUSN Á SUDUKO GÁTU Á BONUS.IS 62

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu vildarpunkta VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

ÞAÐ MUNAR UM MINNA ÞAÐ MUNAR UM MINNA



BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR

729 KR. KG

## BÓNUS BUFFALÓ FULLELDAÐ KJÚKLINGAVÆNGIR OG LEGGIR




398 KR. BOXIÐ




598 KR. BOXIÐ




679 KR.KG

KJÚKLINGALÆRI




679 KR.KG

KJÚKLINGALEGGIR




595 KR.KG

BLANDAÐIR KJÚKLINGABITAR

## BÓNUS KJÚKLINGUR Á BETRA VERÐI




295 KR.KG

KJÚKLINGAVÆNGIR




1979 KR.KG

KJÚKLINGABRINGUR




1979 KR.KG

KJÚKLINGALUNDIR




KJARNAFÆÐI

1395 KR. KG

FERSKT KRYDDAÐ HEIÐALAMB




998 KR. 1 KG

BÓNUS KJÚKLINGAMOLAR

1 KG - FULLELDAÐIR - BARA AÐ HITA




698 KR. KG

ALI GRÍSAKJÖT
FERSKUR GRÍSABÓGUR




1195 KR.KG

FERSKT NAUTAHAKK
100% KJÖT

MATVÖRUVERSLANIR
ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN
BÓNUS
1. sæti
MÆLINGA Á ÁNÆGJU VIÐSKIPTAVINA

Ali




1795 KR. KG

NÝREYKTUR ALI HAMBORGARHRYGGUR MEÐ BEINI

1495 KR.KG

NÝREYKTUR ÚRBEINAÐUR ALI HAMBORGARHRYGGUR

1795.KR.KG




1495 KR. KG

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

# neytendur
hagur heimilanna

**87%** **VERÐHÆKKUN** hefur orðið á eggjum á undanförnum tíu árum. Kílóið kostaði 331 krónu árið 2001, 429 krónur árið 2006 og 619 krónur í fyrra.

PÁSKAVERÐ*
Miele
Miele þvottavél W1634
áður kr. 184.500
nú kr. 169.900
Miele þvottavél W1714
áður kr. 202.500
nú kr. 184.900
* á meðan byrgðir endast
EIRVÍK
Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is



BYLGJAN 25 ÁRA 989
Heimir & Kolla
vakna með þér í bítið
Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist
alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00



# Margir með vantryggt innbú eftir bankahrunið

**Tryggingar á innbúum heimila eru í mörgum tilfellum of lágar, bæði vegna vanmats á innbúinu þegar trygging var keypt og vegna hækkandi verðlags í kjölfar hrunsins. Þetta er skoðun Hákonar Hákonarsonar, eiganda Tryggingavaktarinnar.**

„Þegar fólk metur sjálft innbúið sitt vegna kaupa á tryggingum vanmetur það verðmæti hlutanna. Það horfir á sjónvarpið, sófann, borðstofusettið og ísskápinn en gleymir til dæmis fatnaði sem getur kostað talsvert á fjögurra manna fjölskyldu að ógleymdum skósöfnum kvenna sem geta verið verðmæt í dag,“ segir Hákon Hákonarson, eigandi Tryggingavaktarinnar.

Hákon bendir jafnframt á að nú kosti til dæmis húsbúnaður miklu meira heldur en fyrir efnahagshrunið vegna gengisfalls krónunnar. Þess vegna þurfi þeir sem tryggðu fyrir hrun að endurmeta tryggingar sínar. „Ef fólk er að spara sér iðgjaldið fær það bara hlutabætur verði tjón. Brenni sófinn í stofunni, sem nú kostar til dæmis 400 þúsund krónur, fær hinn tryggði aðeins 200 þúsund krónur sé hann til dæmis bara með 50% tryggingu. Fólk ætti alltaf að tryggja sem næst verðmæti hlutarins í dag og hlutirnir kosta miklu meira nú heldur en fyrir hrunið.“

Að sögn Hákonar getur tryggingafélag ekki sagt að brunninn sófi hafi í raun verið lítils virði þar sem hann hafi verið slitinn og kominn til ára sinna. „En tryggingafélag getur beitt ákveðinni fyrningarreglu sem er ákveðin prósenta fyrir hvert ár sem líður. Það er hins vegar ekki tryggingamanns að segja að hlutir séu einskis virði vegna þess að hinn tryggði þarf að kaupa nýtt í staðinn verði hann fyrir tjóni.“

Allt efni til húsbygginga kostar nú miklu meira en fyrir hrun. Þess vegna er nauðsynlegt að huga að endurmati á brunatryggingum, eins og Hákon bendir á. „Það er um tvo kosti að velja. Fólk getur beðið um endurmat á brunabótamati en einnig er hægt að kaupa viðbótarbrunatryggingu. Þetta á ekki bara við um heimilin í landinu, heldur einnig um fyrirtækin. Mörg þeirra eru vantryggð á sama hátt og heimilin.“

ibs@frettabladid.is



**VERÐHÆKKUN** Verð á húsgögnum hefur hækkað í kjölfar hrunsins. Þess vegna eru innbústryggingar í mörgum tilfellum of lágar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

FATASKÁPAR
Danskir fataskápar á góðu verði
Háglans svart eða hvítt 142.200,-
Hvítt/hnota/askur 99.400,-
Rennihurðir 127.800,-
52.200,-
Remix
Tilboð
Tilboð 49.900,-
Fullt verð 66.900,-
Hirzlan
Smiðsbúð 6, 210 Garðabæ, Sími 564 5040
www.hirzlan.is



■ Bankastarfsemi

## Verð á bankahólfum hafa hækkað mikið



Verð á bankahólfum hjá stóru bönkunum þremur hafa hækkað talsvert síðustu ár. Fréttablaðinu barst ábending frá viðskiptavini Arion banka sem sagði ársgjald á sínu hólfi hafa hækkað úr 2.000 krónum upp í 5.000 frá árinu 2010. Auk þess hafi verið tekið upp 300 króna heimsóknargjald á ákveðnum tímum dags.

Þau svör bárust frá Arion að vissulega hafi verðið hækkað, en ástæðan sé sú að það hafi haldist óbreytt lengi áður og hafi ekki staðið lengur undir kostnaði.

Verð hjá Íslandsbanka er nú frá 2.500 krónum upp í 6.500, eftir stærð hólfanna og hjá Landsbanka er verðið á bankahólfum frá 3.000 krónum upp í 9.000.

■ Matvæli

## Erfðabreytt matvæli á að merkja

Margir neytendur hafa sent Neytendasamtökunum erindi vegna erfðabreyttra matvæla að undanförnu. Frá þessu greina samtökin á heimasíðu sinni. Þeir sem hafa haft samband lýsa undrun sinni á því að engin matvæli séu merkt sem erfðabreytt. Reglur um merkingar á erfðabreyttum matvælum gengu í gildi um síðustu áramót. Nú er óheimilt að selja slík matvæli án þess að það komi fram á umbúðum að þau séu erfðabreytt. Ef erfðabreytt hráefni eru meira en 0,9 prósent af vörunni þarf það líka að koma fram á umbúðum. Matvælastofnun og heilbrigðiseftirlit eiga að hafa eftirlit með því að þessu sé fylgt eftir.

■ Mótorhjól

## Hætta á bruna í Yamaha mótorhjólum

Fyrirtækið Arctic Trucks hefur ákveðið að innkalla Yamaha XV 1300A vegna hættu á bruna.

Neytendastofa greinir frá því að borist hafi tilkynning frá Yamaha í vikunni þar sem segir að við reglubundna skoðun hafi komið í ljós galli í bensínslöngu í Yamaha XVS 1300A. Við sérstakar aðstæður getur gallinn valdið því að bensín undir þrýstingi leki. Því hefur verið ákveðið að innkalla umrædd hjól í öryggisskyni og gera á þeim viðeigandi lagfæringar. Skipt verður um bensínslönguna sem og bensínkrana og tengda lögn. Viðgerðin tekur um tvær klukkustundir og er eigendum að kostnaðarlausu. Um er að ræða hjól framleidd frá október 2008 til ágúst 2011. Eigendum hefur verið gert viðvart um innköllunina.




Electrolux
MEST SELDI!
MALAR ÍS
Electrolux
ESB-4400 Blandari
Byltingarkenndur ofur-hljóðlátur blandari með kraftmiklum 600W mótor. Þríhyrningslöguð glerkanna sem blandar betur og hraðar. 6 hraðastillingar. Auðveldur í þrifum. Malar ís létt.
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
14.990
EINSTAKT VERÐ
Electrolux
EKF-7000 Kaffivél
Alvöru kaffivél sem hitar 96°C. Fékk bestu gæðaeinkunn sænsku neytendasamtakanna TestFakta
1400W hitaelement
Timer/klukka
AutoOff 120 mín.
Aroma stilling
Fullt verð kr 17.990
12.490
EINSTAKT VERÐ
TOPPMÓDEL
Electrolux
EDB-5130 Gufustraujárn 4Safety
Topp gufustraujárn, hlaðið nýrri tækni og þægindum. 4Safety öryggisbúnaður sem slekkur á straujárninu ef þú gleymir því í sambandi eða það dettur/veltur á hliðina.
2200W - tilbúið til notkunar núll einni
Mjög gott gúmmígrip
Vandaður keramíkhúðaður sóli
Mjög öflugt 100 g gufuskot og jöfn gufa. Sparar þér tíma og fyrirhöfn
2,5 metra snúra með 360° snúru
Verð áður kr 8.490
6.490
24% AFSLÁTTUR
1000W GRILL
Electrolux
EMS-21400S Örbylgjuofn
Flottur silfurlitaður örbylgjuofn með mörgum stillingum með eða án grills
800W örbylgjuofn
1000W grill sem gefur matnum brúna og fallega áferð
Stór 27 cm snúningsdiskur
Klukka og skjár
Verð áður kr 34.900
22.900
32% AFSLÁTTUR
EAT-5110
EKF-5110
EEWA-5110
EHM-4100
ESTM-4200
VELDU
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
5.990 pr. stk
ÓTRÚLEGT VERÐ!
SPARAÐU NÚNA!
SMÁTÆKJA BOMBA
13 gerðir af vönduðum pönnum með 50% afslætti!
Í öllum gerðum og stærðum
Grillpönnur, WOK pönnur, pönnukökupönnur, djúpar og grunnar pönnur með eða án loks, stórar og litlar
20, 24, 28, 30 cm breiðar
Henta á allar gerðir af hellum, líka span
Tvöföld viðloðunarfrí húðun
50%
AFSLÁTTUR AF PÖNNUM
Vandaðar pönnur í öllum stærðum og gerðum
500W MEÐ GLERKÖNNU
VELDU
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
6.990 pr. stk
SPARAÐU HELLING!
TRISTAR
SC-2283 Safapressa
Öflug safapressa fyrir nær allar gerðir ávaxta og grænetis. Tekur óskorna ávexti. Fullt verð kr 9.990
TRISTAR
BL-4430 Blandari stál/gler
Hörkuduglegur 500W blandari með glerkönnu. 2 hraðastillingar. Fullt verð kr 8.990
TRISTAR
WF-2141 Vöfflujárn
Vinsælasta vöfflujárnið sem bakar ekta hnausþykkar belgískar vöfflur.
Burstað stál
Hitastillir og ljós
1000W
Verð áður kr 9.990
BELGÍSKAR
5.990
40% AFSLÁTTUR
1.995
33% AFSLÁTTUR
TRISTAR
KW-2430 Eldhúsvog
Tekur 2 kg. Verð áður kr 2.990
GRILLUÐ VERÐ!
11.990
20% AFSLÁTTUR
DOMO
DO-9036 Bistro mínútugrill
Meiriháttar flott 2000W mínútugrill með stórum grillfleti og hitastilli. Riffluðar plötur sem laga sig að þykktinni. Stál ytra byrði. Verð áður kr. 14.990
5.990
FRÁBÆRT VERÐ!
TRISTAR
RA-2990 Racklette grill með stein f. 4
Með 4 pönnum og steinplötu
2.990
SPARAÐU 500
SA-1120 Samlokugrill hvítt
Verð áður kr. 3.490
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
19.990
SPARAÐU 5.000
Electrolux
Upplifðu þessa einstöku léttryksugu með skafti og handryksugu í einu og sama tækinu. Mótordrifinn bursti og kraftmikill sogkraftur. Ótrúlega létt og lipur. Verð áður kr. 24.990
HD-2378 Sléttujárn
Sléttujárn með keramikplötum
HD-2313 Hárblásari
Nettur, 1200W ferðahárblásari
VELDU
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
1.990 pr. stk
SPARAÐU HELLING!
MEÐ HLEÐSLU
TR-2543 Hárklippisett
Hlaðanlegt þráðlaust með stillanlegri klippilengd.
Fullt verð kr 2.990
WG-2421 Baðvog
Örþunn glerbaðvog með stórum LCD skjá. Lithium rafhlöður. Hárnákvæm vigtun.
Rafha ehf
Opið
virka daga 10-18
laugardag 11-16
Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

**247,5 KRÓNUR** fyrir evru er aflandsgengi krónunnar með tilliti til evru.

Um 200 verkefnastjórar í heiminum lokið A-vottun:

# Fyrsti Íslendingurinn fær A-vottun frá IPMA

Sigurður Ragnarsson, framkvæmdastjóri hjá Íslenskum aðalverktökum, hlaut nýverið alþjóðlega A-stigs vottun sem verkefnastjóri (e. Certified Project Director). Hann er fyrsti Íslendingurinn sem hlýtur slíka vottun sem veitt er að alþjóðlegu samtökunum International Program Management Association (IPMA). Um er að ræða hæsta stig sem hægt er að fá sem vottaður verkefnastjóri og aðeins um 200 manns í heiminum eru með A-vottun. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Verkefnastjórnunarfélagi Íslands.


SIGURÐUR RAGNARSSON

Ekki er boðið upp á A-vottunarferlið á Íslandi, og því fór Sigurður í gegnum það í Danmörku. Ferlið hefur staðið yfir síðustu sex mánuði. Samkvæmt tilkynningunni er vottun verkefnastjórna „staðfesting á að viðkomandi fyrirtæki notar starfsmenn til verkefnastjórnunar sem uppfylla ákveðnar hæfniskröfur“. -þsj

Gengið á bilinu 235 til 239 krónur fyrir evru:

# Gjaldeyrisútboð í gær

**EFNAHAGSMÁL** Seðlabanki Íslands stóð í gær fyrir tveimur gjaldeyrisútboðum. Í fyrra útboðinu bauðst bankinn til þess að kaupa evrur fyrir íslenskar krónur eða ríkisskuldabréf en í því seinna að kaupa krónur fyrir evrur.

Alls 79 tilboð, að fjárhæð 92,9 milljóna evra, bárust í fyrra tilboðinu. Var tilboðum að fjárhæð 22,5 milljónum evra tekið og var samþykkt verð 239 krónur fyrir evru. Í seinna útboðinu bárust alls 40 tilboð að fjárhæð 26,3 milljörðum króna. Var tilboðum tekið fyrir 4,9 milljarða á genginu 235 krónur fyrir evru.

Útboð Seðlabankans eru liður í áætlun stjórnvalda um losun gjaldeyrishafta. Bankinn hafði boðist til þess að kaupa samanlagt allt að 100 milljónir evra og 25 milljarða króna í útboðunum. - mþl

GEÐVERND

## Aðalfundur Geðverndarfélags Íslands

**Aðalfundur Geðverndarfélags Íslands verður haldinn laugardaginn 31. mars næstkomandi, að Hátúni 10, 9. hæð kl. 10 árdegis.**

**Dagskrá:** Venjuleg aðalfundarstörf.

Að aðalfundarstörfum loknum flytur Styrmir Gunnarsson erindið „Aðstandendur geðsjúkra – falinn vandi?“

Félagar eru hvattir til að mæta.

**Stjórn Geðverndarfélags Íslands**



**FALLINN** SPRON féll í mars 2009. Í kjölfarið voru innlán viðskiptavina sjóðsins færð til Arion en eignir hans skildar eftir hjá því sem í dag heitir Drómi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Tekist á um vexti á tugmilljarða skuld

**Arion og Drómi hafa stefnt hvor öðrum fyrir dómstóla vegna vaxtakjara á um 80 milljarða skuldabréfi. Báðir aðilar eru óánægðir með vaxtaákvarðanir FME. Skuldabréfið var útgefið vegna yfirtöku Arion á innlánum SPRON.**

Arion banki hefur stefnt Dróma og Fjármálaeftirlitinu (FME) fyrir dómstóla vegna vaxtakjara á um 80 milljarða króna skuldabréfi sem gefið var út vegna yfirtöku Arion á innlánum Spron. Drómi, sem heldur á útlánum hins fallna sparisjóðs, hefur á móti stefnt bankanum og FME vegna sama máls. Munnlegur málflutningur í fyrra málinu fór fram í fyrradag og fer fram í hinu seinna á morgun, föstudag. Um gríðarlegar fjárhæðir er um að ræða, enda er hvert prósent í vöxtum um 800 milljóna króna virði.

Þann 21. mars 2009 ákvað FME að færa innlán SPRON yfir til Arion en útlán bankans urðu eftir í félagi sem í dag heitir Drómi. Til að mæta innlánunum, sem eru skuld á efnahagsreikningi Arion, var gefið út skuldabréf sem fært er á eignarhlið Arion. Virði þess er tæplega 10% af heildareignum bankans.

Í ársreikningi Dróma fyrir árið 2010 er umrædd skuld bókfærð á 77,4 milljarða króna. Hún er ekki sérstaklega tilgreind í ársreikningi Arion heldur felld undir lið sem kallast „óskráð skuldabréf“. Virði þeirra samkvæmt ársreikningnum er um 85 milljarðar króna og því ljóst að Dróma-skuldabréfið er uppistaðan í þessum lið reikningsins.

Í þeim skilmálum sem settir voru þegar skuldabréfið var gefið út var FME gefið einhliða vald til að ákvarða hverjir vextir þess eru. Samkvæmt ákvörðun eftirlitsins átti skuldabréfið að bera fasta árlega Reibor-vexti (vexti á millibankamarkaði með krónur) auk 175 punkta vaxtaálags þar til að skuldin væri að fullu greidd. Drómi fór fram á það í desember 2009 að FME endurskoðaði fyrri ákvörðun um þá vexti sem skuldabréfið átti að bera. Í febrúar 2011 ákvað eftirlitið að afnema vaxtaálagið þar til bréfið er að fullu greitt. Við þetta sætti Arion banki sig ekki og stefndi bæði FME og Dróma til að reyna að fá ákvörðuninni frá því í febrúar í fyrra hnekkt. Drómi hefur auk þess stefnt Arion og FME og vill fá öllum vaxtaákvörðunum á skuldabréfinu hnekkt. Til vara krefst félagið að lægri vextir séu á bréfinu frá útgáfu þess. thordur@frettabladid.is

## Tíu milljarðar í vexti og verðbætur

Drómi átti 115,4 milljarða króna í lok árs 2010, samkvæmt síðasta birta ársreikningi félagsins. Eignir þess höfðu þá dregist saman um tæplega 58 milljarða króna frá árinu áður vegna uppgreiðslu á langtímaskuldum, að mestu við Arion banka. Stærsta einstaka eign Dróma er krafa á þrotabú Frjálsa fjárfestingabankans sem metin var á 52 milljarða króna í lok árs 2010. Skuldir Dróma voru alls 121,5 milljarðar króna á sama tíma. Um 77,4 milljarðar króna, 64% heildarskulda félagsins, eru við Arion banka vegna innlána SPRON sem voru færð þangað. Drómi greiddi 10,4 milljarða króna í vaxtagjöld og verðbætur á árinu 2010 og ljóst að stór hluti þeirrar upphæðar hefur runnið til Arion banka. Drómi tapaði 10,6 milljörðum króna á umræddu ári, eða nánast sömu upphæð og félagið greiddi í vaxtagjöld og verðbætur. Eigendur Dróma eru kröfuhafar SPRON.

Opið hús

hjá Öryggismiðstöðinni, Askalind 1, á morgun föstudaginn 30. mars, kl. 9–17

**Sérfræðingar Öryggismiðstöðvarinnar kynna nýjar vörur, hjúkrunarrúm og rafskutlur. Iðjuþjálfi verður á staðnum og veitir ráðgjöf. Allir velkomnir.**

ÖRYGGI VELFERÐ

**Sími 570 2400 · oryggi.is**
Stöndum vaktina allan sólarhringinn

ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN



PIPAR\TBWA • SÍA • 121020

# KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr!

FRÁBÆRT VERÐ

**1498 kr. kg**
Lambalæri New york marinerað

**998 kr. kg**
Krónu hamborgarhryggur

30% afsláttur

**1098 kr. kg**
Verð áður ~~1598~~ kr. kg
Grísakótilettur í New York marineringu

Þarf aðeins að hita!

**1998 kr. kg**
Ungnautapottréttur, tilbúinn

**998 kr. kg**
Bautabúrs blandað nauta- og grísahakk

**1280 kr. tvennan**
Grillaður kjúklingur og Pepsi eða Pepsi Max, 2 l

**108 kr. stk.**
Egils appelsín í gleri

**159 kr. stk.**
Egils malt í gleri

**299 kr. pk.**
Myllu samlokubrauð, 770 g

**150 kr. stk.**
Egils páskaöl, 0,5 l

Þú kaupir 4x2 lítra af Coke, Coke Light eða Coke Zero, velur þér Freyju Rísegg nr. 4 eða Nóa Perluegg nr. 4

Aðeins **1198 kr. tvennan**

EXPO • www.expo.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

Krónan Árbæ | Krónan Bíldsöfða | Krónan Breiðholti | Krónan Granda | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Lindum | Krónan Mosfellsbæ | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Akranesi | Krónan Reyðarfirði | Krónan Selfossi | Krónan Vestmannaeyjum

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Það er skynsamlegt að vera óskynsamur:

# Verðlaunuð áhætta

Fréttablaðið greindi frá því í gær að höfuðstóll gengistryggðra lána væri um helmingur af höfuðstól jafnhárra verðtryggðra lána ef miðað er við að bæði lánin hafi verið jafnhá og tekin í júní 2002. Samkvæmt útreikningum sem KPMG vann fyrir Helga Hjörvar, formann efnahags- og viðskiptanefndar, stendur tíu milljóna króna verðtryggt lán sem tekið var fyrir tæpum tíu árum í 15,3 milljónum króna í dag. Sambærilegt gengistryggt lán stendur í tæpum átta milljónum króna.


SKOÐUN



Þórður Snær Júlíusson
thordur@frettabladid.is


Frá því að krónan var sett á flot árið 2001 flökti hún eins og hjartalínurit. Þeir sem tóku gengistryggð lán voru enda varaðir við því að þeir þyrftu að vera viðbúnir sveiflum. Í staðinn fengu þeir 2-5% óverðtryggða vexti á lánum. Þessi hópur myndaði eign mun hraðar en allir aðrir og því var eftir miklu að slægjast ef veðmálið gengi upp. Sem það gerði á endanum.

Ástæðuna er auðvitað að finna í gengislánadómum Hæstaréttar, sem hefur dæmt þau ólögleg. Vegna þeirra dóma höfðu erlend fasteignalán verið færð niður um 108 milljarða króna um síðustu áramót. Erlend bílalán höfðu verið lækkuð um 38,5 milljarða króna. Til viðbótar reikna stóru bankarnir þrír með því að gengislánadómur Hæstaréttar frá 15. febrúar síðastliðnum muni kosta þá 64 milljarða króna til viðbótar. Raunvextir gengislána urðu við þetta neikvæðir og staða gengislánataka hefur snúist frá því að vera ómöguleg í að veita þeim forskot á alla aðra í samfélaginu í eignamyndunarkapphlaupinu.

Við vitnaleiðslur fyrir Landsdómi nýverið kom iðulega fram það mat embættismanna og eftirlitsaðila að hinn ofsafengni vöxtur íslenska fjármálakerfisins hefði fyrst og síðast verið tilkominn vegna fordæmalauss aðgengis að ódýru lánsfé. Það lánsfé var að töluverðu leyti lánað til íslenskra athafnamanna í landvinningahug. Þar var ítrekað fullyrt að erlendum aðilum hafi þótt íslensku útrásarmennirnir hafa keypt þau fyrirtæki sem þeir keyptu erlendis allt of dýru verði. Sama hafi átt við um þær innlendu eignir sem þeir fjárfestu í.

Eftir hrun hefur enda þurft að afskrifa á bilinu 70-80% af skuldum fjárfestingar- og eignarhaldsfélaga. Niðurfærslan nemur samtals tæplega 390 milljörðum króna. Þessar afskriftir virðast ekki hafa haft mikil áhrif á persónulega hagi þeirra sem stóðu að baki þessum félögum. Þeir virðast hafa komið sér upp myndarlegum varasjóðum og eignum skráðum á aðrar kennitölur í gegnum arðgreiðslur, laun eða lántökur án ábyrgða sem þeir gengu frá á uppgangstímunum.

Þeir sem fóru langverst út úr íslenska hruninu voru þeir sem skulduðu minnst eða ekkert og tóku litla áhættu. Þeir sem lögðu sparifé sitt í húsnæði eða bifreiðar í stað þess að skuldsetja sig upp í rjáfur. Það er hópurinn sem axlar afleiðingarnar í gegnum verðbólgu og hefur séð eignir sínar étast upp vegna hennar.

Og hvaða lærdóm er að þá hægt að draga af hruninu? Varla annan en þann að skynsamlegast sé að vera óskynsamur. Því meiri ráðdeild sem sýnd er í ákvarðanatökum því meiri líkur eru á því að þær setji viðkomandi í verri fjárhagslegri stöðu til framtíðar. Lærdómurinn er að það er alltaf best að fara allur inn, grípa hvert tækifæri til að skuldsetja sig og huga að afleiðingunum eftir á. Og hann er hræðilegt veganesti fyrir komandi kynslóðir.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871



RÁÐGJAFAR
VIÐSKIPTARÁÐGJÖF

GARÐASTRÆTI 36
101 REYKJAVÍK
SÍMI 544 2400
WWW.RADGJAFAR.IS

Félag sem sérhæfir sig í sölu og þjónustu á vinsælum tölvubúnaði leitar að meðeiganda.

Viðkomandi myndi leggja til 20 m.kr. og eignast umsaminn hlut í félaginu. Félagið er vel þekkt og með góðan og sterkan hóp viðskiptavina og gott orðspor fyrir góða þjónustu.

Nýtt hlutafé yrði notað til að styrkja félagið og vöruframboð þess enn frekar.

Allar nánari upplýsingar hjá fulltrúum Ráðgjafa ehf. í síma 5442400.


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Vinsælda notið

Mælt var fyrir frumvarpi um breytingar á stjórn fiskveiða á þingi í gær. Athygli vekur að ráðherra sjávarútvegsmála, Steingrímur J. Sigfússon, er staddur í Kanada og mælti hvorki fyrir frumvarpinu né tók þátt í umræðum um það. Katrín Jakobsdóttir, sitjandi sjávarútvegsráðherra, mælti fyrir frumvarpinu, en hún er vinsælasti ráðherrann samkvæmt könnunum. Kannski eitthvað af vinsældum Katrínar hafi átt að sytra yfir á hið umdeilda frumvarp.



### Talað til samflokksmanna

Sjálfstæðismenn voru ósáttir og gáfu lítið fyrir það að Katrín hefði setið í ráðherranefnd um málið og væri starfandi sjávarútvegsráðherra. Þeir vildu fresta umræðunni þannig að Steingrímur gæti leitt hana. Ragnheiður Ríkharðsdóttir sat á stóli forseta Alþingis í gær. Henni virtist leiðast þófið og sagði skýrum rómi að það skipti engu máli hve margir þingmenn tjáðu sig; umræðan færi fram og Katrín mundi mæla fyrir málinu.



### Samflokksmenn hlusta ekki

Samflokksmenn hennar hlustuðu þó lítið á ráðleggingar forseta Alþingis, þó samflokksmaður þeirra væri. Þeir komu hver á fætur öðrum í pontu og ræddu nauðsyn þess að gera öfugt við það sem Ragnheiður hafði tilkynnt að gert yrði. Einstaka stjórnarliði fann sig svo knúinn til að eyða tíma Alþingis í að benda á að með þessu væru Sjálfstæðismenn að eyða tíma Alþingis. Á þessu stóð í um það bil hálftíma. Óljóst er hve mikið virðing þingsins jókst á meðan.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Dögun – Ný dögun


Samfélagsmál



Halldór Reynisson
prestur og formaður Nýrrar dögunar, samtaka um sorg og sorgarviðbrögð


Það var sagt frá því nýlega að nýtt stjórnmálaafl væri orðið til. Dögun heitir það en einhverjir fjölmiðlungar skröfuðu um nýja Dögun væntanlega í þeim dúr að hér væri nýtt stjórnmálaafl á ferðinni.

Þannig vill til að Ný dögun er ekki nýtt nafn heldur hefur loðað í aldarfjórðung við samtök um sorg og sorgarviðbrögð. Og þessi samtök ræða aldeilis ekki um pólitík, heldur ekki um trúarpólitík heldur þá sammannlegu reynslu sem sorg heitir og missir. Þetta eru samtök fólks sem hefur misst og syrgir og þess fagfólks sem af veikum mætti reynir að styðja syrgjendur á sorgargöngunni.

Og þó getum við sagt að jafnvel á þeim vettvangi þar sem syrgjendur og fagfólk sameinast um að styðja aðra í sorginni fylgi líka pólitík. Pólitík fjallar nefnilega um það hvers konar þjóðfélag við byggjum. Pólitík snýst m.a. um það hvort okkur beri sem samfélagi að styðja þau sem orðið hafa fyrir áföllum – eða hvort við skiljum fólk eftir í sárum sínum og göngum fram hjá.

Hér má minna á að pólitíkin þessa daga er mjög upptekin af því að styðja við fólk sem hefur orðið illa úti í hruninu og er það vel. Missir þeirra sem hafa séð á eftir nánum ættingjum eða ástvinum í gröfina ótímabært, jafnvel á snöggu augabragði er langtum meiri en þeirra sem aðeins hafa misst fjármuni. Reynsla þeirra sem hafa misst hvoru tveggja kennir okkur það. Og sorgin bakar þeim sem eftir lifa oft heilsutjón, jafnvel örorku og atvinnumissi ofan í kaupið. Þar fyrir utan hafa syrgjendur sjaldnast mátt til að berjast fyrir málstað sínum um stuðning – um hjálp okkar hinna við að reisa líf sitt við á nýjan leik.

> Þannig vill til að Ný dögun er ekki nýtt nafn heldur hefur loðað í aldarfjórðung við samtök um sorg og sorgarviðbrögð.

Ég óska Dögun sem og hverju því stjórnmálaafli sem lætur sér annt um velferð náungans alls hins besta. Um leið minni ég þau sem helga krafta sína pólitíkinni á grunngildi náungakærleiks og umhyggju sem eru kannski mikilvægustu gildin í okkar samfélagi þegar dýpst er skoðað.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Kjósum Betri hverfi

Íbúalýðræði

Jón Gnarr
borgarstjóri



Ég er stoltur af því að vera Reykvíkingur. Íbúar höfuðborgarinnar hafa sýnt það að þeir hafa margt til málanna að leggja varðandi borgina sína. Síðan samráðsvefurinn Betri Reykjavík var tekinn í notkun í október sl. hafa mörg hundruð hugmyndir litið dagsins ljós á vefnum.

Nú hafa nærri sex þúsund manns skráð sig á Betri Reykjavík og fylgjast þar með hugmyndum og ræða málin fyrir opnum tjöldum. Fjölmörg mál af Betri Reykjavík eru nú þegar í farvegi hjá stjórnsýslu borgarinnar. Að auki hefur vefurinn unnið til virtra verðlauna bæði hér heima og erlendis.

Reykjavíkurborg tók frá 300 milljónir í svokallaða hverfapotta á þessu ári. Þessir peningar standa straum af kostnaði við smærri nýframkvæmdir og viðhaldsverkefni í hverfum borgarinnar.

Í byrjun árs óskuðu borgaryfirvöld eftir því að borgarbúar settu fram hugmyndir að slíkum verkefnum á Betri Reykjavík. Það gekk frábærlega vel og yfir 350 hugmyndir bárust.

Fagsvið Reykjavíkurborgar fóru svo yfir hugmyndirnar og kostnaðarmátu þær ásamt hverfaráðum borgarinnar.

Efstu hugmyndum sem íbúarnir styðja hefur nú verið stillt upp til rafrænna kosninga. Um er að ræða 180 hugmyndir í hverfum borgarinnar. Allir sem náð hafa 16 ára aldri og eiga lögheimili í Reykjavík geta kosið um verkefnin. Úrslit kosninganna verða bindandi og verkefnin verða framkvæmd í sumar.

Í þessu skyni hefur verið sett upp kosningakerfi í tengslum við Betri Reykjavík þar sem rafræn auðkenni verða notuð í kosningum í fyrsta sinn á Íslandi. Verkefnið er því mjög áhugavert áfangi í því skyni að efla íbúalýðræði hér á landi.

Ég vil hvetja alla Reykvíkinga til að taka þátt í rafrænum kosningum um Betri hverfi á netinu dagana 29. mars-3. apríl. Kosningakerfið er mjög einfalt í notkun. Rafrænt auðkenni er hið sama og fólk notar við að skila skattaframtalinu sínu og farið er í gegnum vefgáttina island.is. Einnig er hægt að nota rafræn skilríki.

Ég vil leggja sérstaka áherslu á að fyllsta öryggis er gætt við kosninguna og hefur kerfið verið öryggisprófað af óháðum aðilum. Reykjavíkurborg getur á engan hátt nýtt sér hin rafrænu auðkenni til að afla upplýsinga um einstaka kjósendur.

Betri Reykjavík hefur þegar vakið athygli og unnið til lýðræðisverðlauna erlendis. Það sem hefur sérstaklega vakið áhuga útlendinga er fjöldinn sem tekur virkan þátt í samráðsvefnum. Ég er sannfærður um að ef Reykvíkingar flykkjast á rafrænan kjörstað dagana 29. mars - 3. apríl og kjósa sér Betri hverfi mun það vekja heimsathygli. Ég hvet ykkur til að nýta lýðræðislegan rétt ykkar til að kjósa Betri hverfi á kjosa.betrireykjavik.is, leiðin er greið.

# Neðri Þjórsá - áhrif virkjana á fiskistofna

Orkumál

Hörður Arnarson
forstjóri Landsvirkjunar



Nokkur umræða hefur farið fram að undanförnu um áhrif hugsanlegra virkjana í neðri hluta Þjórsár neðan Búrfells. Virkjanakostirnir sem um ræðir eru þrír: Hvammsvirkjun, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun. Áhrif þessara virkjana á lífríkið eru með mismunandi hætti og gefur það því ekki alls kostar rétta mynd að fjalla um þær þrjár í einu. Náttúruleg búsvæði laxa eru á áhrifasvæði Urriðafossvirkjunar, en ekki ofan við fyrirhugaða Hvammsvirkjun og Holtavirkjun, þótt þar hafi lax numið land í seinni tíð vegna tilkomu laxastiga.

Áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á lífríki eru ávallt háð nokkurri óvissu. Óvissan minnkar þó með auknum rannsóknum. Rannsóknir á lífríki Þjórsár, og einkum fiskistofna þar, hafa átt sér stað allt frá árinu 1973. Í upphafi stóð Veiðimálastofnun fyrir rannsóknunum en í seinni tíð hafa þær verið unnar að mestu af Veiðimálastofnun fyrir Landsvirkjun.

Aðrir aðilar hafa ekki rannsakað fiskistofna Þjórsár með viðlíka hætti og hamlar það nokkuð fræðilegri og faglegri umræðu um þetta mál. Vissulega má draga lærdóm af rannsóknum, sem farið hafa fram annars staðar í heiminum, og við Íslendingar eigum að gera það að svo miklu leyti sem unnt er með tilliti til aðstæðna. Þegar Þjórsá er borin saman við ár á vesturströnd Norður-Ameríku þarf að hafa í huga að þar ytra er um að ræða Kyrrahafslaxa en ekki Atlantshafslax. Þá eru virkjanir í Columbia og Snake ánum margfalt fleiri en í Þjórsá og flestar voru þær byggðar á tímum þar sem þekking og áhersla á lífríki var minni en hún er í dag.

Annað sem nefna má er að stjórnun rennslis í mörgum virkjunum á vesturströnd Norður-Ameríku er töluvert frábrugðin því sem fyrirhugað er í Þjórsá. Í neðri hluta Þjórsár eru fyrirhuguð lón, ekki miðlunarlón heldur lítil inntakslón með stöðugu vatnsborði og því verður ávallt töluverður straumur í gegnum lónin. Rennslissveiflur í ánni verða ekki frábrugðnar núverandi sveiflum, og búast má við hefðbundnum vorflóðum líkt og í dag. Af þessum ástæðum er ástæðulaust að halda að lónin tefji eða hindri niðurgöngu seiða umtalsvert enda er viðstöðutími vatns ekki nema 11 til 14 klst. í hverju lóni.

Landsvirkjun mun standa fyrir mótvægisaðgerðum til þess að draga eins mikið og mögulegt er úr neikvæðum áhrifum virkjananna á laxastofninn, eins og áður hefur komið fram. Eru þær mótvægisaðgerðir byggðar á fenginni reynslu og rannsóknum. Þegar hefur fengist afar jákvæð reynsla af fiskistiganum við fossinn Búða, sem hefur gert laxi kleift að nema land á stöðum ofar í ánni sem áður voru honum ekki aðgengilegir. Tvöfaldaðist stærð laxgengra svæða með fiskistiganum. Þessi nýju svæði sem laxinn hefur numið á undanförnum árum eru lýsandi dæmi þess að mótvægisaðgerðir geta heppnast vel.

Fiskistiginn við Búða gerir laxi kleift að komast upp fyrir Holtavirkjun og einnig er fyrirhugað að gera fiskistiga framhjá Hvammsvirkjun og Urriðafossvirkjun. Þá verður ákveðin gerð fiskvænna hverfla sett í virkjanirnar. Seiðafleyta verður við Urriðafoss, en vakin skal sérstök athygli á því að það er eina fyrirhugaða virkjunin á náttúrulegu búsvæði laxa í Þjórsá.

Dregið verður úr netaveiði um 70 til 80% með samningum við landeigendur sem mun draga verulega úr veiðiálagi. Sú breyting hefur jákvæð áhrif á laxastofna og eykur möguleika til stangveiða.

Mótvægisaðgerðir Landsvirkjunar miða að því að áhrif fyrirhugaðra virkjana á laxastofn Þjórsár verði óveruleg. Eru mótvægisaðgerðirnar hannaðar út frá fenginni reynslu og niðurstöðum rannsókna.

Á undanförnum árum hefur farið fram umfangsmikið og vandað ferli innan rammaáætlunar þar sem virkjanakostir hafa verið metnir með tilliti til nýtingar og verndunarsjónarmiða. Eftir áralanga vinnu stórs hóps vísinda- og fagaðila með ítrekuðum opnum umsagnarferlum skilaði verkefnisstjórn skýrslu sinni á síðasta ári. Þar koma virkjanir í neðri hluta Þjórsár vel út og voru því haustið 2011 allar settar í nýtingarflokk í drögum að þingsályktunartillögu iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra um flokkun virkjanakosta. Að mati Landsvirkjunar hafa ekki komið fram efnisleg rök til að breyta þeirri flokkun.

Allri málefnalegri umræðu um þetta mál er fagnað og hvetjum við alla hagsmunaaðila og áhugasama einstaklinga til að kynna sér málið og mynda sér sjálfstæða skoðun út frá þeim tillögum, upplýsingum og rannsóknum sem liggja fyrir og eru birtar á vefsíðu Landsvirkjunar, landsvirkjun.is.


TÍSKUVAKA

FASHION'S NIGHT OUT

MIÐBORGINNI Í KVÖLD KL. 18:00 - 21:00

Eftirtaldar verslanir munu bjóða upp á tónlist, léttar veitingar, tísku, sérstök vildarkjör, lífstílssnertingu og tískuforsmekk í tilefni af **REYKJAVIK FASHION FESTIVAL** sem hefst á föstudag.

38 Þrep
66°North (barna)
66°North (main)
Aftur
Birna Concept Shop
Borð Fyrir Tvo
Eggert Feldskeri
ELLA
EVA
Gaga Different Clothing
GK REYKJAVIK
Gust
Gyllti Kötturinn
Hringa
Hrím
IQ
Ísfold
Jónsdóttir & co.
Kiosk
Kókó
Kron
KronKron
Listaselið
Lítil í upphafi
MOMO
Móðir Kona Meyja
Mundi
Nikita
Nostalgía
Nostrum
Ófeigur Gullsmiðja
Rakel Hafberg Collection
Reykjavík Crafts
Rósa Icelandic Design
Sigurboginn
Skarta
Skór
Spaksmannsspjarir
Spútnik
Sævar Karl
Tiia
Vinnufatabúðin
Volcano Design
Zebra Cosmetique
Þorsteinn Bergmann
Icewear
Orr
Huld
GÞ Skartgripir

Verum, verslum og njótum
þar sem hjartað slær.

Gjafakortið fáanlegt
í öllum bókaverslunum.

MIÐBORGIN OKKAR

Reykjavik Fashion Festival

# Velferðarþjónusta og trú

Samfélagsmál



Hjalti Hugason
prófessor


Ragnheiður Sverrisdóttir
djákni


Fyrir skömmu skrifuðust fulltrúar meiri- og minnihluta í borgarstjórn Reykjavíkur á um þátttöku trú- og lífsskoðunarfélaga í velferðarþjónustu hér í Fréttablaðinu (14. og 15. 3.). Það sem umræða þessara aðila þyrfti þó helst að snúast um er hvert sé ásættanlegt lágmark í þeirri þjónustu sem hið opinbera veitir þeim sem standa höllustum fæti í samfélagi okkar.

> Við höfum byggt hér upp kerfi sem hvílir á hinni norrænu velferðarhugsun. Hjá okkur liggur hið félagslega öryggisnet þó lágt...

**Margs konar velferð**

Mögulegt er að byggja upp velferðarkerfi eftir ólíkum leiðum. Sú leið sem helst hefur verið farin á Norðurlöndunum felst í að hið opinbera kostar velferðarkerfið af skattfé okkar. Kostir þess eru fjölmargir. Það er t.a.m. lögboðin skylda ríkis og/eða sveitarfélaga að tryggja öllum mannsæmandi lágmarkslífskjör en slíkt er frumlægur réttur okkar hver svo sem staða okkar er að öðru leyti. Margir hafa aftur á móti bent á það sem ókost að þetta fyrirkomulag geti firrt okkur samfélagslegri og sammannlegri ábyrgð. Þeir líta þá svo á að það sé kostur að við sem betur erum sett látum eitthvað af hendi rakna til almennrar velferðar af fúsum og frjálsum vilja.

Önnur leið er að velferðarkerfið sé í ríkum mæli byggt upp af frjálsum félagasamtökum sem heyra „þriðja geiranum“ til sem samanstendur af samtökum og stofnunum sem starfa utan hins opinbera og sækjast hvorki eftir hagnaði né dreifa honum. Þessum geira tilheyra líknarfélög, hjálparsamtök og stofnanir, trúfélög og neytendafélög svo nokkuð sé nefnt. Veikleikar velferðarkerfis sem hvílir á „þriðja geiranum“ er að í skjóli þess getur hið opinbera vísað frá sér ábyrgð og stjórnvöld látið félagasamtökum eftir að ráða ferðinni í velferðarmálum.

**Bland í poka?**

Velferðarkerfi okkar er samþætt úr þessum tveimur leiðum. Við höfum byggt hér upp kerfi sem hvílir á hinni norrænu velferðarhugsun. Hjá okkur liggur hið félagslega öryggisnet þó lágt og möskvar þess eru stórir. Af þeim sökum hafa margir lent hér í frjálsu falli. Fé hefur aldrei legið hér á lausu til velferðarmála ýmist vegna stefnu stjórnvalda eða sökum þess að fé skorti eins og segja má eftir Hrun.

Á móti kemur að sjálfboðasamtök af ýmsu tagi hafa verið virk í velferðarmálum og þátttaka í landssöfnunum hefur verið góð. Ætíð verður þó að spyrja hversu mikið hið opinbera geti dregið úr þjónustu sinni án þess að bregðast skyldum sínum í því velferðarsamfélagi sem við viljum flest vera hluti af.

**Þáttur trú- og lífsskoðunarfélaga**

Trú- og lífsskoðunarfélög hafa ætíð verið fyrirferðarmikil innan „þriðja geirans“ enda er það samofið eðli þeirra flestra að vinna að samfélagsmálum. Þegar kristin trúfélög eiga í hlut má benda á að sagan af miskunnsama Samverjanum er ein af lykilsögunum sem notaðar eru til að lýsa inntaki trúarinnar. Það er hluti af kristinni trú að vinna að velferð. Þá er það gömul reynsla og ný að meira verður oft úr peningunum þar sem starf og hugsjón fara saman eins og oftast er í trú- og lífsskoðunarfélögum. Það væri því skaði ef samtökum af þessu tagi væri ýtt út úr velferðargeiranum eða byggðir upp eldveggir milli þeirra og hins opinbera félagsmálakerfis. Betra væri að þétta samvinnu hins opinbera og „þriðja geirans“ með hagsmuni neytendanna í huga.

Þegar hið opinbera gengur til samstarfs við trú- og lífsskoðunarfélög á sviði velferðarþjónustu sem m.a. felur í sér styrk af almannafé er nauðsynlegt að reglubundið faglegt eftirlit sé með starfinu, að séð sé til þess að styrkurinn fari aðeins til velferðarmála en ekki annars starfs og að ekki sé krafist þátttöku í trúariðkun í velferðarþjónustu sem kostuð er af almannafé. Hitt ætti aftur á móti að vera hættulítið að trúartákn séu til staðar eða trúarrit liggi frammi til frjálsra nota þar sem þjónustan er veitt.

**Hætta á innrætingu?**

Í þessu mikilvæga máli ríður mest á að sem flestir sameini krafta sína í fjölbreyttu og þróttmiklu starfi meðal þeirra sem verst eru sett, sem og að hið opinbera hlaupi ekki undan merkjum sem fyrsti ábyrgðaraðili á því sviði. Hitt virðist fullmikil rétthugsun að hafa áhyggjur af því að fullorðið fólk verði fyrir trúarlegri innrætingu þótt trú- eða lífsskoðunarfélög veiti þjónustuna sé fyrrgreindra viðmiða gætt. Á þessu sviði gilda þrátt fyrir allt aðrar aðstæður en í skyldunámsskólum og því ómögulegt að færa reglur um svigrúm trú- og lífsskoðunarfélaga þar óbreyttar yfir á velferðarþjónustu meðal fullorðinna sem fara með eigið forræði. Í því gæti falist forræðishyggja sem sjaldan á rétt á sér!




# Ísbrjóturinn Vigdís og öfgarnar

Jafnrétti



Guðbjörg Lilja Hjartardóttir
stjórnmálafræðingur



Rósa Guðrún Erlingsdóttir
stjórnmálafræðingur

Frumkvöðullinn Vigdís Finnbogadóttir er nú skotspónn margra eftir að hafa svarað spurningum blaðamanns Monitor um „öfgafemínisma“ án þess að fyrirbærið væri skýrt frekar né heldur að hún hafi notað sjálft orðið í svari sínu.

Framboð Vigdísar til forseta Íslands var róttæk jafnréttisaðgerð sem skilaði miklum árangri hvað varðar þjóðfélagsleg áhrif kvenna, ekki síst á sviði stjórnmála. Þegar hún bauð fram krafta sína var hlutur kvenna á þingi undir fimm af hundraði. Í kosningabaráttunni og í embætti benti hún margsinnis á þennan lýðræðishalla í vestrænum samfélögum.

Hún sagði að það ætti að vera sjálfsagður hlutur að kjósa konu til jafns til karla en raunveruleikinn væri hins vegar sá að ekkert jafnrétti ríkti í þessum málum. Hún væri í framboði fyrir dætur þjóðarinnar. Hún lagði á sig óeigingjarna, óvægna og kynjapólitíska kosningabaráttu – hún var óhrædd við að skilgreina sig sem afurð kvennafrídagsins og sagðist alltaf vona að hún gæti verið öðrum konum fyrirmynd. Framboðið var róttæk aðgerð sem bæði afhjúpaði og braut upp fastmótað kynjakerfi íslenskra stjórnmála.

Vigdís hefur verið málsvari kvennahreyfingarinnar og stutt ýmis samtök og stofnanir sem vinna að jafnréttismálum með ráðum og dáð. Í umræddu viðtali kemur fram sú skoðun hennar að á meðan launajafnrétti er ekki náð ríki ekki jafnrétti meðal kynja. Rúmum þrjátíu árum eftir kjör Vigdísar er hún sami róttæki femínistinn og áður. Sitt sýnist þó hverjum enda einstaklingar innan kvennahreyfingarinnar jafn misjafnir og þeir eru margir. Páll Valson ræðir í bók sinni Vigdís, kona verður forseti um mikilvægi Vigdísar sem fyrirmyndar í allri jafnréttisbaráttu og segir að fyrirmyndir séu oft í tvíbentri stöðu. Hinir dáðu verði stundum fangar aðdáenda sinna og sæta ásökunum ef breytni þeirra er á annan veg en aðdáendum hugnast.

Vigdís hefur einkum verið gagnrýnd fyrir það að hafa ekki gert nóg fyrir konur hvorki í embætti né eftir að hún hvarf frá Bessastöðum. Í bók Páls segir hún: „Ég er auðvitað kona en ég var kosin forseti Íslands, karla jafnt sem kvenna, og hlaut að gera báðum kynjum jafnhátt undir höfði. […] Ég hef barist fyrir konur með því að vera bara ég. Kvenréttindakonum, hvar sem ég kem, finnst sjálfsagt að ég sé ein af þeim og sjálfsagt að ég tali fyrst og fremst um konur en ekki okkur öll sem búum saman í þjóðfélagi, karlar og konur. En það er fremur minn stíll og hefur alltaf verið. […] Ég held að afstaða mín, að tala frekar máli kvenna út frá almennu breiðu sjónarhorni, nýtist konum betur.“ Hún segist hafa óendanlegan metnað fyrir hönd íslenskra kvenna en samhliða því hafi hún áhyggjur af ungum drengjum sem velji síður að nema í háskóla og skili lakari námsárangri en stúlkur. Við sem höfum lengi barist fyrir sjálfstæði ungra stúlkna hljótum að berjast líka fyrir sjálfstæði ungra drengja, segir Vigdís.

Ef til vill er hér komin ein skýringin á þjóðhylli Vigdísar og farsælum ferli hennar sem forseta Íslands. Hún var ekki alltaf óumdeild á forsetastóli en þjóðin skynjaði að hún hafði verið þátttakandi í heimsviðburði og var stolt af fyrsta þjóðkjörna kvenforsetanum í heimi.

Ekkert í orðum Vigdísar í viðtalinu í blaðinu Monitor ætti að koma á óvart. Hún hefur margoft útskýrt þá skoðun sína að án þátttöku karla nái jafnréttisbaráttan ekki markmiðum sínum. Hún hefur við ýmis tækifæri viðrað þá ósk sína að haldin væri alþjóðleg ráðstefna um stöðu kvenna með þeim skilyrðum að eingöngu karlar sæktu hana, þannig yrðu þeir að setja sig inn í málin og koma með lausnir. Í umræddu viðtali er haft eftir henni að hinn gullni meðalvegur sé alltaf sterkastur – að allar öfgar fari öfugt inn í hugsunargang samfélagsins, barátta sem sé mjög öfgafull snúist upp í andhverfu sína.

Hér talar kona sem hefur verið virkur þátttakandi í mennta- og menningarmálum hér heima og á alþjóðavettvangi í u.þ.b. hálfa öld. Hún var þjóðarleiðtogi á annan áratug og er enn mikils virtur fyrirlesari og í starfi hjá Mennta-, menningar- og vísindastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, sem velgjörðarsendiherra tungumála. Vigdís er í miklum samskiptum við fjölda fólks um allan heim. Við Íslendingar eigum ekki marga slíka fulltrúa. Þegar hún biður okkur að staldra við og stíga gætilega til jarðar – ættum við þá ef til vill að leggja við hlustir?

Eftirlæti



...endilega fáið ykkur

Sumir líta á Hrísmjólkina sem sparimorgunmat, aðrir sem gómsætt millimál. En það er vel þekkt leyndarmál að Hrísmjólkin er líka glæsilegur eftirréttur í skál sem þú getur reitt fram hraðar en gestirnir ná að segja: „Takk fyrir mig.“




...hvert er þitt eftirlæti?

www.ms.is

11-0568 HVÍTA HÚSIÐ/SÍA

IMAGE FUDGE
Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010
Opið laugard. kl. 10-14

# Yfir strikið

Fréttir DV
Ástþór Magnússon
forsetaframbjóðandi



Fyrir nokkrum árum framdi einstaklingur sjálfsmorð eftir gróft persónuníð á forsíðu DV. Viðkomandi var borinn alvarlegum sökum í blaðinu án þess að sekt hans væri sönnuð. Rannsókn málsins lauk aldrei því maðurinn svipti sig lífi áður en rannsókn lauk.

Ferli ritstjóranna sem þá stýrðu DV lauk hins vegar skjótt eftir þessa umfjöllun því þjóðin reis upp gegn DV og hætti að kaupa blaðið.

DV varð gjaldþrota og síðar yfirtekið af núverandi ritstjórum sem lofuðu bót og betrun eftir tvö kennitöluflökk. Þriðja kennitöluflakkinu var naumlega afstýrt nýlega með peningagjöf huldumanns en útgáfufélag DV hefur a.m.k. fimm sinnum orðið gjaldþrota og þannig hlaupið undan ábyrgð sinni.

Lítið hefur breyst hjá DV eftir síðasta kennitöluflakkið. Ritstjórnin er sokkin í sama ritrottu_ræsið og áður. Blaðið er svo lítið lesið að ekki er hægt að halda því úti sem dagblaði og er nú gefið út sem einhvers konar slúðurtímarit einstaka sinnum.

DV hefur algerlega misst fótfestu á fjölmiðlamarkaði þannig að ritstjórinn sér sig nauðbeygðan til að fá lánaðar síður annarra fjölmiðla undir DV-slorið. Nú síðast með grein í Fréttablaðinu þar sem hann rakkaði niður ágætan hæstaréttarlögmann og dómstóla landsins fyrir að standa vaktina fyrir fórnarlömb DV.

Ritstjórar DV eru nú margdæmdir sakamenn og óumdeildir Íslandsmeistarar í rógburði, ærumeiðingum og skáldskap borið út undir formerkjunum „fréttir“, en sem ætti með réttu að kallast „lygasögur Gróu á Leiti“.

DV ritstjórinn fór mikinn í Fréttablaðinu að dómstólar reyni að stöðva fréttir af „hvítflibbaglæpum“. Ritstjórinn virðist ekki skilja að vandamálið sem hann á við að etja er ekki uppsprottið í héraðsdómi heldur í hans eigin haus og ritstjórn en þaðan flæða yfir okkur dylgjur, níð, rógburður, ærumeiðingar, lygasögur og annar álíka viðbjóður og mannvonska. Menn sem eru vitni í málum eru allt í einu orðnir sekir í málinu á forsíðu DV án þess að sú sekt sé sönnuð eða til umræðu hjá rannsóknaraðilum.

Ritstjórum DV væri nær að líta í eigin barm og íhuga hvers vegna þeir eru bendlaðir við alvarleg kynferðisbrot í öðrum fjölmiðlum. Gætu þeir sjálfir átt þátt í því að búa til þann raunveruleika í okkar litla samfélagi? Gæti einnig verið að ítrekað kennitöluflakk þeirra flokkist undir „hvítflibbaglæpi“?

Nú hefur DV aftur farið yfir strikið er þeir réðust á blásaklausan mann að ósekju og ollu honum óverðskulduðu hugarangri með niðrandi umfjöllun og tilvitnun eftir ónafngreindri Gróu í Vesturbænum. Ég tók honum opnum örmum þegar hann mætti á mitt heimili og sagðist vilja fá mig sem forseta og vilja starfa með okkur í að afla meðmælenda. Hann hefur síðan unnið með mínu teymi og staðið sig einstaklega vel. Það sem ég þekki af þessum góða dreng er ekkert nema gott. Hann hefur staðið sig 100%, mætt manna fyrstur og leyst sín verkefni af einstakri alúð og samviskusemi.

Því miður er ekki jafnt gefið í okkar þjóðfélagi. Meðal bræðra má finna öfgarnar í báðar áttir. Í okkar litla samfélagi hafa sumir sopið vel af allsnægtum á ríkisspenanum í hæstlaunuðu bitlingasætunum, á meðan aðrir, jafnvel innan sömu fjölskyldu, hafa þurft að berjast fyrir öllu sínu og eiga um sárt að binda.

Mínar dyr standa öllum opnar, hvar sem þeir standa í þjóðfélagsstiganum. Nái ég kjöri sem forseti Íslands þann 30. júní n.k. mun ég einnig opna forsetasetrið og bjóða öllum Íslendingum háum sem lágum, í veglega afmælisveislu þann 4. ágúst n.k. á Bessastöðum. Skora ég á landsmenn að merkja við 4. ágúst í dagatalinu sem hér segir: „Forsetinn á afmæli – Mér er boðið til veislu á Bessastöðum“.




Nytjastofnar og náttúra á grunnsævi

Ráðstefna Hafrannsóknastofnunarinnar
Norræna Húsinu, 30. mars 2012, kl 9 – 16,
opin öllum meðan húsrúm leyfir

Dagskrá ráðstefnunnar

Fyrirlestrar

- **The role of science in the development of some key invertebrate fisheries in the coastal zone of Nova Scotia** – Gestafyrirlesari John Tremblay frá Kanada.
- Ástand sjávar og straumar í íslenskum fjörðum – Héðinn Valdimarsson og Steingrímur Jónsson.
- Fjarðarannsóknir Hafrannsóknastofnunarinnar – Hafsteinn Guðfinnsson.
- Innfjarðarækja: útbreiðsla, ástand og afrán – Ingibjörg G. Jónsdóttir.
- Krabbar á grunnsævi, ný auðlind – Jónas P. Jónasson.
- Ónýttir og vannýttir hryggleysingjar – Guðrún G. Þórarinsdóttir.
- Beitukóngur í Breiðafirði – Erla Björk Örnólfsdóttir.

Hádegishlé

- Umfang og dreifing fiskveiða á grunnsævi – Jón Sólmundsson.
- Lumpfish, biological insights and management recommendations – Jacob M. Kasper.
- Samspil þorsks og rækju í Arnarfirði – Björn Björnsson.
- Innfjarðarkrónika: ástir og afkvæmi þorsks – Guðrún Marteinsdóttir.
- Grunnsævi sem búsvæði síldar og sitthvað um Breiðafjarðardvöl hennar – Guðmundur Óskarsson.
- Sjávarspendýr á fjörðum og grunnsævi – Gísli Víkingsson og Erlingur Hauksson.
- Samantekt og ráðstefnuslit – Jóhann Sigurjónsson.

Veggspjöld

- Kræklingur (*Mytilus edulis*) og hörpudiskur (*Chlamys islandica*) í Breiðafirði: Greining fæðugerða með sameindaerfðafræðilegum aðferðum – René Groben, Sigurlaug Skírnisdóttir og Erla Björk Örnólfsdóttir.
- Botntaka, búsvæðaval og fæðusérhæfing þorskseiða – Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir og Guðmundur Smári Gunnarsson.
- Veiðarfæri á grunnslóð – Haraldur Einarsson, Hjalti Karlsson, Julian Burgos og Ólafur A. Ingólfsson.
- Skarkoli á grunnslóð við Norðurland; Merkingar, vöxtur og áhrif friðunar – Hlynur Ármannsson og Jón Sólmundsson.
- Söl; öflun og afurðir – Karl Gunnarsson, Svanhildur Egilsdóttir og Þóra Valsdóttir.
- Sandsílarannsóknir – Valur Bogason og Kristján Lilliendahl.




# Katrín Jakobsdóttir verði forseti Íslands

Forsetaembættið
Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir
skólameistari Fjölbrautaskólans í Breiðholti



Eftir þrjá mánuði ætlum við að kjósa okkur nýjan forseta. Ég skrifa þessa grein til að skora á Katrínu Jakobsdóttur menntamálaráðherra til að gefa kost á sér til embættisins.

Katrín Jakobsdóttir hefur sýnt allt frá því hún var á framhaldsskólaaldri að hún er vel til forystu fallin. Skjótur frami hennar í pólitík er merki um mikla hæfileika. Menntamálaráðuneytið er eitt þyngsta og erfiðasta ráðuneyti ríkisstjórnarinnar. Hún hefur leyst forystuhlutverk sitt þar af hendi með mikilli lagni, þannig að friður er um embættið – sem er langt frá því að vera sjálfgefið – og hún hefur mælst vinsælasti ráðherra ríkisstjórnarinnar frá upphafi eins og fram kom í hádegisfréttum ríkisútvarpsins á sunnudag.

Katrín Jakobsdóttir hefur einlægan áhuga á fólki. Hún leggur sig fram um að hlusta á fólk og skilja viðhorf þess. Hún sýnir samborgurum virðingu og er auðmjúk í framgöngu. Hún setur sig vel inn í mál og hefur víðtæka þekkingu og skilning á þeim málefnum sem undir hana heyra, kynnir sér sjónarmið aðila, ræðir hlutina og hefur hæfileika til að lenda málum þannig að sátt ríki.

Mikilvægt einkenni á leiðtogafærni Katrínar Jakobsdóttur eru heilindi hennar. Menn geta treyst orðum hennar. Og ég er sannfærð um að hún mun aldrei setja eigin hagsmuni fram fyrir þá hagsmuni sem hún hefur skuldbundið sig til að sinna í þágu þjóðarinnar.

Leiðtogunar er þörf víða um heim og mikið liggur við að sannir leiðtogar stígi fram og taki að sér forystu í þágu fólksins. Jafnframt þurfa þeir sem sjá sanna leiðtoga að ákveða að fylgja þeim. Von okkar liggur í því að sannir leiðtogar taki forystuna og gott fólk veiti þeim stuðning. Þess vegna hvet ég Íslendinga til að flykkjast um Katrínu Jakobsdóttur og fara þess á leit við hana að hún gefi kost á sér til forsetaframboðs.

Forsetakosningarnar eru tækifæri til nýs upphafs á Íslandi. Forsetinn fær það táknræna hlutverk að sameina íslenska þjóð. Katrín Jakobsdóttir, ég bið þig að íhuga af alvöru að gefa kost á þér til embættis forseta Íslands.


VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

NÝ SENDING AF HÁGÆÐA ARINELDSTÆÐUM



VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

Smiðjuvegi 2 · Kópavogi
Sími 544 2121
www.rumgott.is

Opið virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga kl. 11-16
Löggiltir dýnuframleiðendur
– Starfandi í 60 ár

husa.is

# VORTILBOÐ Á WEBER GRILLUM

## FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS

**MIKIÐ ÚRVAL AF GÆÐAGRILLUM FRÁ WEBER OG AFSLÁTTUR AF ÞEIM ÖLLUM!**

**ÞÚ SPARAR ALLT AÐ 25.000 KR.**




**MUNIÐ!**
**FRAMLENGJUM GILDISTÍMA ÁVÍSUNARINNAR TIL 1. APRÍL!**

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
Kr. 3.000,-
Greiðið gegn tékka þessum *Handhafa*
Krónur: *Þrjúþúsund 00/100*
*Ef keypt er fyrir 10.000 krónur eða meira.*
Reykjavík, *15. mars* 20*12* *Húsasmiðjan og Blómaval*

Ávísunin gildir sem **3.000** kr. innborgun í öllum verslunum Húsasmiðjunnar og Blómavals, frá miðvikudeginum 21. mars til sunnudagsins 25. mars 2012, ef keypt er fyrir **10.000** kr. eða meira. Ávísunin gildir eingöngu þegar verslað er með kreditkorti eða í staðgreiðslu en ekki í reikningsviðskiptum.

Tékknr. Fl. Banki-Hb



## NÝTT UPPHAF

Sameining Húsasmiðjunnar og Bygma markar nýtt upphaf á íslenskum byggingavörumarkaði. Það eru spennandi tímar framundan í Húsasmiðjunni þar sem Íslendingar hafa fengið allt frá grunni að góðu heimili síðan 1956.

DYNAMO REYKJAVÍK

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

**ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI SÍÐAN 1956**

# Öryggissjónarmið eiga að ráða forgangsröðun vegaframkvæmda

Samgöngur

Elvar Jónsson
bæjarfulltrúi í Fjarðabyggð



Ágætu Austfirðingar og landsmenn allir! Nú hefur það verið staðfest: Vegurinn frá Norðfirði til Stöðvarfjarðar er hættulegasti vegarkafli landsins, samkvæmt niðurstöðum rannsókna sem nýverið birtust í Læknablaðinu. Því miður reyndist illur grunur okkar réttur. Fyrir ókunnuga er rétt að taka fram að vegurinn liggur um sveitarfélagið Fjarðabyggð, nánast endilangt.

Frá því að ég hóf störf sem sveitarstjórnarmaður vorið 2010 hef ég smám saman sannfærst um að stjórnmálamenn eigi sem allra minnst að skipta sér af vegagerð. Þeirra aðkoma að málaflokknum á aðeins að vera með þeim hætti að samþykkja forgangsröðun verkefna út frá fræðilegum niðurstöðum fagfólks. Stjórnmálamenn eiga að hafa öryggissjónarmið og ekkert annað að leiðarljósi enda er það frumskylda stjórnvalda að gæta að öryggi íbúanna.

Stjórnmálamenn, þingmenn og sveitarstjórnarmenn ættu að sameinast um þessa rökréttu aðferð sem tryggir að öryggissjónarmið ráði forgangsröðun vegaframkvæmda. Þennan hátt ætti að viðhafa þar til tryggt verður að allir landsmenn geti ekið til vinnu eða náms, a.m.k. innan síns sveitarfélags, án þess að fara um stórhættulega og löngu úrelta vegi. Það er því hlutverk sérfræðinga og fagfólks að meta hvar mesta hættan er en hlutverk okkar stjórnmálamanna er að taka ákvörðun um að öryggissjónarmið séu alltaf í fyrirrúmi og látin ráða röð framkvæmda og annað ekki.

Fyrir skömmu fór rúta með átta farþega út af veginum á Oddsskarði og litlu munaði að stórslys hlytist af. Vegurinn um Oddsskarð og gömlu göngin eru hættulegasti hluti hættulegasta vegkafla landsins. Út frá öryggissjónarmiðum ætti að vera búið að gera ný göng fyrir löngu. Þá eru ótalin önnur rök, t.d. efnahagsleg rök og loforð við sameiningu sveitarfélaga en undirritaður og fleiri hafa skrifað um þau og verður það því ekki tíundað frekar í þessari stuttu grein þótt rökin séu knýjandi. Það voru engin rök fyrir því að seinka framkvæmdum árið 2009 og það eru engin rök fyrir því að fresta þeim enn frekar. Hönnun vegarins og ganganna er lokið og það er ekkert sem stendur í vegi fyrir því að verklegar framkvæmdir hefjist strax á næsta ári, og þótt fyrr hefði verið.

Fjarðabyggð er sveitarfélag í blóma. Þar hefur verið mikil uppbygging á síðustu árum og í sveitarfélaginu er mikil verðmætasköpun. Mjóeyrarhöfn er önnur stærsta útflutningshöfn landsins og 22,4% af heildarkvóta landsmanna koma á land í sveitarfélaginu. Íbúar Fjarðabyggðar búa í sátt við umhverfið og náttúruna en vilja losna við erfiðan fjallveg og einbreið úrelt jarðgöng sem tengja saman byggðarkjarna í Fjarðabyggð.

# Höfnum hækkun bílastæðagjalda

Samfélagsmál

Snædís Karlsdóttir
formaður Félags ungra framsóknarmanna í Reykjavík



Ég bjó einu sinni í Þingholtunum með móður minni. Við þá götu eru stöðumælar sem hafa alla tíð valdið mér miklu hugarangri. Þegar vinir og fjölskylda hugðust heimsækja mig þurftu þau að sætta sig við það að borga fyrir það að leggja bílnum í ásættanlegri fjarlægð frá húsinu. Þessi tiltekna gata er bara venjuleg íbúðargata og hún liggur að Skólavörðustígnum. Stöðumælarnir eru þó ekki alslæmir. Þegar ég bjó þarna sá ég að klinkið sem gestirnir þurftu að greiða í mælana er fórnarkostnaður þess að stæðin séu ekki teppt allan liðlangan daginn af fólki sem vinnur í nágrenninu. Ég lærði því að lifa í sátt við þá, því það er jú illskárri kostur að bjóða gestum upp á gjaldskyld stæði frekar en engin stæði.

Það er rétt að taka það strax fram að ég hef setið báðum megin borðsins í þessu máli því nú er ég flutt úr miðbænum og því búin að taka að mér hlutverk gests stöðumælasvæðisins. Þegar ég fer að heimsækja móður mína, sem gerist nánast daglega, þá verð ég að borga í stöðumæli ellegar sitja uppi með himinháar sektir. Í mínu tilfelli gerir þetta það að verkum að ég reyni að koma ekki nema þegar stöðumælarnir eru í „fríi“, sem er eftir kl. 18 á virkum dögum.

Þetta er það sem kaupmenn miðbæjarins þurfa líka að sætta sig við. Eðlilega vill enginn hafa stöðumæla fyrir utan verslunina sína en ef það er það sem þarf til þess að stæðin séu ekki í notkun allan daginn af öðrum en viðskiptavinum þá eru kostir þeirra fleiri en gallarnir.

> Þessi aðgerð mun fæla fólk frá hverfinu og veikja samkeppnishæfni verslana í miðborginni.

### Hlutverk gjaldskyldra stæða

Sýn mín á gjaldskyld stæði er því þessi; gjaldskyldan er í þágu okkar allra. Ég hef aldrei litið þannig á það að ég sé að borga fyrir það eitt að fá að leggja bílnum mínum þegar ég set pening í stöðumæli enda væri það fráleitt að það kostaði að leggja í einu hverfi en ekki öðru. Ég hef litið á það þannig að þetta væri allt í þágu íbúa svæðisins, af ofangreindum ástæðum, og ekki síður þeirra sem reka fyrirtæki þar. Að leggja í þessi stæði á ekki að vera mikill kostnaður nema að þú sért í því allan daginn. Þeir sem þurfa að stoppa á þessum gjaldskyldu stæðum í lengri tíma hafa þess kost að leggja í bílastæðahús sem er mun hagstæðara. Reyndar finnst mér að það ætti að vera frítt fyrsta klukkutímann til þess að fleiri myndu nota húsin en það er kannski aðeins út fyrir efnið að svo stöddu.

### Skert samkeppnishæfni verslana svæðisins

Stjórn FUF í Reykjavík birti nýlega eftirfarandi ályktun:

Stjórn Félags ungra framsóknarmanna í Reykjavík mótmælir öllum hugmyndum um hækkun bílastæðagjalda í miðborg Reykjavíkur.

Þessi aðgerð mun fæla fólk frá hverfinu og veikja samkeppnishæfni verslana í miðborginni. Ungir framsóknarmenn í Reykjavík minna á það að stöðumælarnir eru nú þegar að þjóna tilgangi sínum sem er að rýma stæðin reglulega og tökum við því undir með verslunareigendum að hækkunin sé fullkomlega óþörf.

Tilefni ályktunarinnar er að nú stendur til að hækka gjald fyrir bílastæðin úr 150 kr. á klst. í 250 kr. og lengja gjaldskyldan tíma. Tillögunni hefur nú þegar verið beint til borgarráðs og ef hún verður staðfest er áformað að þetta taki gildi 15. apríl næstkomandi. Að nota stöðumælana til þess að auka innkomu borgarinnar þegar þrengir að er augljóslega á skjön við þær hugmyndir sem ég hef um notagildi mælanna. Þeir verslunareigendur sem þegar hafa tjáð sig um málið eru sammála um að flæðið í og úr stæðunum er fullkomlega ásættanlegt í núverandi ástandi og sem fyrrverandi íbúi og tíður gestur svæðisins er ég því sammála.

Úr tilkynningu frá Reykjavíkurborg er þessi hækkun m.a. réttlætt með því að skýra frá því að þessi gjöld séu mun hærri í borgum skandinavískra frænda okkar. Þetta þykja mér þunn rök í ljósi stöðu margra verslana miðborgarinnar okkar. Við vitum öll, sem kærum okkur um að vita, að það hefur verið mikið vandamál að fá Íslendinga til þess að klæða sig í gallann yfir vetrarmánuðina og nota Laugaveginn til jafns við verslunarmiðstöðvarnar. Illa ígrundaðar og illa tímasettar hækkanir gætu fælt þá fáu sem þó gera það frá sem myndi fljótt skila sér út í verðlagið og setja af stað dómínóáhrif í gegnum veikar stoðir samfélagsins.

Söluferli TM hafið

Stoðir hf. hafa falið Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans að annast sölu á öllu hlutafé sínu í Tryggingamiðstöðinni hf. (TM). Um er að ræða 99,94% útistandandi hlutafjár í félaginu og er það til sölu í heild eða að hluta.

TM er eitt stærsta tryggingafélag landsins. Félagið byggir á 56 ára farsælli sögu, er fjárhagslega sterkt og rekstur þess er traustur. Í lok árs 2011 nam eigið fé TM 12,2 milljörðum króna og var eiginfjárhlutfallið 41,8%.

Áhugasömum fjárfestum er bent á að setja sig í samband við Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans, á netfangið tm@landsbankinn.is. Nálgast má stutta sölukynningu, trúnaðaryfirlýsingu og eyðublað vegna hæfismats á vef bankans, landsbankinn.is. Þeir fjárfestar sem uppfylla skilyrði fyrir þátttöku í söluferlinu fá afhent ítarleg kynningargögn um TM og gera óskuldbindandi tilboð á grundvelli þeirra gagna.

**Frestur til að skila óskuldbindandi tilboðum er til kl.12:00 föstudaginn 4. maí 2012.**

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000



BYLGJAN 989
Sprengisandur
kraftmikill þjóðmálaþáttur
Sigurjón M. Egilsson stýrir Sprengisandi á sunnudagsmorgnum kl. 10–12

Konfúsíusarstofnunin norðurljós sýnir heimildamyndina
Kína: Byltingaöldin - 3. hluti
Undir rauða fánanum
Sýnd í Odda 101, í dag kl. 17:00
Hádegisfyrirlestur Steingríms Þorbjarnarsonar
Nám í Kína árið 1988
Lögberg 103, föstudaginn 30. mars kl. 12:00-13:00
Allir velkomnir
Aðgangur ókeypis
KONFÚSÍUSARSTOFNUNIN NORÐURLJÓS
Kínversk fræði við HÁSKÓLA ÍSLANDS
konfusius@hi.is | www.konfusius.hi.is

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



**BUXUR OG KJÓLL**

**Tískuhönnuðir eru um þessar mundir að kynna nýja haust- og vetrarlínu. Svo virðist sem þykkar leggings eða þröngar buxur við kjóla eða pils verði aðalmálið þegar hausta tekur á ný. Litir eru dökkir; svartur, grár og dimmrauður. Kjólar og pils eru í hnésídd.**



Eirberg
Sundfatnaður
– ný sending komin
Opið kl. 9 - 18 • laugardaga kl. 11 - 16 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is



ÞESSI NOTALEGI, MJÚKI, FLOTTI

nýkominn aftur í C, D, E skálum á kr. 5.500,-
buxur í stíl á kr. 1.995,-
Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
10-14 laugardaga
Vertu vinur



LAGERSALAN
hjá Hrafnhildi
2. hæð
LOKADAGAR
ALLT á að seljast
ÓTRÚLEGT VERÐ!
Stærðir 36-52
2. hæð Engjateigi 5
Opið: Fim. og föst. 12-18. Laug 10-16




# MIKILVÆGT AÐ TAKA ÞÁTT Í RFF

**ENGINN TÍMI TIL AÐ SOFA** *Ýr Þrastardóttir fatahönnuður sýnir sína fyrstu heildstæðu fatalínu annað kvöld í Hörpunni.*

„Einhvern veginn tekst manni alltaf að vera á síðasta snúningi. Ætli það sé ekki bara spennan sem maður sækir í," segir Ýr Þrastardóttir fatahönnuður en hún var á kafi við undirbúning sýningar sinnar fyrir RFF sem hefst annað kvöld í Hörpunni. Þetta er fyrsta heildstæða fatalína Ýrar en hún útskrifaðist úr fatahönnun frá LHÍ fyrir tveimur árum. Síðustu sólarhringa hefur saumavélin því ekki stoppað og hún sjálf lítið sofið.

„Ég er að sauma á fullu en fékk líka góða hjálp frá nokkrum yndislegum nemum úr klæðskeranum. Annars er undirbúningurinn í ár búinn að ganga frábærlega og er allt krúið sem er að hjálpa mér, hár, make-up og stílísering alveg yndislegt."

Ýr sýndi einnig á RFF í fyrr og segir mikilvægt að taka þátt í sýningum sem þessum. Áhuginn sé



*Undirbúningur hefur staðið yfir undanfarnar vikur og saumavélin ekki stoppað.*



10.000 kr. vöruúttekt
fylgir öllum fermingarrúmum
www.svefn.is
Fermingartilboð
Gerið GÆÐA- og verðsamanburð

12 mánaða vaxtalausar greiðslur*
*3,5% lántökugjald
VALHÖLL Ný hönnun
5 svæðaskipt gormakerfi, gæðabólstrun, stál kantstyrkingar

| Stærð | Verð | Tilboð |
| --- | --- | --- |
| 120x200 | 84.900 kr. | 79.900 kr. |

Verð með íslenskum botni og fótum

Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal, 581 2233 · Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 · Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 · laugardaga 12.00 - 16.00
















FRAMHALD AF FORSÍÐU



mikill á íslenskri fatahönnun og hátíðin laði einnig að erlenda gesti. „Eftir RFF í fyrra var mér boðið til New York og fór þangað síðastliðið sumar. Ég var í tvo mánuði og vann „lookbook“ fyrir síðustu línu. Það var mjög gott að kynnast fólki þarna úti, tala við verslanirnar og kynnast því hvernig þetta gengur fyrir sig. Ég kemst vonandi aftur út í sumar en New York er dýr borg,“ segir Ýr. En hvað ætlar hún að sýna í Hörpunni annað kvöld?

„Fatalínan hjá mér er meðal annars innblásin af vinnu sem ég tók að mér í haust, en ég var að aðstoða við búninga fyrir Töfraflautuna. Það var einstaklega lærdómsríkt en þar voru milli 50 og 100 búningar gerðir á örstuttum tíma. En þetta er samt aðeins öðruvísi í tískubransanum, þar þarf maður víst líka að spá í að geta selt fötin, svo það má ekki alveg búast við brjáluðu búningadrama hjá mér á sýningunni. Þetta verður engu að síður mögnuð sýning og mesta „challenge“ fyrir mig hingað til.“

Sýningin í Hörpunni hefst klukkan 16 á morgun en nánari upplýsingar um dagskrá RFF er að finna á www.rff.is. **rat**

*Nánar má forvitnast um hönnun Ýrar á vefsíðunni www.yrcollections.com*





Ýr Þrastardóttir fatahönnuður sýnir sína fyrstu heildstæðu fatalínu í Hörpunni annað kvöld. MYND/ANTON

# SEXÍ AUGNARÁÐ

**VILTU FÁ AUGU ÞÍN STÆRRI** *gneistandi og munúðarfyllri? Þá toppar ekkert svartan Augnblýant til verksins. Hér gefast þrautreynd ráð til að ná fullkominni tækni í klassíkri augnfegurð.*

- Veldu réttan augnblýant fyrir þig, hvort sem þér líkar betur að notast við blautan augnpensil eða hefðbundinn tréblýant. Blautir augnblýantar smita síður eða renna til á augnlokinu í dagsins önn.
- Til að ná lýtalausri línu á augnlokin er gott að styðja olnboganum við fastan flöt og halla andlitinu upp á við svo augnlokið sjáist vel í spegli. Notaðu aðra höndina til að strekkja á húð utan við ytri augnkrók og byrjaðu að draga út línu frá innsta augnhári. Dragðu augnblýantinn þétt meðfram augnhárunum í stuttum og öruggum strokum, en þegar þú ert komin hálfa leið á augnlokinu skaltu snúa augnblýantinum um hálfa vegu þannig að línan þykkni. Lína í einni og sömu þykktinni lætur augun virka minni. Horfðu beint í spegilinn þegar þú lýkur við línuna og gerðu fallegan krók á endann. Lagfærðu gloppur, ef einhverjar eru, og dragðu svo örþunna línu undir ysta þriðjung neðri augnhára þinna.
- Augnblýantur innan í neðri augnhvörmum gefur svalt og sexí útlit, en þá er best að nota vatnsheldan blýant. Lítil augu virka minni með dökkan blýant á hvörmum, en ljós blýantur stækkar þau.
- Ef verkið misheppnast er ráð að dýfa horni af bómullarskífu í rakakrem og klappa lauslega á það sem þarf að fjarlægja. Það virkar betur en augnfarðahreinsir sem getur skemmt restina af augnförðuninni.



F **FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is** s 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is** s 512 5432
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# LAFÐIN KVEÐUR

**ÍBURÐARMIKIL DAMA** *Einn litríkasti persónuleiki heims, Dame Edna, sest í helgan stein á næstunni. Edna hefur í gegnum tíðina skemmt heiminum öllum með litríkri framkomu, beittum húmor og ekki síst stórkostlegum búningum.*

Dame Edna er þekktasta persóna ástralska leikarans og grínistans Barry Humphries. Flestir kannast við hina feitlögnu, málglöðu, háværu og yndislegu Ednu með fjólubláa hárið og kisugleraugun sem eru einkennismerki hennar.

Edna steig fyrst fram í sviðsljósið á sjötta áratugnum, þá sem áströlsk húsmóðir í úthverfi. Með tímanum varð íburðurinn meiri, sérstaklega þegar hún fór að koma fram á sviði í London á sjöunda áratugnum.

Lafðin hefur lifað afar skrautlegu lífi. Hún hefur komið fram í kvikmyndum, stjórnað ófáum sjónvarpsþáttum og skrifað nokkrar bækur, þar á meðal ævisögu sína, My Gorgeous Life.

Nýlega tilkynnti Humphries að þessi litríki karakter myndi setjast í helgan stein eftir að yfirstandandi sýningarferðalagi lyki. Ljóst er að nokkur eftirsjá verður að þessari hressu konu. Henni til heiðurs eru hér birtar myndir af nokkrum búningum sem hún hefur klæðst í gegnum tíðina. ■ sg

**LÝSTI KONUNGLEGU BRÚÐKAUPI** Dame Edna spilaði stórt hlutverk í fjölmiðlum þegar Vilhjálmur prins og Kate Middleton gengu í það heilaga. Hún lýsti viðburðinum fyrir alheiminum með sinni sérstöku aðferð.



**ÓPIÐ** Listaverkið Ópið eftir Edward Munch fær hér að njóta sín á dressinu hennar Ednu árið 1987.

**ÁLFADÍS** Dame Edna í álfabúningi árið 1990.





20%
afsláttur af öllum vörum
til 1. apríl
SAINTS
Saints Kringlunni s. 517-3890
Saints Smáralind s. 522-8350






Fólkið í landinu les Fréttablaðið

Ný fjölmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir vinsældir Fréttablaðsins enn einu sinni. Til dæmis lesa 70% íbúa höfuðborgarsvæðisins milli átján og fimmtugs að meðaltali hvert tölublað Fréttablaðsins – næstum þrefalt fleiri en lesa það dagblað sem kemur næst á eftir.




Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.
Október til desember 2011, meðallestur á tölublað.

Allt sem þú þarft...




DISCOVERY CHANNEL ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STOD2.IS




# GIVENCHY NOTAR ROÐ FRÁ ÍSLANDI

**Í TÍSKU** *Roð frá íslenska fyrirtækinu Sjávarleðri verður sífellt eftirsóttara meðal erlendra tískurisa. Riccardo Tisci þykir nota það á áhrifaríkan hátt í nýrri vorlínu Givenchy.*

Riccardo Tisci, yfirhönnuður hjá Givenchy, er þekktur fyrir munúðarfull og rómantísk klæði. Honum bregst ekki bogalistin með vorlínu sem hefur vakið athygli fyrir óhefðbundin snið og val á efni sem á meðal annars rætur að rekja til sútunarverksmiðju á Íslandi.

„Við eigum í viðskiptum við mörg af stærstu tískuhúsum heims og viðskiptavinir okkar njóta fulls trúnaðar. Hins vegar get ég ekki neitað því að roðið er frá okkur þar sem þetta er hlýraroð og við erum eina verksmiðjan í heiminum sem sútar það,“ staðfestir Sara María Júlíudóttir, upplýsingafulltrúi Sjávarleðurs á Sauðárkróki, við blaðamann þegar hann slær á þráðinn norður.

Myndir af vorlínu Givenchy hafa verið að birtast í helstu tískutímaritum og þar geta glöggir lesendur séð roðið frá Sjávarleðri í ýmsum útfærslum. Þar á meðal sem kjóla, ermar, belti og jakka en brasilíska ofursætan Gisele Bündchen sýndi einn slíkan fyrir Tisci. Víða er farið lofsamlegum orðum um fötin, þökk sé fallegum línum og skemmtilegu efnsvali, og notkun á roði hrósað.

**AUKIN EFTIRSPURN**

Sara María segist almennt finna fyrir aukinni eftirspurn eftir roði frá erlendum tískurisum á borð við Givenchy, Dior og Gucci. „Roð er fallegt og roð hlýrans er líka sterkt og hentar því vel til skinngerðar. Þar að auki er það hráefni sem fellur til í matvælaiðnaði áður en það er nýtt í tískuiðnaði og því eftirsótt af fatahönnuðum sem eru að verða sífellt meðvitaðri um umhverfið.“

Til marks um það nefnir Sara María að Sjávarleðri hafi nýlega verið tekið fagnandi á umhverfisvænni kaupráðstefnu í Berlín. „Útsendarar frá Green Peace voru meira að segja sáttir við okkar vinnsluferli,“ segir hún og hlær. Sömuleiðis hafi gengið vel á kaupráðstefnu í París fyrir skömmu sem starfsmenn stóru tískuhúsanna sóttu. „Þeir sýndu okkur mikinn áhuga. Þannig að ýmislegt er í pípunum,“ segir hún leyndardómsfull.

■ rve







# RÆSTING &ÞJÓNUSTA

**Kynningarblað** Fasteignaumsjón, fyrirtækjaþrif, vorhreingerning, fróðleikur og góð ráð.



# Heildarlausnir á sviði ræstinga fyrir atvinnulífið

**Ræstingasvið ISS Ísland er stærsti þjónustuaðilinn á sviði ræstinga hérlendis. Sviðið þjónustar flestar atvinnugreinar og býr við þá einstöku aðstöðu að geta sótt víðtæka reynslu og þekkingu til alþjóðlega móðurfélagsins ISS A/S sem hefur starfað í heila öld.**

ISS Ísland er leiðandi fyrirtæki á svið fasteignaumsjónar. Fasteignaumsjón ISS samanstendur af ræstingasviði, veitingasviði og eignaumsýslusviði. Stærsta svið fyrirtækisins er ræstingasviðið en þar vinna um 640 manns af um 850 starfsmönnum ISS Ísland. Hólmfríður Einarsdóttir, sviðsstjóri ræstingasviðs, segir ræstingasviðið vera stærsta rekstraraðilann í ræstingum hérlendis. „Ræstingasvið okkar veitir fjölbreytta þjónustu til fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga og eru viðskiptavinir okkar á sjötta hundrað talsins."

Hólmfríður segir starfsmenn sviðsins vel í stakk búna til að takast á við ólík og fjölbreytt verkefni á sviði ræstinga og hreingerninga. Lausnir eru gjarnan lagaðar að þörfum viðskiptavinarins, sérstaklega í stærri verkefnunum. „Hvort sem um er að ræða hefðbundnar og reglubundnar ræstingar eða óvænt stór og jafnvel sérhæfð verkefni erum við í stakk búin til að veita skjóta og góða þjónustu." Hún nefnir sem dæmi þegar gosið varð í Eyjafjallajökli árið 2010. Þá hafi fyrirtækið sent hóp starfsmanna og stjórnenda á staðinn til að þrífa ösku á heimilum og vinnustöðum. Vegna stærðar fyrirtækisins sé ISS í stakk búið til að taka að sér stór verkefni og oft á tíðum komi þau með skömmum fyrirvara. Ræstingasviðið sé alvant að þurfa að ná saman stórum hópi til að þrífa fyrirtæki og stofnanir sem eru að hefja rekstur eða opna daginn eftir breytingar. Þá þurfi að vinna hratt og örugglega enda mikið í húfi fyrir viðskiptavini ISS Ísland.

### Sterk staða á markaði

Ræstingasvið ISS er stærsti rekstraraðilinn á sínu sviði hérlendis eins og fyrr segir. Hún segir ISS Ísland þjóna flestum atvinnugreinum hérlendis, t.d. stóriðju, framleiðslufyrirtækjum, fjármálastarfsemi, virkjunum, skólum og heilbrigðisstofnunum svo eitthvað sé nefnt. Auk þess séu mörg sveitarfélög í viðskiptum hjá ISS. „Við höfum náð mjög góðum árangri hjá fyrirtækjum og stofnunum á heilbrigðissviði og í matvælaframleiðslu. Þetta eru svið sem krefjast mikillar sérhæfingar og eru miklar kröfur gerðar til árangurs, tækja og búnaðar og þjálfunar starfsfólks og þar hefur tengingin við alþjóðafyrirtækið komið að góðum notum. Allar heilsugæslustöðvar á Stór-Reykjavíkursvæðinu eru t.d. í viðskiptum við okkur eftir útboð ásamt mörgum deildum Landspítalans auk margra læknastofa." Hún segir mikla sérþekkingu þurfa til að þjónusta fyrirtæki og stofnanir á heilbrigðissviði, þar sé alltaf smithætta til staðar og huga þurfi vel að sótthreinsun t.d. tækja og rýma.

Að sögn Hólmfríðar hefur ISS Ísland náð góðum árangri í þjónustu við matvælaiðnaðinn, það er kjöt- og fiskvinnslur hérlendis. Þar er um að ræða sértæk þrif á vinnuvélum og vinnuaðstöðu. Sú vinna tengist síðan aftur ýmsum vottunum sem fyrirtækin þurfa að vinna og standast. Því sé mikilvægt að vandað sé til verka og að samstarf aðila sé gott.

### Þekking og reynsla sótt að utan

Móðurfélag ISS Íslands er ISS A/S og hefur félagið höfuðstöðvar í Danmörku. Samsteypan hefur starfsstöðvar í 56 löndum og hjá henni vinna nú um 534.000 starfsmenn. ISS Ísland er í þeirri einstöku aðstöðu að geta sótt víðtæka þekkingu og reynslu til móðurfélagsins sem hefur starfað á þessu sviði í rúmlega 100 ár. „Mikil gæðavinna fer fram hjá ISS á alþjóðavettvangi. Þar eru Norðurlöndin í forystu og er Ísland hluti af þeim hópi. Þar má helst nefna Cleaning Excellence sem er heildrænt kerfi sem snýr m.a. að ferlum, tækjum og búnaði, verklagi og starfsaðferðum með gæði verks að leiðarljósi. Þar er rauði þráðurinn að lágmarka erfiðisvinnu fyrir starfsmenn okkar um leið og afköst eru skilgreind." Hólmfríður segir að tengingin við alþjóðafyrirtækið sé ISS Íslandi mikil áskorun því mikill agi sé á öllum vinnubrögðum varðandi framkvæmd þjónustu og fjármál. Sá agi og aðgangur að mótuðum lausnum, þekkingu og reynslu nýtist á öllum sviðum fyrirtækisins sem síðan skilar sér í enn betri þjónustu til viðskiptavina á Íslandi.



Hólmfríður Einarsdóttir, sviðsstjóri ræstingasviðs, segir ISS Ísland þjóna flestum atvinnugreinum á Íslandi.



## RÆSTINGASVIÐ ISS MEÐ NORRÆNA UMHVERFISVOTTUN

**Árið 2009** hlaut ræstingarsvið ISS norrænu umhverfisvottunina Svaninn, sem er opinbert umhverfismerki Norðurlanda. Svanurinn hefur skapað sér sess sem mikilvægasta og áreiðanlegasta umhverfismerkið á Norðurlöndum með mikla útbreiðslu og traust meðal neytenda. Með vottuninni tryggir ISS Ísland fyrirtækjum og stofnunum gæðaþjónustu sem er vistvænni í framkvæmd.



## ISS ÍSLAND ER FRAMÚRSKARANDI FYRIRTÆKI

**ISS Ísland** var eitt af 245 fyrirtækjum sem stóðust styrk- og stöðugleikamat Creditinfo fyrir rekstrarárið 2011. Af rúmlega 32.000 fyrirtækjum sem skráð eru í hluthafaskrá uppfylltu einungis 245 fyrirtæki þau skilyrði. Meðal þátta sem horft var til var að viðkomandi fyrirtæki hafi sýnt jákvæðan rekstrarhagnað þrjú ár í röð og að eignir fyrirtækis séu yfir 80 milljónir árin 2008-2010. Sams konar vottanir þekkjast erlendis en skilyrðin hér voru strangari. Listinn undirstrikar því vel styrkleika fyrirtækja sem á honum eru.



# Bjóðum geisla vorsólar velkomna

**Eftir langan vetur er vorið loks komið á ný. Vorinu fylgja bjartir og langir sólargeislar sem stirna vægðarlaust á kám, bletti og vetrarryk híbýlanna. Vorhreingerningin þarf ekki að taka allt vorið ef skipulagið er gott. Tökum því blítt á móti vorsólinni með ferskum andblæ á hreinu heimili.**



Vorhreingerning er skemmtileg því heimilið fær á sig nýjan og ferskan blæ., og um að gera að leyfa fegurðarskyninu að njóta sín í hreingerningaráhöldunum líka.

- Vinnið allar hreingerningar frá lofti ofan í gólf, og að innan og út, til að halda því hreinu sem þegar hefur verið þrifið.
- Þrífið eitt herbergi í einu til að sporna við hálfkláruðu verki hér og þar. Það er líka staðreynd að ein tandurhrein vistarvera tryggir áframhaldandi tiltektarstuð.
- Hafið ruslapoka tiltækan við höndina svo ekki þurfi að fara margar smáferðir í ruslafötuna.
- Lagið sitthvað smálegt sem setið hefur á hakanum eða fáið einhvern handlaginn til að aðstoða.
- Notið rykbursta eða ryksugu til að fjarlægja ryk af veggjum, úr lofti og ljósakrónum.
- Færið húsgögn inn í miðju herbergis til að ryksuga og skúra gólfin undir þeim.
- Takið lausa hluti af borðum, hillum og öðrum yfirborðsflötum til að þurrka vel af.
- Þvoið skrautmuni með mildu sápuvatni svo þeir verði skínandi hreinir og til meira skarts.
- Takið bækur úr bókahillum og þurrkið ryk úr hillum með rökum klút. Viðrið bækurnar og strjúkið af þeim áður en þær eru aftur settar í hilluna.
- Takið pullur, sessur og lausa púða úr sófum og stólum og sláið úr þeim ryk úti við. Hreinsið bletti ef einhverjir eru, en gætið að sápunotkun gagnvart viðkvæmum efnum. Ryksugið húsgögn vel áður en sessur og púðar eru sett á sinn stað.
- Þvoið púðaver til að losna við ólykt, ryk og bakteríur.
- Strjúkið af römmum og gleri mynda og listaverka.
- Notið húsgagnabón á viðarhúsgögn sem misst hafa gljáa.
- Þvoið gluggatjöld eða setjið í hreinsun ef þau mega ekki fara í þvottavél. Strjúkið af rimlagluggatjöldum úr stáli og vínyl með rökum klút og mildu sápuvatni.
- Bónið gólfin ef þau hafa glatað gljáa sínum.
- Takið til í skápunum, hendið gömlum snyrtivörum og fötum sem enginn notar lengur í Sorpu.
- Fegurð vors krefst tandurhreinna glugga. Notið heitt sápuvatn og svamp til að þvo þá að utan og innan, og þvöru til að taka af vatnið utanhúss. Til að fá fallegan gljáa á rúður er ráð að fullkomna þvottinn með gluggaspreyi.
- Ryksugið dýnur og opnið vel út til að hreinsa loftið. Snúið við dýnum áður en búið er um á ný.
- Dustið ryk af veggjum og lagið sprungur með sparsli og málningu ef skemmdir á veggjum koma í ljós.
- Þvoið fitu og óhreinindi af slökkvurum, innstungum og hurðarhúnum með sápuvatni.
- Setjið afskorin blóm í vasa og bjóðið sumar og sól velkomið á tandurhreint heimilið.



Lóan er einn fegursti vorboðinn hér á landi og indælt að njóta söngs hennar úti við með góðri samvisku eftir vorþrifin.


P.A. HREINSUN
Bónleying og bónun

Mjög vönduð vinnubrögð hjá P.A. Hreinsun ehf
Hjá okkur færðu alla almenna hreingerningaþjónustu.
Við tökum að okkur hreingerningar á skrifstofuhúsnæði, iðnaðarhúsnæði, flutningaþrif, gluggaþvottur, teppahreinsun, mottuhreinsun, húsgagnahreinsun, Skip, Bátar þrif og sótthreinsun.



## LEIÐBEININGAR VIÐ ÞRIF Á GÓLFFLÍSUM

**1. Renna** skal yfir gólfið með ryksugu til að fjarlæga laus óhreinindi.

**2. Fjárfesta** þarf í moppu, helst með löngum þráðum svo vel náist ofan í fúgur milli flísa. Svampur gerir ekki sama gagn.

**3. Takið** til skúringafötu. Ef einungis á að renna létt yfir gólfið dugir að nota heitt vatn. Ef gólfið er mjög skítugt má bæta alkóhóli út í vatnið og sápulegi.

**4. Fjarlægja** þarf alla bletti með þar til gerðum hreinsiefnum, þó ekki klór. Erfiða bletti má nudda af með svampi eða gömlum tannbursta.

**5. Strjúkið** yfir gólfið með moppunni, vindið moppuna á milli umferða. Síðasta umferðin skal farin með hreinu vatni til að ekki myndist blettir eftir hreinsiefnið. Látið þorna, til dæmis með því að opna glugga og láta gusta í gegn.

**6. Ef** fúgan milli flísa er dökk og flísarnar líta ekki út fyrir að vera hreinar eftir þessa meðferð gæti verið þörf á sérstöku fúguhreinsiefni. Þá er einnig mælt með að fá faglega hreinsun á gólfflísar sem þola mikla notkun á fimm ára fresti.

**www.ehow.com**




Eirberg
Rodalon sótthreinsun
• Gegn myglusveppi
• Eyðir lykt úr fatnaði


Opið kl. 9 -18 • laugardaga út apríl kl. 11 -16 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is

# GEÐHJÁLP

FIMMTUDAGUR 29. MARS 2012



**FORDÓMAR LEYNAST VÍÐA**
„Þeir eru lúmsk og lævís ógn," segir Svandís Nína Jónsdóttir.
Bls. 2



**HAGSMUNAGÆSLA**
Geðhjálp stendur vörð um hag og réttindi sjúklinga og aðstandenda. Þar starfa ráðgjafar sem taka vel á móti þeim sem á þurfa að halda.
Bls. 3



**HJARTA HÚSSINS**
Ingibjörg Gunnlaugsdóttir hefur starfað sem ráðskona Geðhjálpar í hartnær 14 ár og er kölluð hjarta hússins.
Bls.4



**KOMIÐ TIL AÐ VERA**
Átaks- og söfnunarverkefnið Geðveik jól gafst vel í fyrra og verður endurtekið í ár.
Bls. 6 og 7





# Velkomin til þátttöku

Kæri lesandi

Með útgáfu á Geðhjálparblaðinu viljum við bjóða þér að skyggnast inn í starf félagsins. Bera undir þig þau mikilvægu málefni sem við berjumst fyrir og bjóða þig velkominn til þátttöku.

Við erum hagsmunasamtök fólks með geðræn veikindi, aðstandenda þeirra og allra annarra sem láta sig geðheilbrigðismál varða og vilja vinna þeim til heilla. Við erum frjáls félagasamtök sem starfa á gömlum og gildum grunni en við erum óhrædd við nýjar leiðir, rökræður og gagnrýna hugsun.

Því starfi er rúmast í okkar góða húsi og hjá okkar framúrskarandi starfsfólki verða ekki gerð tæmandi skil í þessu blaði en hér gefur þó á að líta margt það er við fáumst við á degi hverjum og þau viðtöl sem hér birtast lýsa veruleika þeirra er glíma við geðsjúkdóma á einn eða annan hátt. Daglegt starf okkar gengur virkilega vel og til okkar er stöðug aðsókn. Það má segja að það sé bæði jákvætt og neikvætt. Best væri ef sá hópur sem við styðjum við þyrfti ekki á okkar hjálp að halda, ætti yfirleitt ekki í vandræðum með að leita réttar síns, fá þjónustu, hluttekningu og stuðning frá samfélaginu í heild. En ráðgjöfin og önnur aðstoð hjá Geðhjálp eykst mánuð eftir mánuð og á því eru ef til vill margar skýringar.

Við erum til í tuskið, en viljum jafnframt draga ykkur með. Í ár förum við til að mynda óhefðbundna leið með átakinu „Geðveik jól“ til að efla almenningsumræðu um geðsjúkdóma með það að markmiði að minnka vanþekkingu sem er undirstaða fordóma í hinum ýmsu myndum.

Ef við erum nógu hugrökk og klár til að fagna fjölbreytileikanum, hugsa vel hvert um annað og gera kröfur bæði til okkar sjálfra og annarra þá eru okkur allir vegir færir. Það er auðvelt að missa sjónar á stóru myndinni og festast í flækjum kerfisfræðanna sem við höfum sjálf búið til. Það er enginn að segja að málið sé einfalt, en það er hægt að hætta að staldra við og gera bara eins vel og maður getur.

Með bestu kveðju,
Björt Ólafsdóttir
formaður Geðhjálpar

**● AÐALFUNDUR Á LAUGARDAG** Aðalfundur Geðhjálpar verður haldinn að Túngötu 7, laugardaginn 31. mars næstkomandi og hefst hann klukkan 14. Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf, þar á meðal kjör aðal- og varamanna í stjórn. Athugið að einungis skuldlausir félagsmenn hafa kosningarétt.

**Útgefandi:** Geðhjálp **Umsjónarmaður auglýsinga:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is s. 512-5462. **Ábyrgðarmaður**: Björt Ólafsdóttir.



„Fordómar eru sennilega lúmskasta fyrirbæri sem mannkynið glímir við,“ segir Svandís.

# Fordómar: lævís ógn

*Svandís Nína Jónsdóttir, sérfræðingur á greiningarsviði Rannís, vakti athygli fyrir skrif sín um fordóma á Eyjunni á dögunum. Hér á eftir fer hluti pistils sem hún birti á blogginu.*

Fordómar eru sennilega lúmskasta og erfiðasta fyrirbæri sem mannkynið glímir við. Sú mesta ógn sem að okkur steðjar. Það fyrsta sem kemur upp í hugann við áfall er sú ómeðvitaða hugsun að kannski verðum við dæmd. Höfð að háði og spotti af öllum hinum sem ganga beinu brautina. Maðurinn sem varð gjaldþrota hefur mestar áhyggjur af því að aðrir komist að því, og ver dýrmætri orku í að halda því leyndu. Móðirin sem á barn í fíkniefnaneyslu tapar sér í vangaveltum yfir því hvað aðrir munu segja. Hvernig aðrir munu bregðast við. Verður barnið stimplað að eilífu? Mun fólk halda að þetta sé mér að kenna? Að ég hafi verið hirðulaus móðir? Sama gildir um litla drenginn sem er greindur með ADHD. Eða Asperger. Fyrstu viðbrögð foreldranna eru oftast nær afneitun sem síðar verður að feluleik. Lyfin eru falin. Einkennin líka. Kennari barnsins fær þó að vita af þessu (sem nokkurs konar vitorðsmaður) en að öðru leyti er fáum treyst fyrir vitneskjunni. Fordómarnir sem hér eiga í hlut eru þó ekki þessir hefðbundnu „ég-er-hrædd-við-það-sem-ég-þekki-ekki“ fordómar, sem eru komnir til af vanþekkingu og reynsluleysi. Fordómarnir sem hér um ræðir eru meira í ætt við svona „ég-veit-hvað-þér-er-fyrir-bestu“ hugarfar, svona „besserwissera“-hugsunarháttur. Þetta fólk meinar vel, en er samt svo hræðilega óþolandi að stundum langar mig til að æpa.

Þessi tegund fordóma á við þunglyndi og aðra geðsjúkdóma. Fólk á þunglyndis- og/eða kvíðalyfjum hefur bara ekkert úthald lengur, segir fólk. Það er annað en í mínu ungdæmi. Þá stóðu menn bara sína plikt og ekkert væl. Voru stoltir af sinni óhamingju og sínum erfiðleikum og grettu sig framan í heiminn. Nú eru gretturnar alveg out. Nútímamaðurinn vill bara svífa um á bleiku skýi og poppa pillur. Þessi tónn breytist þó örlítið þegar um erfiðari geðsjúkdóma en þunglyndi er að ræða. Ef sjúklingurinn er nægilega skynsamur til að sýna sig reglulega með úfið hár, tryllt augu og gefa frá sér geðveikisleg hljóð, hverfur „besserwisserinn“ á braut og tautar: „hræðilegir svona sjúkdómar.“ Og hafnar viðkomandi algjörlega. Vill sem minnst af honum vita.

Í þessum pistli tala ég af reynslu. Móðir mín elskuleg er mjög, mjög veik kona. Og hefur alltaf verið. En það sem hefur helst staðið henni fyrir þrifum er ekki sjúkdómurinn í sjálfu sér heldur samfélag í afneitun, samfélag sem er svo bugað af ótta að það neitar að horfast í augu við erfið vandamál og erfitt fólk. Við gerum allt til að komast hjá því að viðurkenna að einhver í okkar innsta hring sé svo sjúkur á geði að erfitt sé að umgangast hann á venjubundinn máta. Þetta veika fólk segir auðvitað svo mikla vitleysu og er svo illa útlítandi. Er okkur eiginlega til skammar. Því felum við þetta fyrir vinum okkar og skólafélögum.

Þó veik sé, hefur móðir mín auðvitað alltaf áttað sig á því að það er verst í heimi að vera geðveikur. Og því er best að viðurkenna það aldrei. Þó veika hegðun hennar hafi oft valdið því að fólk hafni henni, kýs hún höfnunina frekar en að segja hátt og skýrt: ég er bara geðveik. Og er dálítið að fíla það (sem eru auðvitað ýkjur). Núna er hún loksins komin inn á geðdeild. Okkur systkinunum til ómældrar hamingju og gleði. Enda hefur líf okkar sjaldan verið auðveldara. Hún vill auðvitað ekki vera þar, nei nei. Borgaralega uppeldið veldur því að henni finnst ekkert verra en að vera á geðdeild. Hvað mun fólk eiginlega segja? Öfugt við hina á geðdeildinni, segir mamma, þá ber hún ekki tilfinningar sínar á torg. Og hún lítur mjög niður á fólkið sem skælir út í eitt og situr ekki eins og hún, með pókerfeis dauðans, og leggur kapal. Um daginn sat ég hjá henni þegar ein konan fer skyndilega að blístra háværan lagstúf og slá taktinn með fótunum. Að sjálfsögðu lítur mamma á mig með miklum vanþóknunarsvip og sagði: „þetta er ekki kallað geðdeild fyrir ekki neitt.“ Haha. Ég átti bágt með að skella ekki upp úr. Þarna situr veika móðir mín, sem óttast viðbrögð annarra við veikindum sínum, og fordæmir þá sem henni finnast vera veikari en hún.

Mamma vill heldur ekki taka lyf. Það er af og frá. „Heldiði að ég fari að taka lyf eins og einhver geðsjúklingur?“ „Uuuu, mamma,“ tafsaði ég, „þú ert eiginlega dálítill geðsjúklingur fyrir.“ Og baráttan við að koma lyfjum ofan í hana hefur hingað til verið mig lifandi að drepa. Sem stendur þó til bóta núna.

Sannleikurinn er sá að geðdeild er yndislegur staður. Þar er fólk af öllum stærðum og gerðum, sem margt hvert hefur upplifað miklar sorgir og mikil áföll. Þar er dásamlegt hjúkrunarfólk, við systkinin megum vísítera þegar okkur sýnist, fá okkur kaffi og spjalla við mömmu. Samt kemur það manni alltaf jafn mikið á óvart að sjá hversu venjulegt þetta fólk er. Þetta gæti verið ég. Eða þú. Sumir dagar eru þó betri en aðrir.

Dagurinn í dag var góður dagur. Eiginlega sá besti sem ég hef átt með henni í mörg ár. Allt geðdeild og lyfjunum, sem við pínum ofan í hana, að þakka. Þegar ég heimsótti mömmu í dag, sat hún uppi í rúmi með útvarpið á hæsta styrk og las blöðin. Eins og í gamla daga. Svo ræddum við ýmislegt til sjávar og sveita. Systir mín kom líka og saman sátum við þrjár og skellihlógum. Fengum svo brjálað hláturskast að það glumdi í byggingunni. Og gerðum grín að geðsjúkdómnum. Og skyndilega fannst mér eins og lífið gæti ekki verið betra. Að ég hafi upplifað djúpa tengingu við sjálfið í mömmu, í stað veiku manneskjunnar sem allra augu beinast að. Og þessi tenging var svo gefandi að ég fékk næstum því tár í augun. Við systurnar sögðum mömmu sögur af alls kyns konum sem við vitum að hafa farið inn á geðdeild og komið út endurnærðar. Og það algerlega án brennimerkingar. Ég hef sjaldan séð lifna jafn mikið yfir mömmu, enda sturtaði hún pillunum nánast í sig þegar við fórum.

En hvað á að gera við alla þessa andstyggilegu fordóma þarna úti? Satt best að segja veit ég ekki hvort til eru einhverjar lausnir við þessu. Og sennilega er ég ekkert betri en næsti maður í þessu efni. En á meðan fólk þjáist að ástæðulausu er þetta óviðunandi ástand. Feitum börnum er strítt í skólanum. Foreldrar þeirra eru í stöðugri varnarstöðu. Sumir einstaklingar eru með ADHD. Aðrir eru þunglyndir. Eða geðsjúkir. Og þarfnast stuðnings. Ég stefni nú að því að verða kærleiksríkari og umburðarlyndari manneskja. Hvað með þig?

# Er sorg þunglyndi?

**STEINDÓR J. ERLINGSSON SKRIFAR:**

Miklar deilur standa í dag vegna fimmtu útgáfu flokkunar- og greiningarkerfis bandarísku geðlæknasamtakanna (DSM-5), sem væntanleg er á næsta ári. Tillögur DSM-5 vinnuhópanna eru sumar þess eðlis að óbreyttar muni þær leiða til þess að fjöldi þeirra sem hægt er að greina með geðröskun mun vaxa mikið. Í hugum sumra fela tillögurnar í sér áframhald þeirrar miklu sjúkdómsvæðingar mannlegra tilfinninga sem fylgdi DSM-III (1980) og IV (1994).

Það er því viss kaldhæðni falin í því að harðasti gagnrýnandi DSM-5 er geðlæknirinn Allen Frances (http://bit.ly/cjKial), sem ritstýrði DSM-IV. Frances hefur bent á að líkja megi stöðu flokkunarkerfis geðlæknisfræðinnar við ástand líffræðilegrar flokkunarfræði fyrir daga þróunarkenningar Darwins. Þá var hægt að flokka höfrunga með fiskum og leðurblökur með fuglum því að oftast var horft á yfirborðseinkenni, eins og geðlæknar gera í greiningum sínum, en ekki undirliggjandi skyldleika.

Í þessu sambandi má spyrja hvort sorgarviðbrögð við fráfall maka eða náins ættingja séu í raun þunglyndi . Samkvæmt DSM-IV má ekki greina einstakling sem upplifir slíka sorg með þunglyndi, þó hann uppfylli greiningarskilyrði, fyrr en eftir tvo mánuði. Í DSM-III var tímabilið eitt ár. Nú stendur hins vegar til að fella sorgarundanþáguna út úr DSM-5 og því má greina einstakling með þunglyndi tveimur vikum eftir t.d. fráfall maka.

Bandaríska geðlækninum Arthur Kleinman stendur ekki á sama um þessa tillögu. Í grein sem birtist um miðjan febrúar í læknatímaritinu Lancet fjallar hann um dauða eiginkonu sinnar, sorgina, æsinginn, svefn-, einbeitingar- og lystarleysið sem fylgdi í kjölfarið. Kleinman segir að eftir því sem mánuðirnir liðu hafi þessi erfiða reynsla orðið léttbærari, en nú þegar ár er nánast liðið frá andlátinu „finn ég enn stundum fyrir sorg og líður eins og hluti af mér sé að eilífu horfinn“.

Vegna faglegra og persónulegra ástæðna á Kleinman jafn erfitt með að skilja núverandi tillögu um að fella út sorgarundanþáguna og tveggja mánaða undanþáguna sem fyrir er í DSM-IV. Kleinman segir að hér sé á ferð sjúkdómsvæðing eðlilegra tilfinninga. Leiðarahöfundur Lancet tekur undir með Kleinman: „Sorg er ekki sjúkdómur. Það er gagnlegra að hugsa um hana sem fylgifisk þess að vera manneskja og eðlilegt viðbragð við fráfalli ástvinar. Það er óviðeigandi að setja tímamörk á sorg.“

Leiðarahöfundurinn leggur áherslu á að þótt sorg geti stundum leitt til alvarlegs þunglyndis komist mikill meirihluti þeirra sem upplifa hana í gegnum reynsluna án aðstoðar læknis eða lyfja.

Enn fremur bendir hann á að ekki liggi vísindalegar sannanir fyrir því að þunglyndislyf gagnist einstaklingum sem nýlega hafa upplifað mikla sorg. Það virðist því vel hægt að taka undir með Frances að ef tillagan nær fram að ganga muni einungis lyfjafyrirtækin græða á henni.



Vísindasagnfræðingurinn Steindór J. Erlingsson segir miklar deilur standa um fimmtu útgáfu flokkunar- og greiningarkerfis bandarísku geðlæknasamtakanna (DSM-5). En í hugum sumra fela þær í sér sjúkdómsvæðingu.

# Við erum öll aðstandendur

**SÓLRÚN ÓSK LÁRUSDÓTTIR SKRIFAR:**

Landssamtökin Geðhjálp voru stofnuð af aðstandendum og stuðningur við þá er mikilvægur þáttur í starfi félagsins. Um helmingur þeirra sem leita til ráðgjafaþjónustu Geðhjálpar er aðstandendur; foreldrar, börn, makar, systkini, vinir, frændfólk, afar og ömmur. Talið er að á hverjum tíma séu um 50.000 Íslendingar að glíma við einhvers konar geðsjúkdóm þannig að flest þekkjum við til eða erum aðstandendur einhverra. Stuðningur aðstandenda er afar mikilvægur og getur tekið á sig ýmsar myndir. Í sumum tilfellum veita aðstandendur fjárhagslegan stuðning, gerast málsvarar, veita aðstoð við athafnir daglegs lífs og útvega jafnvel húsaskjól.

Tilfinningalegur stuðningur er nauðsynlegur en oft eiga aðstandendur erfitt með að vita hvernig þeir eiga að veita hann. Sumir þola illa afskiptasemi og ofverndun í veikindum sínum og vilja jafnvel enga hjálp þiggja. Það getur verið flókið að læra hvar og hvenær á að setja mörk og að hlusta og sýna skilning án þess að vera meðvirkur. Þeir sem glíma við geðsjúkdóma sýna stundum hegðun sem nákomnir eiga erfitt með að takast á við og getur komið róti á tilfinningalífið. Aðstandendur geta fundið fyrir ótta, reiði, sársauka, sorg og sektarkennd svo eitthvað sé nefnt. Þótt stuðningur geti verið gefandi og sé veittur með glöðu geði getur hann einnig valdið álagi og oft skortir aðstandendur aðgang að úrræðum og upplýsingum. Rannsóknir hafa bent til að það hafi jákvæð áhrif á bata í geðrænum veikindum þegar þörfum aðstandenda fyrir upplýsingar, ráðgjöf og stuðning er mætt.



Ráðgjafinn Sólrún Ósk segir aðstandendum standa stuðningur til boða.

Geðsjúkdómar geta hent okkur öll. Ef þig grunar að einhver þér nákominn glími við geðræn veikindi gæti verið gott að byrja á því að spyrja viðkomandi hvernig honum líði og hvort og hvernig þú getir stutt hann. Einnig er hægt að hafa samband við ráðgjafa Geðhjálpar sem gæta fyllsta trúnaðar.

# Mikilvægi hagsmunagæslu

**KRISTÍN TÓMASDÓTTIR SKRIFAR:**

Geðhjálp hefur á undanförnum tveimur árum lagt áherslu á að efla þjónustu sem snýr að hagsmunagæslu fyrir hagsmunahóp félagsins. Í hagsmunagæslu felst að standa vörð um hag og réttindi sjúklinga og aðstandenda, vera hlustandi og óháður talsmaður. Gæta þarf að því að farið sé að lögum og að mannréttindi séu ekki brotin en einnig að meðferðarþegi sé hafður með í ráðum varðandi sína meðferð og að virðing sé borin fyrir hans/hennar skoðunum. Þá getur hagsmunagæslan einnig snúið að réttindum aðstandenda til þess að taka ákvarðanir eða fá fyrirliggjandi gögn í hendurnar.

Geðhjálp eru óháð hagsmunasamtök sem hafa enga hagsmuni af því að verja ákvarðanir spítalanna, Tryggingastofnunar, ráðuneyta eða annarra aðila sem gætu tekið ákvarðanir um málefni hagsmunahópsins nema það sé hópnum fyrir bestu. Í þessu felst að vera óháður hagsmunaaðili.

Undanfarin tvö ár hafa komið inn á borð ráðgjafa Geðhjálpar að meðaltali sex hagsmunamál á mánuði. Mörg þeirra eru leyst með einföldum aðgerðum til dæmis aðstoð við lestur á fyrirliggjandi gögnum, aðstoð við bréfaskrif eða stuðning á fundum um málefni þess sem á í hlut. Stundum snúa málin að einföldum misskilningi og fellur það þá í hlut hagsmunagæslunnar að reyna eftir bestu getu að leiðrétta misskilninginn. Sumir geðsjúkdómar eru þess eðlis að fólk getur átt erfitt með að meta aðstæður eða greina hver þeirra réttindi eru og hvort þau séu í hávegum höfð. Í þeim tilfellum getur óháður aðili safnað saman upplýsingum og gögnum sem styðja að svo sé, nú ef svo er ekki þá getur hagsmunagæslan fylgt málunum eftir og þrýst á að svo verði.



„ Í hagsmunagæslu felst að standa vörð um hag og réttindi sjúklinga og aðstandenda, " segir Kristín Tómasdóttir ráðgjafi hjá Geðhjálp.

Sumir eiga aðstandendur sem sinna þessu hlutverki en margir þeirra leita til Geðhjálpar eftir praktískum upplýsingum um geðheilbrigðiskerfið og hvernig best sé að snúa sér í ákveðnum aðstæðum. Stundum getur verið gott að fá utanaðkomandi aðila til þess að sinna þessu hlutverki til þess eins að koma í veg fyrir trúnaðarbresti í traustum samböndum við aðstandendur. Aðrir eiga ekki aðstandendur sem geta sinnt þessu hlutverki eða gera sér ekki grein fyrir mikilvægi þess. Þá er þjónusta Geðhjálpar oftar en ekki vel þegin.

Til þess að hagsmunagæslan skili góðum árangri er mikilvægt að allir málsaðilar vinni vel saman en þannig næst yfirleitt mikil sátt og niðurstöður sem eru öllum fyrir bestu.



Ingibjörg Gunnlaugsdóttir, ráðskona Geðhjálpar á Túngötu 7, býður upp á hafragraut á morgnana og hefðbundinn mömmumat í hádeginu. Þess á milli spjallar hún við fólkið sem sækir félagsmiðstöðina í húsinu. MYND/STEFÁN

# Kalla hana hjarta hússins

**Ingibjörg Gunnlaugsdóttir hefur starfað sem ráðskona Geðhjálpar á Túngötu 7 í hartnær fjórtán ár. Henni leiðist aldrei í vinnunni og hún hefur eignast góða vini.**

Hádegismatur er í fullum undirbúningi í húsnæði Geðhjálpar á Túngötu 7. Ráðskonan Ingibjörg hrærir Royal búðing í stórri skál en brosir við blaðamanni þegar hann rekur inn nefið og býður honum sæti í betri stofunni. Heimilislegt andrúmsloft svífur yfir vötnum í þessu reisulega einbýlishúsi þar sem langflestar innréttingar eru upprunalegar. „Við erum búin að vera hér frá árinu 1999 og líður afar vel, bæði starfsfólkinu og þeim sem hingað sækja daglega,“ segir Ingibjörg og strýkur yfir snjáða arma leðursófans. „Auðvitað er erfitt að halda húsnæðinu við og núna vantar okkur til dæmis fjármagn til að gera við þakið og gluggana. En þetta hús hefur sál, því er ekki að neita,“ segir hún hlýlega.

Ingibjörg hefur verið ráðskona Geðhjálpar í bráðum fjórtán ár. „Þetta er alveg yndislegt starf, ég hlakka alltaf til að fara í vinnuna. Dagarnir eru vissulega miserfiðir,“ segir hún en bætir við að henni hafi lærst að taka vandamálin ekki heim með sér.

En hvernig er hefðbundinn dagur í lífi ráðskonunnar á Túngötunni? „Ég byrja daginn á því að elda hafragraut,“ upplýsir Ingibjörg. „Það er misjafnt hve margir mæta í hann en þeir geta farið upp í fimm og sex. Svo fer ég að undirbúa hádegismatinn,“ segir hún en venjulegur heimilismatur er iðulega á borðum. „Fólk vill fá svona mömmumat,“ segir hún hlæjandi. „Annars er sama hvað ég ber á borð, hvort það er soðinn fiskur, grjónagrautur eða svínakjöt. Þeim finnst þetta allt gott.“

Um fimmtán til tuttugu manns mæta í hádegismat í Geðhjálp á degi hverjum. „Um mánaðamótin er þó alltaf minna um að vera, þá gerir fólk sér oft dagamun og fær sér hamborgara eða eitthvað slíkt,“ segir Ingibjörg og brosir. Eftir hádegismatinn tekur við frágangur og þegar á þarf að halda fer Ingibjörg og verslar inn. Starf hennar felst þó ekki síður í því að setjast niður og spjalla við gestina og segist Ingibjörg stundum vera í hálfgerðu hlutverki stuðningsaðila. „Þau tala alltaf um mig sem hjarta hússins, kannski af því að það liggur aldrei illa á mér og ég tek öllum eins,“ segir Ingibjörg og hlær. Þá reynir hún einnig eins og hún getur að aðstoða gesti ef á þarf að halda. „Ég hjálpa þeim jafnvel að þvo þvottinn sinn ef út í það fer,“ segir hún glettin.

Langur starfsaldur Ingibjargar er mörgum gestum Geðhjálpar mikil huggun. „Fólk sem kemur hingað aftur eftir nokkurt hlé er alltaf glatt að sjá að ég er hér enn. Því finnst voða gott að mæta andliti sem það þekkir og fyllist öryggi,“ segir Ingibjörg og bendir á að afar fjölbreyttur hópur sæki þjónustu Geðhjálpar á Túngötunni. „Margir eru þó einstæðingar og sumir eiga jafnvel hvergi heima,“ lýsir hún. Á Túngötuna getur fólk komið, lesið blöðin og hitt fólk sem Ingibjörg telur afar mikilvægt þar sem margir eru félagslega einangraðir.

Og verður hún vör við bata hjá skjólstæðingum Geðhjálpar? „Já, stundum. Það er frábært að sjá þegar fólk fer að taka meiri þátt í lífinu og fer jafnvel út á vinnumarkaðinn á ný.“

## Við þökkum stuðninginn

**Reykjavík**

Aðalmálun sf Bræðraborgarstíg 13
Aðalblikk ehf Bíldshöfða 18
Aðalvík ehf Ármúla 15
Arctic rafting Þorláksgeisla 46
ARGOS ehf - Arkitektastofa Grétars og Stefáns Eyjarslóð 9
Arkform, arkitektastofa Ármúla 38
Arkitektastofan OG ehf Skúlatúni 2
ASK Arkitektar ehf Geirsgötu 9
Athygli ehf Suðurlandsbraut 30
Augað gleraugnaverslun Kringlunni 8-12
Árbæjarapótek ehf Hraunbæ 115
Árni Reynisson ehf Skipholti 50d
Ásbjörn Ólafsson ehf Skútuvogi 11a
Áskot bed and breakfast Ásvallagötu 52
Bakkus ehf Héðinsgötu 1
Balletskóli Sigríðar Ármann ehf Skipholti 35
Bandalag háskólamanna Borgartún 6
Birtingur ehf Sóleyjargötu 5
Bílasmiðurinn hf Bíldshöfða 16
Björnsbakarí ehf v/Skúlagötu Klapparstíg 3
Blaðamannafélag Íslands Síðumúla 23
BSRB Grettisgötu 89
Danica sjávarafurðir ehf Suðurgötu 10
Drafnarfell ehf Stórhöfða 35
Dún- og fiður ehf Laugavegi 86
Efling stéttarfélag Sætúni 1
Eignamiðlun Síðumúla 21
Eignaumsjón hf Suðurlandsbraut 30
Einar Jónsson Skipaþjónusta Laufásvegi 2a
Evrópulög ehf Garðarstræti 37
Eyrir fjárfestingafélag ehf Skólavörðustíg 13
Fatabúðin ehf Skólavörðustíg 21a
Faxaflóahafnir sf Hafnarhúsinu Tryggvagötu 17
Félag bókagerðamanna Hverfisgötu 21
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga Suðurlandsbraut 22
Félagsbústaðir hf Hallveigarstíg 1
Fiskafurðir-umboðssala ehf Fiskislóð 5-9
Fjallabak ehf Skólavörðustíg 12
Forum lögmenn ehf Aðalstræti 6
GB Tjónaviðgerðir ehf Dragháls 6-8
Gjögur hf., Grenivík Kringlunni 7
Glitnir banki ehf, útibú 513 Lækjargötu 12
Gluggasmiðjan hf Viðarhöfða 3
Guðmundur Arason ehf - smíðajárn Skútuvogi 4
Guðmundur Jónasson ehf Borgartúni 34
Gull og silfur ehf Laugavegi 52
Gullsmiðurinn í Mjódd Álfabakka 14b
Halldór Jónsson ehf Skútuvogi 11
Harald og Sigurður ehf Stangarhyl 6
Hárgreiðslustofan Hármiðstöðin Hrísateigi 47
Henson Brautarholti 24
Herrafataverslun Birgis ehf Fákafeni 11
Hótel Leifur Eiríksson ehf Skólavörðustíg 45
Hvíta húsið hf, auglýsingastofa Brautarholti 8
Höfðakaffi ehf Vagnhöfða 11
Ice Consult ehf Mörkinni 6
Iceland Congress s: 552 9500 Eskihlíð 3
Iceland Seafood ehf Köllunarklettsvegi 2
Innnes ehf Fossaleyni 21
InnX innréttingar ehf Fosshálsi 1
Intellecta ehf Síðumúla 5
Íslensk endurskoðun ehf Bogahlíð 4
Íslensk erfðagreining Sturlugötu 8
Ísloft blikk- og stálsmiðja ehf Bíldshöfða 12
Íþróttafélagið Fylkir Fylkisvegi 6
Jóhann Þorsteinsson Logafold 130
K. Pétursson ehf Kristnibraut 29
Kaþólska kirkjan á Íslandi Hávallagötu 14-16
Kemi ehf www.kemi.is Tunguhálsi 10
Kjaran ehf Síðumúla 12-14
Kjöthöllin ehf Skipholti 70 og Háaleitisbraut
Knattspyrnusamband Íslands Laugardal
KOM almannatengsl Höfðatorgi
KPMG ehf Borgartúni 27
Kringlan Kringlunni 4-12
Kristján F. Oddsson ehf -

# Fjölbreytt starfssemi og vinalegt andrúmsloft

Geðhjálp er með aðsetur að Túngötu 7 og dagleg starfsemi hússins miðar að því að gefa gestum tækifæri til að rjúfa félagslega einangrun, þroska hæfileika sína og njóta fræðslu og stuðnings af ýmsu tagi. Geðhjálp heldur einnig úti ráðgjöf og hagsmunagæslu fyrir fólk sem glímir við geðraskanir og aðstandendur þeirra. Hjá Geðhjálp starfa tveir ráðgjafar, Sólrún Ósk Lárusdóttir og Kristín Tómasdóttir, sem sinna þessari þjónustu. Þá heldur Jóhanna G. Erlingsdóttir utan um rekstur skrifstofunnar, fjármál félagsins og símavörslu.

**HAGSMUNAGEÐ**

Geðhjálp hefur á undanförnum misserum lagt áherslu á að efla þjónustu sem snýr að hagsmunagæslu þeirra sem þurfa á geðheilbrigðiskerfinu að halda og aðstandendum þeirra. Ráðgjafar Geðhjálpar reyna að greiða fyrir að fólk fái þá geðheilbrigðisþjónustu sem það á rétt á. Sum mál leysast skjótt en önnur eru yfirgripsmikil og tímafrek. Ráðgjafar geta meðal annars farið yfir fyrirliggjandi gögn í máli, mætt á fundi sem óháðir aðilar og haft samband við hlutaðeigandi aðila ef þörf krefur. Nýlega hafa samtökin tekið sérstaklega til skoðunar hagsmunamál fanga og þeirra sem eru nauðungarvistaðir.

Geðhjálp eru landssamtök og vilja því efla þjónustu í geðheilbrigðismálum á landinu öllu. Sú þjónusta er afar misjöfn eftir landshlutum og sveitarfélögum. Geðhjálp er að vinna að því að kortleggja geðheilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni. Í kjölfarið er markmiðið að þrýsta á úrbætur þar sem þörf er á svo og að benda á það sem vel er gert og nota sem fyrirmynd.

**RÁÐGJAFARGEÐ**

Geðhjálp heldur úti öflugri ráðgjöf og stuðningi við fólk sem stríðir við geðsjúkdóma og aðstandendur þeirra. Ráðgjöfin er veitt í gegnum síma, tölvupóst eða á staðnum sé þess óskað. Viðtalsþjónusta felur ekki í sér meðferð en ráðgjafar reyna að leggja mat á vandann með ráðþegum og ákveða síðan næstu skref í sameiningu. Ráðgjafar reyna að hafa yfirsýn yfir þá þjónustu og úrræði sem eru í boði í geðheilbrigðiskerfinu og vísa skjólstæðingum til viðeigandi aðila. Hægt er að hafa samband símleiðis mánudaga til fimmtudaga frá klukkan 9 til 16 og föstudaga frá klukkan 9 til 12. Einnig er hægt að senda ráðgjöfum fyrirspurnir í gegnum heimasíðu Geðhjálpar eða gegnum netfangið gedhjalp@gedhjalp.is Viðtöl eru veitt eftir samkomulagi.

**FRÍSTUNDAGERÐ**

Geðhjálp er griðastaður fyrir fólk sem hefur glímt við eða stríðir við geðsjúkdóma. Samtökin haldi úti öflugu félagsstarfi. Á fyrstu hæð hússins við Túngötu 7 er notalegt mötuneyti þar sem Ingibjörg Gunnlaugsdóttir ráðskona eldar gómsætan heimilismat í hádeginu mánudaga til fimmtudaga og hægt er að fá á vægu verði. Þá er alltaf heitt á könnunni, hægt að spjalla við gesti og gangandi, grípa í spil, lesa blöðin, þvo þvott og fleira. Hamingjuhópur hittist í húsinu alla mánudaga klukkan ellefu þar sem hamingjan er rædd frá ýmsum hliðum til að hefja vikuna á jákvæðum nótum. Sjálfboðaliðinn Monika Danielwicz skipuleggur að auki ýmsa frístundaviðburði, bíódaga, gönguferðir og margt fleira.

**FORVARNARGEÐ**

Geðhjálp leggur áherslu á forvarnir til að fyrirbyggja frekari geðheilbrigðisvanda á Íslandi. Ráðgjafar Geðhjálpar veita í þeim tilgangi fræðslu um Geðhjálp og geðheilbrigðimál í skóla og fyrirtæki sé þess óskað. Hvort tveggja er hægt að sækja í höfuðstöðvar samtakanna að Túngötu 7. Undanfarið hafa samtökin unnið að sérstakri aðgerðaráætlun sem er sérsniðin fyrir fyrirtæki þegar geðræn vandamál koma upp á vinnustöðum.

Í húsnæði Geðhjálpar starfa nokkrir sjálfshjálparhópar, sumir sjálfstætt og aðrir undir handleiðslu ráðgjafa Geðhjálpar. Félagsfælnihópur hittist á miðvikudagskvöldum og geðhvarfahópur á fimmtudagskvöldum. Einnig stendur til að fara af stað með enskumælandi hóp á næstunni.



Dagleg starfsemi hússins miðar að því gefa gestum tækifæri til að rjúfa félagslega einangrun, þroska hæfileika sína og njóta fræðslu og stuðnings af ýmsu tagi. Geðhjálp er með starfsemi sína í húsnæði að Túngötu 7.



Jólastund með Styrmi Gunnarssyni.



Anna Þrúður Þorvaldsdóttir, einn af stofnendum og frumkvöðlumVinjar (lengst t.v.), hlaut hvatningarverðlaun Geðhjálpar í október síðastliðnum.



Mugison tekur lagið fyrir gesti Geðhjálpar.


## Við þökkum stuðninginn

endurskoðun og skattskil Síðumúla 25
Krit ehf Ármúla 10
Landsnet hf Gylfaflöt 9
Landssamtökin Þroskahjálp Háaleitisbraut 13
Leiguval ehf Kleppsmýrarvegi 8
Leikskólinn Vinaminni ehf Asparfelli 10
Lital Bílasalan ehf Eirhöfða 11
Líf og sál sálfræðistofa ehf Fiskislóð 75
Ljósmyndaver Hörpu Hrundar ehf Fákafeni 11
Mennta- og menningarmálaráðuneytið Sölvhólsgötu 4
Menntaskólinn við Hamrahlíð Hamrahlíð 10
Motus Laugavegi 97
Nexus afþreying ehf Hverfisgötu 103
Nýi ökuskólinn ehf www.meiraprof.is Klettagörðum 11
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins Kringlunni 7
Og fjarskipti ehf Skútuvogi 2
ORKUVIRKI ehf Tunguhálsi 3
Ó. Johnson & Kaaber - Sælkeradreifing Tunguhálsi 1

Ósal ehf Tangarhöfða 4
Parlogis hf - Lyfjadreifing ehf Krókhálsi 14
Plúsmarkaðurinn Hátúni 18b
Prentmet ehf Lynghálsi 1
Rafstilling ehf Dugguvogi 23
Rafsvið sf Þorláksgeisla 100
Raftækjaþjónustan sf Lágmúla 8
Ráðgjafar ehf Garðastræti 36
Renniverkstæði Jóns Þorgrímssonar ehf Súðarvogi 18
Rolf Johansen & Co ehf Skútuvogi 10a
Rue de Net Reykjavík ehf Vesturgötu 2a
Samhjálp Stangarhyl 3a
Samtök atvinnulífsins Borgartúni 35
Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja,SSF Nethylur 2 e
Sálarrannsóknarfélag Reykjavíkur Síðumúla 31
Seljakirkja Hagaseli 40
SFR stéttarfélag í almannaþjónustu Grettisgötu 89

SÍBS Síðumúla 6
Sínus ehf Grandagarði 1a
Sjómannadagsráð Laugarási Hrafnistu
Sjómannasamband Íslands Borgartúni 18
Skotfélag Reykjavíkur Engjavegi 6
Skólavefurinn.is Laugavegur 163
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins Skógarhlíð 14
Sportbarinn Álfheimum 74
Stólpi ehf Klettagörðum 5
Stuðlar, meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga Fossaleyni 17
Suzuki bílar hf Skeifunni 17
Svínahraun ehf
Talnakönnun hf Borgartúni 23
Tannlæknastofa Björns Þ Þórhallssonar Háteigsvegi 1
Tannþing ehf, tannlæknastofa Þingholtsstræti 11
Terra Export ehf Ljósuvík 38
Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar Engjateigi 1
Tækniskólinn - skóli atvinnulífsins Skólavörðurholti

Umslag ehf Lágmúla 5
V.R. Kringlunni 7
Veiðiþjónustan Strengir Smárarima 30
Veitingahúsið Caruso Þingholtsstræti 1
Verslunarskóli Íslands Ofanleiti 1
Verslunin Brim, Laugavegi 71 og Kringlunni
Vélsmiðjan Harka hf Hamarshöfða 7
Vímulaus æska - Foreldrahús Borgartúni 6
www.ibudagisting.is Síðumúla 14, 2. hæð
Yndisauki, Alhliða veisluþjónusta Vatnagörðum 6

**Seltjarnarnes**

Seltjarnarneskirkja Kirkjubraut 2

**Vogar**

V.P.vélaverkstæði ehf Iðndal 6

**Kópavogur**

Axis-húsgögn ehf Smiðjuvegi 9d
Bílamálunin Varmi ehf Auðbrekku 14

# Geðveik jól komin til að vera

Félagasamtök þurfa sífellt að finna nýjar og hugvitsamar leiðir til að fjármagna sig og starf Geðhjálpar væri ekki mögulegt ef að við hlytum ekki styrki ýmiss konar. Síðastliðið haust setti Geðhjálp á fót í fyrsta sinn átaks- og söfnunarverkefnið „Geðveik jól“ . Viðtökurnar voru framar björtustu vonum og átakið er nú komið til að vera.

En hvað eru eiginlega Geðveik jól? Geðveik jól er söngvakeppni milli fyrirtækja þar sem starfsmenn þátttökufyrirtækjanna leggja Geðhjálp lið með flutningi á jólalagi, ýmist frumsömdu eða tökulagi. Síðan er kosið um besta lagið eða besta flutninginn og allur ágóði af kosningunni rennur til Geðhjálpar til að standa straum af kostnaði við fjölbreytt starf okkar. Þetta árið tóku fjórtán fyrirtæki þátt og má ætla að á milli 100- 200 starfsmenn þeirra fyrirtækja hafi á einn eða annan hátt lagt hönd á plóg.

Markmið átaksins er tvíþætt. Í fyrsta lagi styrktarsöfnun eins og komið hefur fram, en „Geðveik jól“ eru ekki síður sett á fót til þess að hvetja til umræðu, helst vitundarvakningu um geðsjúkdóma á sem breiðustum grundvelli. Við viljum að það sé eðlilegt að tala um geðsjúkdóma. Með þessari hispurslausu, mannlegu og gleðilegu nálgun viljum við hvetja fólk til þess að brjótast úr viðjum feimni og óöryggis þegar það ræðir um geðræn veikindi og margvísleg áhrif þeirra á okkur öll. Við viljum leggja til grundvöll til umræðu þar sem allir eru velkomnir, og hvetja helst þá til að taka þátt sem áður hafa ekki haft sig mikið í frammi. Þess vegna leitum við til hinnar venjulegu Gunnu og hins venjulega Jóns á hinum ýmsu vinnustöðum. Við viljum að umræða skapist og að fólk tali saman um allt sem viðkemur geðsjúkdómum. Um stöðu notenda við ýmiss konar kerfi í okkar samfélagi, um margvíslega og mismunandi sjúkdóma, um möguleika, um stuðning, um drifkraft, um allt sem þarf að ræða um svo að við getum hjálpast sem best að.

Það þekkja nefnilega allir til geðsjúkdóma, þeir eru ekki einkamál fárra. Allir eiga vini,vinnufélaga, börn, frænku, frænda, foreldra eða aðra að sem glíma við hin ýmsu geðrænu veikindi. Það sem meira er; langflestir eru sammála um grundvallaratriðið; að hlúa verði að þessum stóra hópi fólks og að við sem samfélag gerum það best saman.

Starfsmenn þeirra fjórtán fyrirtækja sem tóku þátt í Geðveikum jólum 2011 sýndu þennan samhug og samtakamátt þegar þeir lögðu lóð sín á vogarskálar okkar í Geðhjálp. En það sem meira er, allir höfðu mikið gaman af og fólk talaði um skemmtilegt hópefli sem sameinað hafði ólíkt fólk innan þessara fyrirtækja. Það er svo annar bónus við átaksverkefnið sem starfsmenn Geðhjálpar eru ánægðir með að hafa stuðlað að og hlakka til að gera aftur fyrir næstu jól.



Markmið átaksins er tvíþætt. Annars vegar styrktarsöfnun og hins vegar til að hvetja til umræðu og vitundarvakningu um geðsjúkdóma á sem breiðustum grundvelli.



Eimskip hampaði fyrsta sæti en hér er Björt með fulltrúum Landsbankans sem lentu í öðru sæti.



Jón Gnarr borgarstjóri brá sér í gerfi Geðgóðs jólasveins í þágu málefnisins.



Anna Þrúður Þorvaldsdóttir, einn af stofnendum og frumkvöðlum Vinjar.

**● VIN HLAUT HVATNINGARVERÐLAUN** Geðhjálp veitti sín árlegu hvatningarverðlaun 12. október síðastliðinn og féllu þau í skaut Vinjar, athvarfs Rauða kross Íslands fyrir fólk með geðraskanir. Mikilvægt er að halda úti fjölbreyttri starfsemi fyrir notendur geðheilbrigðiskerfisins en til stóð að loka Vin nú í mars. Geðhjálp harmaði þá ákvörðun og skoraði á Rauða kross Íslands, Reykjavíkurborg og aðra opinbera aðila að leita úrræða svo Vin gæti haldið áfram óbreyttri starfsemi.

Vin, líkt og Geðhjálp, er félagslegur bakhjarl þeirra sem eiga við geðræn veikindi að stríða á Íslandi og hefur starfsemin öðlast virðingu innan geðheilbrigðiskerfisins. Lokun hefði getað skert lífsgæði geðfatlaðra. Í kjölfarið safnaðist rekstrarfé fyrir Vin og er rekstur félagsins nú tryggður til þriggja ára.

**● HVERNIG GERIST ÉG FÉLAGI?** Geðhjálp eru óháð hagsmunasamtök þeirra sem þurfa aðstoð vegna geðrænna vandamála, aðstandenda þeirra og annarra er láta sig geðheilbrigðismál varða. Samtökin eru rekin sem frjáls félagasamtök og eru fjármögnuð með styrkjum. Sökum þessa fer mikil orka á vegum félagsins í fjármögnun og styrktarsöfnun. Öllu fjármagni sem kemur inn til félagsins er beint eftir fremsta megni í málstaðinn þannig að það nýtist hagsmunahópnum sem allra best.



Geðhjálp treystir á velgjörðir sinna félagsmanna sem greiða félagsgjald einu sinni á ári. Margt smátt gerir eitt stórt og því getur fjölgun félagsmanna lyft grettistaki í starfsemi félagsins.

Hægt er að gerast félagi með því að skrá sig á www.gedhjalp.is eða hringja á skrifstofu félagsins í síma 570-1700.

**● GEÐORÐIN 10**

1. Hugsaðu jákvætt, það er léttara
2. Hlúðu að því sem þér þykir vænt um
3. Haltu áfram að læra svo lengi sem þú lifir
4. Lærðu af mistökum þínum
5. Hreyfðu þig daglega, það léttir lundina
6. Flæktu ekki líf þitt að óþörfu
7. Reyndu að skilja og hvetja aðra í kringum þig
8. Gefstu ekki upp, velgengni í lífinu er langhlaup
9. Finndu og ræktaðu hæfileika þína
10. Settu þér markmið og láttu drauma þína rætast

# Skemmtilegra en Eurovision

**Markaðsstjóri Eimskips var efins um jólalagakeppni Geðhjálpar til að byrja með en komst fljótlega á allt aðra skoðun.**

„Í hreinskilni sagt leist mér ekkert allt of vel á hugmyndina fyrst,“ segir Ólafur William Hand, markaðsstjóri Eimskips, þegar hann rifjar upp fyrstu viðbrögð sín við jólalagasamkeppni Geðhjálpar, Geðveik jól 2011. „Það var mikið að gera hjá okkur á þessum tíma, einum og hálfum mánuði fyrir jól, en við samþykktum að fá þau frá Geðhjálp á fund og hlusta á kynningu á verkefninu. Ég skipti fljótt um skoðun, þetta var einmitt það sem fyrirtækið þurfti á þessum tíma,“ segir Ólafur og bætir við að stuttur fyrirvari hafi reynst kostur þegar upp var staðið.

„Við stukkum einfaldlega í málið og spurðum starfsfólk sem er viðloðandi tónlist hvort það væri tilbúið að spreyta sig, fyrirtækið myndi styðja við bakið á þeim varðandi kostnað og annað. Gottskálk Kristjánsson tók verkið að sér og vinnan fór á fullt. Við auglýstum á innri vefnum okkar eftir hljóðfæraleikurum og söngvurum, fengum fagfólk til að vinna með okkur að upptöku lagsins og við gerð myndbandsins. Þetta vannst allt með góðri samvinnu.“

Ólafur segir þátttöku Eimskips í keppninni hafa rifið upp andann í fyrirtækinu. Fólk hafi kynnst hvert öðru á annan hátt og lært að vinna hvert með öðru á öðrum grundvelli en dags daglega. Lagið hafi hljómað um allt, starfsmenn horft á það á netinu og allir komist í jólaskap.

„Þátttakan í þessari samkeppni reyndist smellpassa inn í þá uppbyggingu sem við höfðum verið í með starfsfólki eftir hrunið,“ segir Ólafur. „Við höfðum haldið námskeið um stefnumótun og fleira og þetta reyndist mikið móralskt pepp. Mér fannst ljósvakamiðlar landsins þó ekki taka verkefninu eins opnum örmum og þeir hefðu átt að gera. Það var miður því þarna lyftu stærstu fyrirtæki landsins grettistaki í að koma út lagi og myndbandi á mjög skömmum tíma. Það tekur hljómsveitir eins og U2 fleiri ár að koma út einni plötu! Við vorum rosalega stolt af okkar starfsfólki og því var leiðinlegt gagnvart þeim og gagnvart verkefninu sjálfu hvað ljósvakamiðlarnir voru seinir til. Ég hugsa að það hefði safnast meira ef lögin hefðu til dæmis verið spiluð í útvarpinu,“ segir Ólafur og bætir við að það hafi ekki verið takmark í sjálfu sér að vinna keppnina. Verkefnið hafi snúist um annað.



Ólafur William Hand, markaðsstjóri Eimskips, segir þátttöku fyrirtækisins í Geðveikum jólum hafa rifið andann upp í fyrirtækinu í skammdeginu. MYND/GVA

„Það skipti engu máli hver vann, verkefnið var yfir það hafið. Það var gleðin og ánægjan sem við sáum að okkar starfsfólk hafði af vinnunni við þetta sem var nóg fyrir okkur. Fólk fékk að kynnast hlutum sem það hafði aldrei reynt áður. Ég viðurkenni að ég var ekki bjartsýnn en það breyttist þegar ég sá hvert stefndi. Við sögðum sem betur fer já við þessu og verðum pottþétt með aftur ef af verður. Þetta er miklu skemmtilegri keppni en Eurovision!“

# Eins og rokkstjörnur á göngunum

**Lagið Ég óska þér góðra jóla vann jólalagakeppnina Geðveik jól. Lagið samdi starfsmaður Eimskips.**

„Ég fékk frjálsar hendur hvernig ég nálgaðist verkefnið og ákvað strax að semja lag og texta,“ segir Gottskálk Kristjánsson, verkefnastjóri í upplýsingatæknideild hjá Eimskip og höfundur að laginu „Ég óska þér góðra jóla“, en lagið vann jólalagasamkeppni Geðhjálpar, Geðveik jól 2011. Gottskálk er ýmsum hnútum kunnugur í tónlistarbransanum en segir þó ekki einfalt mál að semja jólalag.

„Ég hef verið að semja og spila, bæði sem trúbador og í hljómsveitum í mörg ár og samið slatta af popplögum og rokklögum en það er ekkert einfalt að semja jólalag. Ég þurfti að setja mig í ákveðnar stellingar, drekka jólaöl og borða konfekt,“ segir Gottskálk og hlær. Hann fékk strax hugmyndir að lögum en ákvað svo að taka sér gömlu meistarana til fyrirmyndar.

„Ég fór að hugsa með mér hvernig meistararnir hafa gert þetta, Björgi Halldórs og fleiri. Þeir hafa yfirleitt samið jólatexta við ítalskar ballöður svo ég fór að hlusta á ítalska popptónlist til að skilja hljómaganginn. Prófaði svo að setja eitthvað saman með svipaðri blöndu og þá kom þetta bara.“

Gottskálk segir eftirleikinn hafa gengið eins og í sögu. Lítið mál hafi verið að finna hæfileikafólk úr röðum starfsmanna til að syngja og spila og allir boðnir og búnir að leggja hönd á plóginn.

„Það var auðveldi hlutinn. Það er margt hresst fólki hér hjá Eimskip sem er til í að prófa ýmislegt skemmtilegt, eitthvað sem brýtur upp daginn. Það var rosalega gaman að vinna þetta og margir voru að stíga vel út fyrir þægindarammann en höfðu gaman af. Sérstaklega þegar myndbandið var tekið, þá vorum við öll langt fyrir utan þægindarammann en það lukkaðist vel,“ segir hann hlæjandi.



Gottskálk H. Kristjánsson, verkefnastjóri í upplýsingatæknideild hjá Eimskip, er höfundur lagsins „Ég óska þér góðra jóla“ en lagið vann jólalagasamkeppni Geðhjálpar, Geðveik jól 2011. MYND/GVA



Tilvonandi rokkstjörnur hjá Eimskip. MYND/ÚR EINKASAFNI



Gottskálk segir lítið mál hafa verið að finna hæfileikafólk í fyrirtækinu til að syngja.

En var hópnum þá ekki tekið eins og rokkstjörnum á göngunum í fyrirtækinu? „Jú, þú getur rétt ímyndað þér það,“ segir Gottskálk. „Lagið var spilað í matsalnum og í jólafögnuði hjá öllum deildum og sviðsljósið skein á okkur í nokkurn tíma. Það var auðvitað gaman að sjá hvað allir voru ánægðir með útkomuna og það er fyrir öllu. Líka hvernig gekk með söfnunina hjá Geðhjálp.“

Aðspurður segir hann hópinn ekki hafa stofnað formlega hljómsveit ennþá en tilækið hafi þó kveikt ákveðinn neista hjá starfsfólki fyrirtækisins. „Eimskip var alltaf með kór og eftir þetta kom til tals að endurvekja hann. Þetta lífgaði upp á tilveruna í desember sem oft er dimmur. Kannski búum við bara til nýtt lag, hver veit.“



Starfsmenn stigu út fyrir þægindarammann þegar þeir léku í myndbandi við lagið en allt lukkaðist vel.

# Við þökkum stuðninginn

**Vogar**
V.P.vélaverkstæði ehf Iðndal 6

**Kópavogur**
Axis-húsgögn ehf Smiðjuvegi 9d
Bílamálunin Varmi ehf Auðbrekku 14
Fagsmíði ehf Kársnesbraut 98
Glófi ehf, varma@varma.is Auðbrekka 21
Goddi ehf Auðbrekku 19
Hellur og garðar ehf Kjarrhólma 34
**KVEIKJAN** að þessum vangaveltum er atvik sem varð í fótboltaleik fimmtán ára stráka um daginn. Leikmaður viðhafði algjörlega ömurleg orð um andstæðing sinn sem vísuðu til kynþáttar hans. Sá reiddist og svaraði fyrir sig með hnefunum. Aganefnd Knattspyrnusambandsins dæmdi þann er lét orðin falla í þriggja leikja bann, hinn fékk sex leikja bann fyrir barsmíðarnar. Sú ákvörðun hefur vakið athygli og finnst sumum sem nefndin hafi snúið hlutunum á haus. Umræður um atvikið hafa ekki verið öfgalausar með öllu.

**Á SÍNUM** tíma auðnaðist okkur ekki að tala af þokkalegri skynsemi um hvort Tíu litlir negrastrákar væri rasismi eða ekki. Þeir sem veltu fyrir sér menningarlegu samhengi eða því um líku voru samstundis úrskurðaðir rasistar.

**AUÐVITAÐ** má ekki fara niðrandi orðum um aðra og það má alls ekki fara niðrandi orðum um kynþátt annarra. Best er að innræta börnum það um leið og þau hafa aldur til að skilja. Mér er þó til efs að kynþáttafordómum verði útrýmt með fordæmingunni einni saman. Samræða og upplýsing eru líklegri til árangurs.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





PÁSKA TILBOÐ
OPIÐ ALLA HELGINA • STÚTFULLAR VERSLANIR AF TILBOÐUM
PÁSKATILBOÐ
STÚTFULL BÚÐ AF FARTÖLVUM • NÝ SJÓÐANDI HEIT MÓDEL • OPIÐ ALLA HELGINA
TS11
5250
X series
119.900
89.900
134.900
F750
269.900
PAVILION
4BLS BÆKLINGUR
FULLUR AF SPENNANDI PÁSKATILBOÐUM
PÁSKA TILBOÐ
OPIÐ ALLA HELGINA • STÚTFULLAR VERSLANIR AF TILBOÐUM
0% VEXTIR
27"LCD
GIGABYTE
BenQ
119.900
39.900
ÆVINTÝRA PÁSKAEGG
NR40 RISA PÁSKAEGG
2PRO
16.900
19.900
24.900
TÖLVUTEK
ÆVINTÝRA PÁSKAEGG
FYLGIR ÖLLUM TÖLVUM TIL PÁSKA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
acer ASUS DELL hp lenovo packard bell SAMSUNG SONY TOSHIBA
OPIÐ ALLA HELGINA
Í dag og föstudag
10:00 - 19:00
Laugardag
11:00 - 18:00
Sunnudag
13:00 - 17:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

# menning

menning@frettabladid.is



**FJÖLMIÐLAKONAN SIRRÝ** hefur sent frá sér sína fyrstu bók og ber hún nafnið Laðaðu til þín það góða. Í bókinni fjallar Sirrý um fjölmarga þætti daglegs lífs, framkomu okkar hvert við annað og hvaða augum við lítum á tilverun.



**MAGNEA** Valur Freyr Einarsson og Kristín Þóra Haraldsdóttir í hlutverkum sínum sem Magnea.

# Fjölskyldusaga á fjalirnar

**Heimildarleikverkið Tengdó verður frumsýnt á litla sviði Borgarleikhússins í kvöld. Þar er sögð sönn saga ástandsbarns, „eina litaða barnsins í Höfnum“.**

„Saga tengdamóður minnar hefur heillað mig alveg frá því ég kynntist henni, en það eru um fimm eða sex ár frá því ég fékk þá hugmynd að reyna að útfæra þá sögu fyrir svið,“ segir Valur Freyr Einarsson, höfundur og annar leikara í verkinu Tengdó, sem verður frumsýnt á Litla sviði Borgarleikhússins í kvöld klukkan 20.

Um er að ræða heimildarleikverk, þar sem skyggnst er inn í fjölskyldusögu eiginkonu Vals og samstarfskonu, Ilmar Stefánsdóttur. Þau Valur, Ilmur og Davíð Þór Jónsson tónlistarmaður mynda kjarna leikhópsins CommonNonsense, sem stendur að baki sýningunni. Ilmur hannar leikmynd og búninga í uppsetningunni nú, leikstjóri er Jón Páll Eyjólfsson og aðalhlutverkið leikur Valur á móti Kristínu Þóru Haraldsdóttur.

Leikritið sem úr varð byggir á örlagasögu móður Ilmar, Magneu Reynaldsdóttur. Sumarið 1944 varð móðir hennar, Guðbjörg Grímsdóttir, ástfangin af bandarískum hermanni og átti í nokkurra mánaða sambandi við hann. Sá var litaður, sem var afar sjaldgæft, því íslensk stjórnvöld höfðu gefið út tilmæli um að hingað skyldu engir litaðir hermenn koma. Um haustið var hann kvaddur í stríðið á meginlandinu. Sagan sagði hins vegar að hann hefði aldrei náð ströndu, því skipið hefði verið skotið í kaf áður en það náði landi.

**Fimmtíu ára leit**

Þetta var það eina sem Magnea vissi um föður sinn, en hún hafði alltaf einhverja tilfinningu um að hugsanlega væri hann ekki dáinn. „Á unglingsárum speglaði hún sig í bíómyndum, því hún var ekki lík neinum öðrum í umhverfi sínu. Það sem gerði lífið svo flókið fyrir hana var að hún var eina litaða barnið í Höfnum, þar sem hún bjó, og þær mæðgur voru litnar miklu hornauga. Barnið stendur alltaf frammi fyrir spurningunni af hverju það er öðruvísi en allir hinir. Hún getur ekki svarað því, því hún skilur ekki forsendurnar. Svo eyðir hún næstu 50 árum í að leita róta sinna, þangað til loksins að hún fær niðurstöðu í málið,“ segir Valur, og hættir hér sögunni, því hann vill ekki gefa upp hvernig leitin endaði.

Lítið hefur verið um heimildarleikhús á Íslandi hingað til.

**Innblástur frá Finnlandi**

Hugmyndina að því að setja verkið upp í þessu formi fékk Valur á leiklistarhátíð í Finnlandi fyrir nokkrum árum. „Kveikjan að þessu var sýning sem ég sá úti í Finnlandi á leiklistarhátíð, sem var gjörólík þessari, en var þó líka heimildarleiksýning. Maðurinn sem gerði þá sýningu fór með okkur í ferðalag um blaðagreinar, sem fjölluðu allar um leitina að týndum ambættismanni. Þetta var ótrúlega falleg sýning sem kveikti hjá mér þá hugmynd að ég þyrfti ekki að setjast niður og skrifa leikrit um þessa sögu, heldur gæti ég notað „staðreyndirnar“ og þau skref sem Magnea tengdamóðir mín hefur tekið í gegnum tíðina í sinni leit og búið til heimildarleikhúsverk. Niðurstaðan varð þó sú að lokum að ég skrifaði handrit fyrir okkur til að vinna út frá sem varð svo kjölfestan í vinnu hópsins. Hefði ég byrjað með þá hugmynd þá hefði ég aldrei komist frá landi held ég.“

**Flissaði eins og smástelpa**

Magnea sjálf gaf þeim hjónum fullt leyfi til að vinna með sögu hennar. Valur segir það samt sem áður hafa verið sérkennilega stund að sýna henni verkið að lokum. „Hún var ótrúlega örlát og treysti okkur til að fara með efniviðinn af virðingu og kærleik, sem við auðvitað gerðum. En það var mjög skrítið þegar komið var að fyrsta rennsli og hún sat ein úti í sal og horfði. Ég fékk flisskast eins og smástelpa og rafmagn í hausinn. En hún var sem betur fer mjög ánægð með hvernig við höfðum umgengist sögu hennar, sem skipti auðvitað mestu máli fyrir okkur.“


# Páskamyndin

Ljósmyndasamkeppni Fréttablaðsins hefst í dag og er þemað „Páskastemning“.

Besta myndin mun prýða forsíðu Fréttablaðsins laugardaginn 7. apríl næstkomandi. Verðlaun fyrir fyrsta sætið er heimaljósastúdíó frá Nýherja; 2x150W ljósastandar, regnhlíf og DVD kennsludiskur. Verðlaun fyrir annað og þriðja sætið eru ferðir í Borgarleikhúsið fyrir tvo.

Frestur til að skila inn mynd rennur út klukkan tólf á hádegi þriðjudaginn 3. apríl. Hver ljósmyndari má senda eina mynd inn, fyrsta myndin gildir.

Tekið er við myndum í netfanginu ljosmyndasamkeppni@frettabladid.is



NÝHERJI

Allt sem þú þarft

Nánari upplýsingar um keppnina eru á www.visir.is/ljosmyndakeppni




**FRUMFLYTJA VERK** Sinfóníuhljómsveit unga fólksins leikur í Neskirkju í kvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Viðamikil efnisskrá

Sinfóníuhljómsveit unga fólksins heldur tónleika í kvöld klukkan átta í Neskirkju. „Hljómsveitin heldur yfirleitt þrenna tónleika á ári, auk þess að fara á þjóðlagahátíð á Siglufirði,“ segir Björg Brjánsdóttir sem situr í stjórn sveitarinnar.

„Hljómsveitin er skipuð nemendum á aldrinum 13 til 25 ára, nemendum sem eru í framhaldsnámi. Sumir eru komnir í háskólanám erlendis og koma heim til þess að leika á tónleikunum.“

Efnisskrá kvöldsins er viðamikil. Nýtt verk eftir Halldór Smárason verður frumflutt, leikinn verður flautukonsert eftir Carl Gottlieb Reissiger í flutningi Hafdísar Vigfúsdóttur flautuleikara og loks verður flutt sjálf Hetjusinfónían, sinfónía nr. 3 eftir Ludwig van Beethoven. Stjórnandi er Gunnsteinn Ólafsson sem stýrt hefur sveitinni frá stofnun hennar 2004.


**Gallerí Fold í 20 ár** 1992–2012



**Nikhil Nathan Kirsh**



**Þorsteinn Helgason**
Samspil

LISTMUNASALA fold

**Síðasta sýningarhelgi · Sýningunum lýkur 4. apríl**

**Erum að taka á móti verkum á næsta uppboð**

Opið virka daga 10–18, laugard. kl. 11–16, sunnud. 14–16

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is


# Andlit úr fortíðinni

Guðrún Pálína Guðmundsdóttir myndlistarmaður verður með listamannsspjall í Flóru, Listagilinu á Akureyri, í kvöld frá klukkan 20 til 21. Þar er sýning hennar Faðirinn með myndverkum af ætt föður hennar í 8. lið. Hún kveðst eiga ljósmyndir af langafa og langömmu en aftan við þau byggi hún myndir sínar á getgátum og tilfinningum. „Verkin eru máluð með akríllitum á svartan pappír,“ lýsir listakonan. „Það er dimmt í salnum og þeir sem koma á sýninguna fá vasaljós og lýsa á myndverkin, þannig öðlast þau dýpt og skapa þrívíddaráhrif.“



**GUÐRÚN PÁLÍNA GUÐMUNDSDÓTTIR**

Þetta er fjórða sýning Guðrúnar Pálínu sem tengist ættfræðirannsóknum. „Andarnir minna á sig, þeir lifa áfram í okkur gegnum erfðafræðina, ekki bara efnið heldur líka andann og hugsunina,“ segir hún. „Á málþinginu í kvöld ætla ég að útskýra þessa stúdíu og minn lífsferil í leiðinni.“

Sýningin í Flóru stendur til 14. apríl. - gun

VERUM OKKAR EIGIN FARARSTJÓRAR Í LÍFINU




# BLÓMSTRAÐU!

*„Sirrý sýnir okkur hvernig við getum valið að ná öllu því ánægjulega út úr lífinu. Hvetjandi lesning!“*

ÞÓRA TÓMASDÓTTIR, RITSTJÓRI NÝS LÍFS

Einstök bók um hvernig hægt er að endurskoða afstöðu sína til fjölmargra þátta í hinu daglega lífi og um leið auka lífsgæðin verulega.

VERÖLD

DYNAMO REYKJAVÍK

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 29. mars 2012**

### Gjörningar



**17.00** Rúrí flytur gjörninginn Vocal VI á Listasafni Íslands í salarkynnum safnsins að Fríkirkjuvegi 7. Er þetta í fyrsta sinn sem verkið verður flutt á Íslandi, en það var frumflutt í Ars Electronica Center í Linz, Austurríki, í haust.

### Sýningar

**17.00** Ívar Valgarðsson opnar sýningu sína Power Lines í i8 Gallery.

### Hönnun Og Tíska

**18.00** Nemendur annars árs í fatahönnun við Listaháskóla Íslands sýna afrakstur 5 vikna námskeiðs á tískusýningu í skemmu BRIM Seafood að Geirsgötu 11. Tískusýningin er hluti af Reykjavík Fashion Festival.

### Fræðslufundir

**16.00** Gíslný Bára Þórðardóttir, þroskaþjálfi hjá Stoð, talar á opnum fræðslufundi Stoðar hf í hjálpartækjasal þeirra að Trönuhrauni 8. Fundurinn ber yfirskriftina Brjóstgæði.

### Kvikmyndir

**17.00** Konfúsíusarstofnunin sýnir þriðja hluta heimildaþríleiksins Kína: Byltingaöldin (China: A Century of Revolution) í stofu 101 í Odda, húsi Háskóla Íslands. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

### Tónlist



**20.00** Rússnesk söngveisla verður í Salnum, Kópavogi. Þóra Einarsdóttir, Nathalía Druzin Halldórsdóttir, Gunnar Guðbjörnsson og Nína Margrét Grímsdóttir flytja perlur úr rússneskum tónbókmenntum.

**20.00** Ungfónían, Sinfóníuhljómsveit unga fólksins, heldur tónleika í Neskirkju. Efnisskráin er viðamikil og meðal annars verður frumflutt nýtt verk eftir Halldór Smárason.

**21.00** Þýski raftónlistarmaðurinn Whale v/s Elephant spilar á Græna Hattinum. Miðaverð er kr. 1.500.

**21.00** Blúsbandið Smiðjan og Þorleifur spila á Café Rosenberg.

**22.00** Hljómsveitirnar Kiriyama Family, Nolo og M-Band standa fyrir electropopp tónleikaveislu á Gauk á Stöng. Aðgangseyrir er kr. 1.000 og 20 ára aldurstakmark.

**22.00** Stefán Karl Stefánsson leikari og söngvari verður gestur Bítladrengjanna blíðu á Ob-La-Dí Ob-La-Da. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**22.00** Low Roar og Snorri Helgason spila ásamt hljómsveitinni Pikknikk, sem er skipuð Steina úr Hjálmum og Siggu Eyþórs, á Faktory. Miðaverð er kr. 1.000.

### Listamannaspjall

**20.00** Guðrún Pálína Guðmundsdóttir talar á listamannaspjalli í Flóru, Listagilinu á Akureyri. Spjallið er í tengslum við sýningu hennar þar, sem kallast Faðirinn.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

# Grunnskólarnir hlusta

**Smásagan Eins og í sögu eftir Ragnheiði Gestsdóttur verður frumflutt fyrir alla grunnskóla landsins í dag.**



**UPPLESTUR** Arndís Þórarinsdóttir, formaður IBBY á Íslandi, segir fjörugar umræður hafa skapast í kringum upplestur smásögu Kristínar Helgu Gunnarsdóttur á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Þetta er svo einföld hugmynd að í rauninni er eins og hún hafi alltaf verið til, þótt hún hafi ekki komið fram fyrr en í fyrra," segir Arndís Þórarinsdóttir, formaður Íslandsdeildar IBBY (The International Board on Books for Young People), alþjóðlegra samtaka sem starfa í sjötíu löndum og hafa meðal annars að markmiði að miðla skilningi milli þjóða heims með barnabókum og gefa börnum hvar sem er í heiminum tækifæri til að njóta góðra bóka. Samtökin standa í dag í annað sinn fyrir frumflutningi nýrrar, íslenskrar smásögu í öllum grunnskólum landsins samtímis. Smásagan heitir Eins og í sögu og les höfundurinn, Ragnheiður Gestsdóttir, hana jafnframt upp á Rás 1 í sömu andrá, klukkan 9.45, svo öll þjóðin geti lagt við hlustir. Með þessu framtaki fagnar IBBY degi barnabókarinnar sem haldinn verður hátíðlegur mánudaginn 2. apríl, en þá verða grunnskólabörn komin í páskafrí.

Á síðasta ári var það Hörpuslag, smásaga Kristínar Helgu Gunnarsdóttur, sem lesin var í skólum og í útvarpi og telur Arndís afar vel hafa tekist til. „Það var mikil ánægja með framtakið og rosalega gaman að sjá hvernig skólarnir unnu þetta hver á sinn hátt. Til að mynda var sögunni útvarpað í kallkerfi sundlaugar á Akureyri þar sem nemendur voru í skólasundi. Í sumum skólum var öllum safnað saman á sal til að hlusta, aðrir hlustuðu á bókasafninu, í dönskutíma eða hvar sem þeir voru staddir. Það er gaman að hugsa sér alla þessa einstaklinga sem hlusta á sömu söguna á sama tíma. Stundum er talað um að höfundar og lesendur sameinist í hugsanaflutningi við lestur skáldskapar, og í þessu tilfelli er þessi sameining á mun stærri skala," segir Arndís, en samhliða lestri sögunnar í útvarpi hefur höfundurinn Ragnheiður Gestsdóttir unnið kennsluleiðbeiningar þar sem velt er upp umræðupunktum sem henta hverju skólastigi. „Sama sagan er lesin upp fyrir nemendur á aldrinum sex til sextán ára svo hún virkar á nokkrum sviðum. Í fyrra fréttum við af því að líflegar og skemmtilegar umræður hefðu sprottið upp víða í kjölfar lestursins."

Þegar Kristín Helga las sína sögu í fyrra var hún handhafi Sögusteins, barnabókaverðlauna IBBY á Íslandi, og það sama á nú við um Ragnheiði Gestsdóttur. „Það á vel við að handhafi Sögusteins semji smásöguna sem er lesin upp, en reyndar eru verðlaunin einungis afhent á tveggja ára fresti. Það verður því einhver óvæntur sem semur söguna annað hvert ár," segir Arndís.

kjartan@frettabladid.is



# VINNUR ÞÚ Í PÁSKALEIKNUM?

## 50 VIÐSKIPTAVINIR VINNA STÓRT NÓA-SÍRÍUS PÁSKAEGG OG GLÆSILEGAN VINNING!

**50 PÁSKAEGG OG VINNINGAR AÐ VERÐMÆTI 500.000**

Allir sem versla fyrir páska setja nafnið sitt í pott. Á Skírdag drögum við út 50 heppna viðskiptavini sem allir fá páskaegg nr. 7 frá Nóa-Síríus. Inni í öllum páskaeggjunum leynast vinningar eins og fartölva, borðtölva, spjaldtölva, myndavél eða 16GB minnislykill. Leikurinn er í verslunum Tölvulistans um allt land. Heildarverðmæti vinninga er yfir kr. 500.000!



1. VINNINGUR

15,6"

**TOSHIBA**
Satellite C660-152 15,6"
INTEL CORE i3

**99.990**



2. VINNINGUR

COOLER MASTER

CM H2.0 ELITE
ÖFLUG TURNTÖLVA MEÐ 2,4 GHZ DUAL CORE G530.

**79.990**



3. VINNINGUR

**UNITED**
United Tab1001
10" SPJALDTÖLVA MEÐ MULTI-TOUCH

**29.990**






5. - 50. VINNINGUR

SanDisk
OFURNETTUR 16GB MINNISLYKILL

**3.990**



4. VINNINGUR

**OLYMPUS**
Olympus VG110
MYNDAVÉL MEÐ 12 MILLJÓN PUNKTA UPPLAUSN

**14.990**

tl.is

**TÖLVU LISTINN**




**6 VERSLANIR UM ALLT LAND**

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |




## > Í SPILARANUM

**The Stranglers** - Giants
**The Chemical Brothers** - Don't Think
John Talabot - fin
Esperanza Spalding - Radio Music Society
Blússveit Þollýjar - My Dying Bed

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Hita upp fyrir Roses

Hljómsveit Liams Gallagher, Beady Eye, Primal Scream og Plan B eru á meðal þeirra sem hita upp fyrir The Stone Roses á þrennum endurkomutónleikum þeirra í Manchester í júní. Einnig hita upp rokkararnir í The Vaccines með bassaleikarann Árna Hjörvar innanborðs.

Miðar á tónleikana seldust upp á örskammri stundu eftir að þeir fóru í sölu í fyrra. Síðan þá hafa menn velt vöngum yfir hvaða hljómsveitir munu hita upp fyrir Roses og nú er það loksins komið í ljós.

Gallagher hefur lengi verið aðdáandi Roses og hefur látið hafa eftir sér að hann hafi viljað hella sér í tónlistarbransann eftir að hafa séð bandið á tónleikum þegar hann var ungur að árum.



**HITAR UPP** Liam Gallagher og félagar í Beady Eye hita upp fyrir The Stone Roses.




## > PLATA VIKUNNAR

★★★☆☆
Lana Del Rey - Born To Die
„Nýstirnið Lana Del Rey með ágæta poppplötu.“ -TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Heitur snjór frá Stokkhólmi*

Hljómsveitin Miike Snow var stofnuð í Stokkhólmi ári 2007 af tveimur Svíum, Christian Karlsson og Pontus Winnberg, og bandaríska lagasmiðnum Andrew Wyatt. Karlsson og Winnberg eru æskufélagar frá Gautaborg og unnu saman í tónlist þar á unglingsárunum. Karlsson var svo meðlimur í hip-hop-sveitinni Goldmine, en þeir hittust aftur í Stokkhólmi árið 2000 og mynduðu upptökustjórateymið Bloodshy & Avant sem samdi og tók upp tónlist fyrir ótal stórstjörnur, þ.á m. Sugababes, Kelis, Kylie Minogue og Britney Spears, en það var einmitt þegar þeir voru að vinna við plötu með henni árið 2004 sem þeir hittu Wyatt.



**MIIKE SNOW** „Aha hittir Animal Collective.“

Nafnið Miike Snow (maður þarf alltaf að skoða það aftur til að athuga hvort það hafi ekki örugglega verið tvö i…) var að sögn valið til heiðurs japanska kvikmyndaleikstjóranum Takashi Miike. Hljómsveitin gaf út sína fyrstu plötu, samnefnda sveitinni, árið 2009. Hún fékk ágætar viðtökur plötukaupenda, en dómar voru nokkuð misjafnir. Í síðustu viku kom svo plata númer tvö, Happy To You, sem þykir töluvert betri.

Tónlistin á nýju plötunni er elektróskotið popp. Eins og við var að búast af þessum bransajálkum úr poppiðnaðinum þá er hljómurinn mjög flottur og það sama má segja um lagasmíðarnar og útsetningarnar, sem eru hugmyndaríkar og skemmtilegar. Það mætist í sveitinni grípandi vinsældapopp og tilraunakenndari pælingar sem skýrir lýsingu blaðamanns breska blaðsins Guardian sem sagði að tónlist Miike Snow væri eins og „Aha hittir Animal Collective“.

Fín poppplata, og ekki skemmir fyrir að sænska þjóðargersemin Lykke Li syngur eitt lag, Black Tin Box.


# Mótun menningar – Shaping Culture

AFMÆLISRIT TIL HEIÐURS

## Gunnlaugi A. Jónssyni,

SEXTUGUM

*Skráning á heillaóskaskrá*

**Gunnlaugur A. Jónsson, prófessor í gamlatestamentisfræðum við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands, verður sextugur þann 28. apríl, 2012. Af því tilefni mun Hið íslenska bókmenntafélag gefa út veglegt afmælisrit honum til heiðurs með ritgerðum er tengjast þeim fræðasviðum guðfræðinnar sem hann hefur beint sjónum sínum hvað mest að. Höfundur eru valinkunnir innlendir og erlendir fræðimenn.**



Þeim sem vilja heiðra Gunnlaug á þessum tímamótum, og hafa ekki enn skráð sig til þátttöku, er boðið að gerast áskrifendur að ritinu og fá með því nafn sitt og maka skráð á *heillaóskaskrá – tabula gratulatoria*, sem birt verður fremst í ritinu. Upplýsingum um nafn/nöfn, kennitölu, heimili, kortanúmer eða annan greiðslumáta má koma á framfæri í síma 588-9060, á netfangið hib@islandia.is, eða í fax 581-4088.

HIÐ ÍSLENSKA BÓKMENNTAFÉLAG
Skeifunni 3b – 108 Reykjavík


# Skjótur frami Nicki Minaj

**Nicki Minaj sendir frá sér sína aðra plötu í næstu viku. Frægðarsól hennar hefur risið hratt upp á skömmum tíma.**



**NÝ PLATA** Nicki Minaj sendir frá sér sína aðra plötu, Pink Friday, Roman Reloaded, í næstu viku. NORDICPHOTOS/GETTY

Önnur plata söngkonunnar Nicki Minaj, Pink Friday: Roman Reloaded, kemur í verslanir 3. apríl. Grípandi danspoppið er allsráðandi í fyrsta smáskífulaginu, Starships, sem kom út í febrúar og næsta lag, Right By My Side sem hún syngur með Chris Brown, er nýkomið í loftið.

Nýju plötunnar hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu enda hlaut sú fyrsta, Pink Friday sem kom út í nóvember 2010, fínar viðtökur. Hún komst í efsta sæti bandaríska Billboard-listans og annað smáskífulagið, Your Love, náði miklum vinsældum en það var unnið upp úr laginu No More I Love You´s sem Annie Lennox úr Eurythmics gaf út 1994.

Minaj varð í framhaldinu áberandi sem gestasöngkona hjá stjörnum á borð við David Guetta, Usher, Kanye West, Drake, Britney Spears og Madonnu. Með þeirri síðastnefndu söng hún, ásamt M.I.A., lagið Gimme All Your Luvin af nýjustu plötu Madonnu. Margir muna eflaust eftir söngatriði þeirra þriggja í hálfleik bandarísku Ofurskálarinnar í febrúar sem vakti mikla athygli.

Frami Nicki Minaj hefur verið mjög skjótur. Hún heitir réttu nafni Onika Maraj og fæddist í Trínidad og Tóbagó árið 1982 en fluttist til New York með foreldrum sínum þegar hún var fimm ára. Hún útskrifaðist úr LaGuardia-listaskólanum sem er frægur sem skólinn úr sjónvarpsþáttunum Fame. Eftir hafa gefið út þrjár mix-spólur sem vöktu á henni athygli gerði hún útgáfusamning við Young Money Entertainment sem rapparinn Lil Wayne stofnaði.

Pink Friday leit síðan dagsins ljós og birtist Minaj þar með fullskapaða og litríka ímynd, staðráðin í að stela senunni hvert sem hún kæmi. Það virðist hafa tekist, því auk þess að fá mikla útvarpsspilun og hafa setið fyrir í tímaritum á borð við Elle, W og Cosmopolitan hefur hún hlotið Bandarísku tónlistarverðlaunin og tilnefningu til Grammy-verðlauna.

Minaj hitaði upp fyrir Britney Spears á tónleikaferð hennar í fyrra en í ár ætlar hún að fylgja nýju plötunni eftir með eigin tónleikaferð. Hún ferðast um Evrópu í sumar og verða fyrstu tónleikarnir í Stokkhólmi 8. júní.

freyr@frettabladid.is

## ER NICKI MINAJ Í RAUNINNI JAY-Z?

Sú tilgáta hefur verið uppi um að rödd Nicki Minaj sé í raun frá rapparanum Jay-Z komin. Eftir að Jay-Z komst á toppinn sem rappari hafi það ekki nægt honum og því hann hafi einnig viljað komast í fremstu röð á kvenkyns rappmarkaðinum. Þessu til sönnunar hafa netverjar prófað að hægja á lögum Minaj, þar á meðal laginu Super Bass, og hljómar röddin þá skuggalega lík Jay-Z. Einnig hafa menn sett spurningamerki við frama Minaj sem þeir telja að hafi verið undarlega skjótur.



## LAGALISTINN
Vikuna 22. - 28. mars 2012

| Sæti | | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Fun / Janelle Monae | We Are Young |
| ▲ | 2 | Magni | Hugarró |
| ▼ | 3 | Valdimar Guðmunds. / Helgi Jú. | Stöndum saman |
| ▶ | 4 | Blár ópal | Stattu upp |
| ▲ | 5 | Of Monsters And Men | Lakehouse |
| ▲ | 6 | Bubbi / Mugison | Þorpið |
| ▼ | 7 | Retro Stefson | Qween |
| ▲ | 8 | M83 | Midnight City |
| ▼ | 9 | Kelly Clarkson | Stronger |
| ▲ | 10 | Train | Drive By |

## TÓNLISTINN
Vikuna 22. - 28. mars 2012

| Sæti | | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Of Monsters And Men | My Head Is An Animal |
| ▼ | 2 | Mugison | Haglél |
| ▶ | 3 | Adele | 21 |
| ▶ | 4 | Ýmsir | Söngvakeppni Sjónvarpsins 2012 |
| ▶ | 5 | Leonard Cohen | Old Ideas |
| ▲ | 6 | Helgi Björnsson | Íslenskar dægurperlur í Hörpu |
| ✱ | 7 | Sálgæslan | Dauði og djöfull |
| ▼ | 8 | Bruce Springsteen | Wrecking Ball |
| ✱ | 9 | Sólstafir | Svartir sandar |
| ✱ | 10 | Rökkurró | Í annan heim |

**Skýringar:**
▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is.

HÚSGAGNAHÖLLIN

# Lagersala

# 20-70%
## AFSLÁTTUR

Nýjar vörur með 10% afslætti

40% AFSLÁTTUR



**SKOVBY** sjónvarpsskenkur, eik/sápa.
B:162 D:47 H:52 cm.

109.994
FULLT VERÐ: 179.990

30% AFSLÁTTUR

209.986
FULLT VERÐ: 299.990



**OREGON** hornsófi 266 x 240 cm D:80 H:85 cm.
Áklæði vienna svart. Tunga hægra eða vinstra megin.

40% AFSLÁTTUR



LAZBOY
**STANLEY** La-z-boy stóll.
Svart leður á slitflötum.
B:80 D:80 H:101 cm.
kr. **95.994** fullt verð kr. ~~159.994~~

40% AFSLÁTTUR

47.994
FULLT VERÐ: 79.980



**JANE** eldhúsborð
80x120/220 cm, hvítt.

**ANDREW** borðstofustóll
fæst brúnn eða svartur
nú kr. **15.992**
fullt verð kr. ~~19.990~~.

60% AFSLÁTTUR



**BE ONE** kerti, öll Be One kerti
með 60% afslætti.

75% AFSLÁTTUR



**KJ** glas
kr. **73**
fullt verð
kr. ~~290~~.

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200 **OPIÐ** Virka daga 10-18 laugardaga 12-18 sunnudaga lokað.

> **LINDSAY LOHAN**

Svo gæti farið að leikkonan Lindsay Lohan bætist í hóp frægra er hafa leikið gestahlutverk í sjónvarpsþáttunum Glee. Lohan mun leika sjálfa sig í þáttunum og staðfesti talsmaður hennar fréttirnar við vefsíðuna Gossipcop.com.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Appelsínugul vera og svört kómedía

Auk myndarinnar Wrath of the Titans, sem er fjallað um hér að neðan, eru tvær kvikmyndir frumsýndar í bíóhúsum landsins um helgina.

Fyrst ber að nefna Dr. Seuss-teiknimyndina The Lorax þar sem stórstjörnurnar Danny DeVito, Zac Efron og Taylor Swift eru meðal þeirra sem ljá persónum myndarinnar rödd sína. The Lorax fjallar um hinn 12 ára gamla Tedda sem þarf að finna tré sem gerir honum kleift að vinna hug og hjarta draumastúlkunnar sinnar, Audrey. Til þess að finna tréð þarf hann þó fyrst að hafa uppi á skógarverðinum Lorax, appelsínugulri veru sem berst fyrir því að vernda heiminn. Myndin er sýnd á íslensku og ensku og í 3D.

Roman Polanski-myndin Carnage er einnig frumsýnd, en hún er byggð á bók Yasminu Reza, God of Carnage. Um er að ræða svarta kómedíu um tvenn hjón sem koma saman til að ræða hegðun sona sinna sem höfðu lent í slagsmálum í skólanum. Það sem fyrst átti að verða stuttur og vinsamlegur fundur snýst þó yfir í andhverfu sína og áður en við vitum af eru makar farnir að snúast hvor gegn öðrum. Með helstu hlutverk fara Jodie Foster, Kate Winslet, Christoph Waltz og John C. Reilly.

- trs



**THE LORAX** Stórleikarinn Danny DeVito ljáir appelsínugula og einkennilega skógarverðinum Lorax rödd sína í Dr. Seuss-myndinni The Lorax.

## KVIKMYNDARÝNI

★★☆☆☆
**FRIENDS WITH KIDS**
„Lítið merkilegt en ekki leiðinlegt. Leikararnir halda þessu á floti.“

★★★★☆
**MARGIN CALL**
„Spennandi fjármáladrama, drekkhlaðið úrvalsleikurum.“

★☆☆☆☆
**ACT OF VALOR**
„Hermennirnir geta nánast ekkert leikið og samtölin þeirra á milli eru svo klaufaleg að hliðstæðu þeirra má helst finna í klámmyndum.“

★★☆☆☆
**PROJECT X**
„Hressilegt partý en fremur misheppnuð mynd.“

- hva

# Hasar á heimsmælikvarða

**Stórmyndin Wrath of the Titans verður heimsfrumsýnd annað kvöld. Kvikmyndin er framhald Clash of the Titans sem sýnd var árið 2010.**

Wrath of the Titans og segir frá Perseus, hálfmannlegum syni guðsins Seifs, sem lifir nú rólegu lífi í litlu sjávarþorpi, stundar fiskveiðar og sinnir uppeldi tíu ára gamals sonar síns. Á sama tíma ríkir mikil ólga milli guðanna og títananna og nær títaninn Krónos að hneppa Seif í ánauð. Perseus ákveður í kjölfarið að bjarga Seifi, föður sínum, úr klóm Krónosar og um leið binda enda á stríðið.

Sam Worthington fer með hlutverk Perseusar en með önnur stór hlutverk fara Ralph Fiennes, Liam Neeson, Danny Huston og Rosamund Pike. Leikstjóri kvikmyndarinnar er hinn suður-afríski Jonathan Liebesman, en næsta verkefni hans er að leikstýra nýrri kvikmynd um erfðabreyttu skjaldbökurnar Teenage Mutant Ninja Turtles.

Á vefsíðunni Rotten Tomatoes eru gagnrýnendur sammála um að samtölin í kvikmyndinni séu þurr og leikurinn stirðbusalegur en að hasaratriðin séu stórgóð. Gagnrýnandi hjá ABC Radio segir til að mynda að Wrath of the Titans sé skemmtilegust þegar persónurnar sjálfar hætta að tala og láta verkin tala, og á þar við hasar- og bardagaatriðin.

- sm



**BARÁTTUGLÖÐ** Leikkonan Rosamund Pike fer með hlutverk drottningarinnar Andrómedu sem aðstoðar Perseus í baráttu sinni.

## ALÞJÓÐLEGUR LEIKARAHÓPUR

■ Leikarahópurinn er nokkuð alþjóðlegur. Fiennes, Huston, Pike, Toby Kebbell og Bill Nighy eru öll bresk að uppruna, Worthington er ástralskur, Neeson er írskur og Édgar Ramírez er fæddur í Venesúela.
■ Louis Leterrier leikstýrði Clash of the Titans en afþakkaði boð um að leikstýra Wrath of the Titans. Hann vann þó sem framleiðandi við gerð nýju myndarinnar.
■ Tökur fóru að mestu fram í kvikmyndaveri rétt fyrir utan London. Útitökur fóru fram í Surrey, suðurhluta Wales, á Kanaríeyjum og á Tenerife.






**NÝ CARRIE** Leikkonan Chloe Moretz hefur fengið tilboð um að leika aðalhlutverkið í endurgerð hrollvekjunnar Carrie. NORDICPHOTOS/GETTY

# Carrie snýr aftur

Leikkonan Chloe Moretz hefur fengið tilboð um að fara með aðalhlutverkið í endurgerðinni á hrollvekjunni Carrie.

Kvikmyndaverið MGM ætlar að endurgera kvikmyndina Carrie sem er byggð á samnefndri bók rithöfundarins Stephens King. Hinar ungu og efnilegu Dakota Fanning, Bella Heathcote og Lily Collins voru einnig orðaðar við hlutverkið en samkvæmt Deadline stendur valið helst á milli Moretz og Haley Bennett. Hin fimmtán ára gamla Moretz er líklega þekktust fyrir leik sinn í kvikmyndunum Kick-Ass og Let Me In þar sem hún leikur vampíru. Bennett vakti verðskuldaða athygli fyrir leik sinn í kvikmyndinni Kaboom.

Leikstjórinn Kimberly Peirce hefur tekið að sér að leikstýra endurgerðinni en hún hlaut einróma lof fyrir kvikmyndina Boys Don't Cry árið 1999.

Leikkonan Sissy Spacek fór með hlutverk Carrie White í upprunalegu myndinni sem frumsýnd var árið 1976.

# VORTILBOÐ

**25-50%**
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEILSURÚMUM

*Smíðum raf-magnsrúm í öllum stærðum!*

# ROYAL OG CLASSIC

## Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á 25% afslætti.

**12 mánaða vaxtalaus
VISA / EURO greiðsludreifing**



Öllum fermingarrúmum fylgir dýnuhlíf, lak og sængurver.

Gjafapakki að verðmæti kr. 17.500,-

# FERMINGARTILBOÐ

**Á HEILSURÚMUM - VERÐ 120X200 FRÁ KR. 79.442**

# FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

**Vertu örugg/ur. Komdu í greiningu**

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.



**HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?**

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

**FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM**

**VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM**

**SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA**

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

# lífsstíll
lifsstill@frettabladid.is



**RAUTT Í TÍSKU** Vísindamenn halda því fram að rauðhærðu fólki fari fækkandi, og getur svo farið að rauðhærðir verði útdauðir innan 100 ára. Rautt er þó tískuliturinn um þessar mundir og sífellt fleiri sem kjósa að lita hárið rautt. Þeirra á meðal má nefna stórstjörnuna Rihönnu.



**STATTU UPP** Fólk sem vinnur við tölvu á að standa oft og reglulega upp úr sæti sínu. NORDICPHOTOS/GETTY

## Á fætur í vinnunni

**HEILSA** Í nútímasamfélagi situr fólk lengur en áður og getur það haft slæmar afleiðingar á heilsu fólks. Vefsíðan Health.com ráðleggur fólki að nýta hvert tækifæri til að standa upp frá skrifborðinu yfir vinnudaginn og auka þannig á blóðflæði og hreyfingu.

Meðal þess sem ráðlagt er að gera er að ganga um á meðan þú sinnir persónulegum símtölum í farsímanum, þannig kemst blóðflæðið af stað og fólk teygir svolítið úr fótleggjunum í leiðinni. Annað gott ráð er að hætta að senda vinnufélögum netpóst og standa heldur upp og ræða við þá í eigin persónu. Fólki er einnig ráðlagt að breyta oft og reglulega um stöðu í stólnum, krossleggja fætur og standa reglulega upp.

### ELLA BY ELINROS LINDAL



Fatahönnun Elínrósar Líndal, Ella, hefur vakið mikla eftirtekt en þetta er í fyrsta sinn sem hún tekur þátt í Reykjavík Fashion Festival. Klæðileg og falleg snið eru aðalsmerki Ellu en ilmvötn og kerti úr hennar smiðju hafa einnig verið vinsæl. Ef marka má fatnaðinn frá Ellu má búast við því að vandað verður vel til verka í sýningunni, sem er sú fyrsta á laugardagskvöldinu.

# TÍSKUVEISLA RFF HAFIN

**Marsmánuður hefur verið einkar viðburðaríkur fyrir þá sem hafa gaman af tísku og hönnun en í dag hefst tískuhátíðin Reykjavik Fashion Festival. Ýmsar uppákomur eru í Reykjavík í tengslum við hátíðina, sem er einstaklega glæsileg í ár. Fréttablaðið kynnti sér þá viðburði sem tískuunnendur mega alls ekki láta framhjá sér fara á RFF. Hægt er að kaupa miða á tískusýningarnar, sem fara fram í Hörpu á morgun og laugardag, á vefsíðunni midi.is.**




### TÍSKUVAKA

Stjórnendur RFF blása til svokallaðrar tískuvöku í miðbæ Reykjavíkur í kvöld að erlendri fyrirmynd. Tískuborgir hafa yfirleitt haldið Fashion Night Out í tengslum við tískuvikurnar þar sem búðirnar halda upp á tískuhátíðina hver með sínum hætti. Um 47 búðir á Laugavegi og Skólavörðustíg ætla að taka þátt og hafa opið til klukkan 21 í kvöld. Það er því um að gera að kíkja í búðirnar sem flestar eru fullar af vorvörum.

### HRESSANDI SÝNING



Kormákur og Skjöldur, með fatahönnuðinn Guðmund Jörundsson í fararbroddi, sýna nýja herrafatalínu frá verslun-inni á morgun en þetta er í fyrsta sinn sem þeir taka þátt í tískuhátíðinni. Kormákur og Skjöldur loka sýningarkvöldinu í Hörpu á morgun.

### PALLBORÐSUMRÆÐUR UM TÍSKU



Á laugardaginn verða haldnar pallborðsumræður um tískuiðnaðinn á hótel Reykjavík Natura. Salman Khokhar stjórnar umræðunum en hann á ráðgjafafyrirtækið Koka Consulting í New York sem sérhæfir sig í stjórnunarráðgjöf fyrir ung og vaxandi tískufyrirtæki. Það er því um að gera fyrir áhugasama að fjölmenna en meðal fyrirlesara eru Áslaug Magnúsdóttir, stofnandi tískufyrirtækisins Moda Operandi, Rúnar Ómarsson stofnandi Nikita, fatahönnuðurinn Bernhard Willhelm og Edda Guðmundsdóttir starfandi stílisti í New York.




# Irglova með tónleika



**Á ÍSLANDI** Marketa Irglova stígur á svið ásamt hljómsveit sinni á Kexi 4. apríl.

Tékkneska tónlistarkonan Marketa Irglova er stödd hér á landi ásamt hljómsveit við upptökur. Hún heldur tónleika á Kexi 4. apríl.

Margir kannast eflaust við Marketu úr dúettinum The Swell Season sem hún skipar ásamt Íranum Glen Hansard. The Swell Season hélt einmitt eftirminnilega tónleika á Nasa í október 2010. Irglova, sem er 23 ára, hlaut Óskarsverðlaunin ásamt Hansard árið 2008 fyrir lagið Falling Slowly úr myndinni Once. Hún varð þar með fyrsta tékkneska konan til að vinna Óskarinn.

Frjálst sætaval er á tónleikana á Kexi en setið verður á gólfinu. Fólk er því hvatt til að koma með púða með sér. Miðaverð er 1.900 krónur og hefst miðasala á Midi.is á fimmtudaginn.

Tónlist ★★★☆☆

**Songs From the Top of the World**

Hot Eskimos

## Björk hittir Áhöfnina á Halastjörnunni

Hot Eskimos er djasstríó skipað Karli Olgeirssyni píanóleikara, Jóni Rafnssyni kontrabassaleikara og Kristni Snæ Agnarssyni trommuleikara. Songs From The Top Of The World hefur að geyma þrettán íslensk dægurlög útsett fyrir píanótríó. Lögin koma úr ýmsum áttum. Þarna er bæði Ammæli Sykurmolanna, Rúdolf Þeysara, Can't walk away Herberts Guðmundssonar og Is it true? sem Jóhanna Guðrún söng í Eurovision.

Það er ekkert nýtt að taka dægurlög og djassa þau upp. Annað píanótríó, The Bad Plus, kemur strax upp í hugann, en meðlimir þess hafa gert út á þetta með góðum árangri síðasta áratuginn; tekið allt frá Abba og David Bowie til Aphex Twin og Interpol.

Songs From The Top Of The World er að mörgu leyti mjög vel heppnuð plata. Útsetningarnar eru ágætar, hvort sem við tölum um Army of me, Rúdolf, Þú komst við hjartað í mér, Fjöllin hafa vakað eða Stolt siglir fleyið mitt. Það hefði kannski mátt setja aðeins meiri trylling í þær sumar, en þetta er samt vel gert. Það besta við plötuna er lagavalið; Björk, Jóhanna Guðrún, Þeyr, Jónsi og Áhöfnin á Halastjörnunni eru allt í einu komin á alveg sama staðinn og manni finnst það ekkert skrítið!

Eins og nafnið á hljómsveitinni og plötunni gefur til kynna er Songs From The Top Of The World svolítið stíluð inn á erlenda ferðamenn. Íslendingar ættu samt ekki að láta það styggja sig. Þessi plata er ekkert síður fyrir þá. **Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Karl Olgeirs, Jón Rafns og Kristinn Snær djassa upp íslensk popplög úr ólíkum áttum.

# Fann ástina að nýju

Leikkonan Michelle Williams er nú orðuð við gamanleikarann Jason Segel, en þau hafa þekkst í nokkur ár. Myndir náðust af parinu er það fékk sér göngutúr ásamt sex ára gamalli dóttur Williams, Matildu.

Tímaritið US Weekly náði myndum af Williams og Segel er þau snæddu saman á veitingastaðnum Frankie's Spuntino og er þau gengu hönd í hönd í átt að heimili hennar í Brooklyn.

„Hann hélt utan um hana og þau hlógu mikið. Þau virtust mjög hrifin af hvort öðru og virtist líða vel í návist hvors annars," var haft eftir sjónarvotti.



Næsta dag sást parið fá sér göngutúr ásamt Matildu, sem Williams átti með leikaranum Heath Ledger. Að sögn sameiginlegra vina eru leikararnir mjög hamingjusamir og ætla að láta reyna á sambandið þrátt fyrir að Segel sé búsettur í Los Angeles og Williams í New York.

**FANN ÁSTINA** Leikkonan Michelle Williams er sögð hamingjusöm með gamanleikaranum Jason Segel. NORDICPHOTOS/GETTY

# Vilja semja við Kutcher

**Ashton Kutcher er sagður vera í samningaviðræðum um að leika í nýrri þáttaröð af Two and a Half Men.**

**Leikarinn tók við aðalhlutverki gamanþáttanna af Charlie Sheen í fyrra og hefur leikið milljarðamæringinn Walden Schmidt í fyrstu þáttaröðinni. Áhorfið á þættina hefur minnkað nokkuð eftir að Sheen hvarf á braut en það virðist ekki hafa áhrif á framleiðendurna, sem vilja endilega halda í Kutcher. Talið er að Kutcher fái tæpar níutíu milljónir króna fyrir hvern þátt af Two and a Half men og er hann þar með hæst launaði sjónvarpsleikari Bandaríkjanna.**



**ASHTON KUTCHER** Kutcher leikur milljarðamæringinn Walden Schmidt.






SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| HUNGER GAMES | KL. 4 - 5 - 8 - 10.20 | 12 |
| HUNGER GAMES LÚXUS | KL. 5 - 8 | 12 |
| ACT OF VALOR | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| THE VOW | KL. 5.30 - 8 | L |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| TÖFRATENINGURINN | KL. 3.30 | L |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| HUNGER GAMES | KL. 6 - 9 - 10.30 | 12 |
| ACT OF VALOR | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| THE VOW | KL. 5.40 - 8 | L |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| LISTAMAÐURINN | KL. 5.45 | L |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| HUNGER GAMES | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| ACT OF VALOR | KL. 10 | 16 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 8 | 16 |
| THE VOW | KL. 6 | L |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio






SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| FRIENDS WITH KIDS | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| FRIENDS WITH KIDS VIP | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | VIP |
| PROJECT X | KL. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| JOHN CARTER | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 3D | 7 |
| JOHN CARTER | KL. 10:10 | 2D | 7 |
| THE WOMAN IN BLACK | KL. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| JOURNEY 2 | KL. 5:50 | 2D | 7 |
| A FEW BEST MEN | KL. 8 | 2D | 12 |
| HUGO MEÐ TEXTA | KL. 5:30 | 2D | 10 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ÍSL TALI | KL. 5:50 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| FRIENDS WITH KIDS | KL. 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| PROJECT X | KL. 8 | 2D | 16 |
| JOHN CARTER | KL. 10:10 | 3D | 7 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| FRIENDS WITH KIDS | KL. 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| PROJECT X | KL. 5:50 - 8 - 10:10 - 10:40 | 2D | 16 |
| JOHN CARTER | KL. 5:20 | 2D | 7 |
| JOHN CARTER | KL. 8 | 3D | 7 |
| JOURNEY 2 | KL. 5:40 | 3D | 7 |
| THE WOMAN IN BLACK | KL. 10:20 | 2D | 16 |
| FRÍÐA OG DÝRIÐ M/ÍSL TALI | KL. 6 | 3D | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| FRIENDS WITH KIDS | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| PROJECT X | KL. 6 - 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| JOHN CARTER | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 3D | 7 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE HUNGER GAMES | KL. 10:10 | 2D | 12 |
| FRIENDS WITH KIDS | KL. 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 8 | 2D | 16 |

SAMbio.is



midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁSBÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%







| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| HUNGER GAMES | 5.20, 7, 10 |
| PROJECT X | 8, 10 |
| SVARTUR Á LEIK | 5.50, 8, 10.15 |


# Þetta er ungt og leikur sér

Bíó ★★★☆☆

**The Hunger Games**
Leikstjórn Gary Ross

**Leikarar:** Jennifer Lawrence, Josh Hutcherson, Woody Harrelson, Elizabeth Banks, Lenny Kravitz, Stanley Tucci, Donald Sutherland, Wes Bentley.



**RISASTÓR MYND** The Hunger Games er spennandi, skemmtileg og öðruvísi mynd.

Þessi risastóra mynd er byggð á vinsælli skáldsögu eftir Suzanne Collins og gerist í ótilgreindri framtíð. Norður-Ameríka heitir nú Panem og er skipt niður í 12 fylki. Einu sinni á ári leggur hvert fylki til strák og stelpu (á aldursbilinu 12-18 ára) sem send eru í óhuggulega útsláttarkeppni þar sem 24 ungmenni berjast um sigur, en aðeins eitt þeirra mun lifa keppnina af.

Myndin er vandlega markaðssett fyrir unglinga sem hlusta á tilfinningaþrungið indípopp, og minnir að mörgu leyti á kúltúrinn í kringum blóðsugubókmenntir Anne Rice á 10. áratugnum. Það er leikkonan unga, Jennifer Lawrence (sem fékk óskarstilnefningu í fyrra), sem fer með hlutverk hinnar 16 ára gömlu Katniss Everdeen, en hún býður sig fram í stað yngri systur sinnar sem senda á í sláturkeppnina. Lawrence er hæfileikarík og hrífur áhorfendur með sér, en auk þess að vera leikin í bogfimi er Everdeen einnig hjartahlý og hugrökk.

Framtíðarheimurinn er íburðarmikill að sjá og sviðsmynd, búningar og hártíska undirstrika þann ógnvænlega hedónisma sem ríkir í Panem. Stanley Tucci er frábær í hlutverki smeðjulegs sjónvarpsþáttastjórnanda sem skartar hvítustu tönnum sem sést hafa í bíó. Það er hann sem sér um að leiða lömbin til slátrunar, og það gerir hann með kynþokka og stæl.

Það er fyrri hlutinn sem gerir myndina að því sem hún er. Persónurnar fá góða kynningu, sem og sögusviðið, og hasarinn hefst ekki fyrr en seinasti áhorfandinn hefur gefið sig á vald sögunnar. Ef vel er rýnt má finna ágæta ádeilu á þann elegans sem umlykur stríðshetjur og þátt fjölmiðla í hernaðarbrölti Bandaríkjamanna og annarra. En þó við höldum okkur bara í grunnu lauginni er The Hunger Games spennandi, skemmtileg og eilítið öðruvísi mynd, og ekki eingöngu fyrir tárvota táninga.

**Haukur Viðar Alfreðsson**

**Niðurstaða:** Vel heppnuð vísindaskáldsaga sem flæðir vel.

# Sóley með dönsku dúói

Sóley Stefánsdóttir og danska dúóið Darkness Falls rugla saman reytum á tvennum tónleikum á komandi mánuðum. Þeir fyrri verða hluti af opnunarkvöldi hátíðarinnar Spot Festival 4. maí, sem fer fram í Godsbanen, nýju menningarhúsi í Árósum. Seinni tónleikarnir verða haldnir í Berlín síðar á þessu ári.

Tónleikarnir eru hluti af dansk-þýsku samstarfsverkefni en Sóley er á mála hjá þýsku útgáfunni Morr Music. Sóley og stúlkurnar í Darkness Falls voru valdar af dómnefnd sem í sátu fulltrúar danskra og þýskra fjölmiðla og einstaklingar úr tónlistarsenunum landanna.



**SÓLEY** Tónlistarkonan syngur með Darkness Falls á tvennum tónleikum.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


MARKAÐSDAGAR
Á MARKAÐSTORGI KRINGLUNNAR

3 verð á útislám: 1.000 - 2.000 - 3.000 kr

Einnig 25% af öllu inni í verslun

Ekki missa af þessu tækifæri

MARKAÐSTORG KRINGLUNNAR / ÞRIÐJU HÆÐ



BÍÓ ★ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

**FIMMTUDAGUR:** MARGIN CALL 17:50, 20:00, 22:30 ■ *BLACK'S GAME (SVARTUR Á LEIK) 17:40, 20:00, 22:20* ■ MY WEEK WITH MARILYN 18:00 ■ THE DESCENDANTS 20:00 ■ THE SKIN I LIVE IN 22:00 ■ MACHINE GUN PREACHER 22:00 ■ BLIKKIÐ 18:00, 20:00
ÍSL. TEXTI *ENG. SUBS*

**SKÓLANEMAR:** 25% afsláttur gegn framvísun skírteinis!
Sami afsláttur fyrir öryrkja og eldri borgara.



# OUTLET

## 25% aukaafsláttur

>>>>>>>>>>

## Miðhrauni 2, Garðabæ

# Mikið úrval

## Gerðu frábær kaup

Nokkur dæmi um vöruflokka:

- Leikföng
- Parket
- Flísar
- Verkfæri
- Handlaugar
- Innréttingar
- Heimilisvörur
- Gardínur
- Ritföng
- Og margt fleira

>>>>

Opnunartímar Miðhrauni 2

ÞRI.-FÖS.: 12:00 - 18:00 > LAU.-SUN.: 11:00 - 17:00

EXPO - www.expo.is

# sport

sport@frettabladid.is



**ALFREÐ GÍSLASON** og lærisveinar hans í Kiel eru komnir með tíu stiga forskot á toppnum og aðra hönd á þýska meistaratitilinn eftir átta marka sigur á Füchse Berlin, 36-28, í uppgjöri tveggja efstu liðanna í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta í gærkvöldi. Þarna mættu íslensku þjálfararnir Alfreð og Dagur Sigurðsson. Alexander Petersson lék aðeins vörnina með Füchse Berlin og komst ekki á blað en Aron Pálmarsson spilaði síðustu fimmtán mínútur leiksins og skoraði 1 mark.

## ÚRSLIT Í GÆR

### *N1 deild kvenna í handb.*

**Valur - Fram** **19-17 (8-8)**

**Mörk Vals (Skot):** Hrafnhildur Ósk Skúladóttir 6/2 (8/2), Karólína Bærhenz Lárudóttir 3 (5), Kristín Guðmundsdóttir 3 (10/1), Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 2 (3), Dagný Skúladóttir 2 (3), Guðný Jenný Ásmundsdóttir 1 (1), Ragnhildur Rósa Guðmundsdóttir 1 (1), Þorgerður Anna Atladóttir 1 (7),

**Varin skot:** Guðný Jenný Ásmundsdóttir 16 (32/1, 50%), Sunneva Einarsdóttir (1/1, 0%),

**Mörk Fram (skot):** Elísabet Gunnarsdóttir 5/2 (5/2), Stella Sigurðardóttir 5 (16), Sunna Jónsdóttir 3 (11), Sigurbjörg Jóhannsdóttir 2 (7), Ásta Birna Gunnarsdóttir 1 (1), Guðrún Þóra Hálfdánsdóttir 1 (5), Anett Köbli (2),

**Varin:** Guðrún Ósk Maríasdóttir 12 (31/2, 39%),

**Grótta - KA/Þór** **23-23 (12-9)**

**Markahæstar:** Sunna María Einarsd. 9, Tinna Laxdal 4, Unnur Ómarsd.4, Elín Helga Jónsd. 4 - Katrín Vilhjálmsdóttir 7, Martha Hermannsd.6.

**ÍBV - Stjarnan** **30-24 (14-9)**

**Markahæstar:** Ester Óskarsdóttir 12, Ivana Mladenovic 6 - Rut Steinsen 5, Jóna Margrét Ragnarsdóttir 5, Hanna Guðrún Stefánsdóttir 5.

**HK - Haukar** **34-31 (18-17)**

**Markahæstar:** Elín Anna Baldursdóttir 11, Heiðrún Björk Helgadóttir 7, Jóna Sigríður Halldórsdóttir 5 - Marija Gedroit 12, Ásta Björk Agnarsdóttir 7, Karen Helga Sigurjónsdóttir 5.

**Stig og röð liða:** Fram 28, Valur 28, ÍBV 20, Stjarnan 16, Hk 16, Grótta 10, KA/Þór 9, Haukar 6, FH 3.

### *Iceland Exp. kvenna í körfu*

**Keflavík-Haukar** **52-75 (23-45)**

**Stig Keflavíkur:** Birna Valgarðsdóttir 8, Pálína Gunnlaugsdóttir 8, Helga Hallgrímsdóttir 7, Eboni Mangum 6, Jaleesa Butler 6 (15 frák.), Sara Rún Hinriksdóttir 4, Hrund Jóhannsdóttir 4, Sandra Þrastardóttir 3, Aníta Eva Viðarsdóttir 2, Telma Lind Ásgeirsdóttir 2, Soffía Rún Skúladóttir 2.

**Stig Hauka:** Jence Ann Rhoads 31 (11 frák./5 stoðs./5 stolnir), Tierny Jenkins 16 (15 frák.), Gunnhildur Gunnarsdóttir 12, Margrét Rósa Hálfdanardóttir 9, María Lind Sigurðardóttir 4, Auður Íris Ólafsdóttir 2, Sara Pálmadóttir 1.

**Haukakonur** unnu 3-0 og eru komnar í úrslit.

### *1.deild kvenna í körfu*

**Grindavík-KFÍ** **50-47 (28-25)**

**Stigahæstar:** Ingibjörg Sigurðardóttir 13 (12 frák.), Ingibjörg Yrsa Ellertsdóttir 11, Berglind Anna Magnúsdóttir 10 (11 frák.) - Sólveig Gunnlaugsdóttir 17, Svandís Anna Sigurðardóttir 13 (16 frák.). **Grindavík vann 2-1** og tekur sæti Hamars í Iceland Express dweild kvenna.

### *Meistaradeildin í fótbolta*

**8 liða úrslit fyrri leikir**

| | |
|---|---|
| **AC Milan - Barcelona** | **0-0** |
| **Marseille - Bayern München** | **0-2** |

0-1 Mario Gomez (44.), 0-2 Arjen Robben (69.)

# Pressa á Grindavík og KR

**Grindavík og KR hefja leik í úrslitakeppni Iceland Express deildar karla í kvöld. Bæði lið keppa við söguna, KR hefur ekki varið Íslandsmeistaratitil í 33 ár og Grindavík hefur aldrei orðið deildarmeistari og Íslandsmeistari á sama ári.**

**KÖRFUBOLTI** Úrslitakeppni Iceland Express-deildar karla hefst í kvöld með tveimur leikjum þar sem tvö efstu lið deildarkeppninnar, Grindavík og KR, fá Njarðvík og Tindastól í heimsókn. Það búast allir við því að Grindavík og KR komist áfram án mikilla vandræða og fari langt í úrslitakeppninni í ár. Pressan er ekki auðveld viðureignar og undanfarin tvö ár hafa hvorki deildarmeistararnir né Íslandsmeistararnir komist alla leið í úrslitaeinvígið.

Grindvíkingar hafa verið í nokkrum sérflokki í deildinni í vetur, tryggðu sér deildarmeistaratitilinn þegar fjórir leikir voru eftir og enduðu með átta stigum meira en næsta lið. Grindavík mætir nágrönnum sínum í Njarðvík í átta liða úrslitunum.

Grindvíkingar unnu báða leikina við Njarðvík, þar af þann seinni með 22 stiga mun í Ljónagryfjunni fyrir aðeins tíu dögum. Sá sigur kom eftir smá hikst en liðið tapaði tveimur leikjum í röð eftir að deildarmeistaratitillinn var í höfn.

Það hefur verið beðið lengi eftir Íslandsmeistaratitlinum í Grindavík en liðið hefur lent fjórum sinnum í öðru sæti síðan félag vann sinn fyrsta og eina Íslandsmeistaratitil árið 1996.

Þetta er í fjórða sinn sem Grindvíkingar mæta í úrslitakeppnina sem deildarmeistarar og heimavallarrétt út alla keppnina. Það hefur ekki skilað Íslandsmeistaratitli í hin þrjú skiptin og liðið féll meira segja út í átta liða úrslitum sem deildarmeistari árið 1998.

Deildarmeistaratitillinn er líka langt frá því að vera ávísun á stóra titilinn því aðeins þrír af síðustu tíu deildarmeisturum hafa orðið Íslandsmeistarar.

KR-ingar fá Tindastól í átta liða úrslitunum. KR-ingar eru núverandi Íslandsmeistarar en þurfa að brjóta blað í sögu félagsins ætli þeir að verja titilinn. KR hefur aldrei unnið titilinn tvö ár í röð eftir að úrslitakeppnin var sett á laggirnar og vann síðast tvö ár í röð árið 1979.

Reyndar hefur ekki bara KR-ingum gengið illa að verja Íslandsmeistaratitilinn í karlakörfunni því það hefur ekki gerst síðan Keflvíkingar unnu þrjú ár í röð frá 2003 til 2005.

KR-ingar lentu í miklum vandræðum í átta liða úrslitunum á árunum 2006 til 2008 og féllu þeir óvænt úr leik á móti ÍR vorið 2008. Síðan þá hafa KR-ingar unnið alla sex leiki sína í átta liða úrslitunum.

Það verður ekki auðvelt að sækja sigur á Króknum enda hafa Stólarnir unnið fimm síðustu heimaleiki sína í úrslitakeppni og töpuðu síðast í Síkinu í úrslitakeppni fyrir tíu árum.

Eitt af sárustu töpum KR-liðsins í vetur kom einmitt á móti Tindastól á Króknum í undanúrslitaleik bikarsins í febrúarbyrjun. KR-ingar hafa þegar unnið Stólanna einu sinni örugglega eftir það en sá leikur fór fram í DHL-höllinni.

Nú bíða margir spenntir eftir því hvernig titilpressan fer í Grindvíkinga og KR-inga að þessu sinni. Liðin hafa allt til alls til að komast langt í ár og sumir sjá í hillingum úrslitaeinvígi eins og það hjá liðunum fyrir þremur árum þegar KR-ingar unnu á síðustu sekúndu í oddaleik.

Átta liða úrslitin reyna oft mikið á einbeitingu „betri“ liðanna enda þarf bara að vinna tvo leiki og með því að stela sigri í fyrsta leiknum er pressan á hærra skrifaða liðið orðin gífurleg. Hvort það verða óvænt úrslit í kvöld verður hins vegar að koma í ljós.

ooj@frettabladid.is



**ÍSLANDSMEISTARAR 2011** KR-ingar fagna hér titlinum sem þeir unnu síðast vor. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**ÓSKAR BJARNI** Þjálfari í Danmörku næsta vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Óskar Bjarni Óskarsson:

# Tekur við liði Viborg í sumar

**HANDBOLTI** Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Valsmanna og aðstoðarþjálfari Guðmundar Guðmundssonar hjá íslenska landsliðinu, verður næsti þjálfari danska liðsins Viborg. Þetta kom fram á heimasíðu félagsins í gær. Óskar Bjarni hefur mikla reynslu sem þjálfari í efstu deild bæði með Val á Íslandi og Haslum í Noregi og undir hans stjórn urðu Valsmenn tvisvar Íslandsmeistarar og þrisvar bikarmeistarar.

„Það var mjög mikilvægt að finna þjálfara sem hefur rétta sýn á handboltann og hæfileika til að ná sem mestu út úr okkar leikmönnum. Við erum að ráða hann í langtímaverkefni,“ sagði Susanne Munk Wilbek, eiginkona danska landsliðsþjálfarans Ulrik Wilbek, sem er yfirmaður hjá Viborg. Hún lýsti einnig yfir ánægju sinni að fá Íslending til starfa.

„Viborg HK er mjög spennandi klúbbur og ég reikna með að danska deildin sem ein af fjórum bestu deildunum í Evrópu. Þetta er stórt og mikilvægt skref á mínum þjálfaraferli,“ sagði Óskar Bjarni Óskarsson í viðtali á heimasíðu Viborg. Viborg hafnaði í 7. sæt í dönsku deildarkeppninni og vann 25-24 sigur á Kif Kolding í gær í fyrsta leik sínum í úrslitakeppninni.

Óskar Bjarni tókst ekki að koma Val í úrslitakeppnina í ár og liðið spilar því síðasta leikinn undir hans stjórn á morgun. **-óój**






**24 HEIMASIGRAR Í RÖÐ** Valskonur eru óstöðvandi í Vodafonehöllinni. Hér fer Þorgerður Anna Atladóttir framhjá Ástu Birnu Gunnarsdóttur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Valur vann Fram 19-17 í toppslag N1-deildar kvenna:

# Níu fingur á bikarnum

**HANDBOLTI** Valur vann uppgjör toppliðanna í N1-deild kvenna í gær er liðið hafði betur gegn Fram, 19-17, á heimavelli. Fram var í góðri stöðu fyrir leikinn og hefði dugað jafntefli til að tryggja sér deildarmeistaratitilinn en Fram vann fyrri leik liðanna á tímabilinu.

Valur og Fram eru nú jöfn að stigum fyrir lokaumferðina á tímabilinu en Fram situr hjá í henni. Valskonum dugir því jafntefli gegn KA/Þór í lokaumferðinni til að tryggja sér titilinn.

Leikurinn í gær var afar kaflaskiptur en Valur komst í 6-2 forystu eftir stundarfjórðung. Fram jafnaði metin áður en flautað var til hálfleiks og jafnt var á nánast öllum tölum fyrstu 20 mínútur seinni hálfleiksins. Þá steig Hrafnhildur Skúladóttir upp, skoraði fjögur af síðustu sex mörkum Vals og átti eina stoðsendingu þar að auki.

„Við ætluðum okkur alltaf að taka þennan titil og það var afar ljúft að vinna þennan leik í kvöld,“ sagði Hrafnhildur eftir leikinn. „Við töpuðum bara einum leik í vetur og við erum ekki hættar nú.“

Valskonur héldu þar með sigurgöngu sinni áfram í Vodafonehöllinni en liðið hefur unnið 24 leiki í röð í húsinu í öllum keppnum þar af sjö þeirra á móti Fram. Valskonur töpuðu síðast á Hlíðarenda í apríl 2010. **- esá**


LEIÐIN Á
LEIKANA
SAFFRAN hefur gert styrktarsamning við sex íslenska afreksmenn í íþróttum í þeim tilgangi að mæta kostnaði þeirra við vandaðan undirbúning fyrir leikana í London 2012.
Með stolti lýsir Saffran yfir stuðningi sínum við Þorbjörgu Ágústsdóttur skylmingakonu.
Skoðaðu leið Þorbjargar á leikana á leidin.saffran.is
SAFFRAN

# veiði

golfogveidi@frettabladid.is



**254.400 KRÓNUR** er verðið á stönginni í þrjá daga á Nessvæðinu í Laxá í Aðaldal 18. til 20. júlí en þeir dagar eru nú lausir í vefsölu Stangveiðifélags Reykjavíkur. Einn dagur í ánni kostar 84.800 kr.




**TUNGUFLJÓT** Veiði í Tungufljóti hefur dalað síðustu ár.

Öskurannsókn haldi áfram:

## Óttast áhrif á fiskstofnana

Sveitarstjórn Skaftárhrepps vill að ríkið veiti fjárstyrk svo að rannsóknir sem Veiðimálastofnun stóð fyrir í fyrra á áhrifum öskufalls frá Grímsvötnum á ferskvatnsfiska geti haldið áfram.

„Öskufall frá Grímsvatnagosi á síðasta ári hafði mikil áhrif á vatnsföll í Skaftárhreppi. Árnar lituðust, framburður óx og breytingar hafa orðið á farvegum. Óttast er að þessar breytingar kunni að hafa neikvæð áhrif á nytjastofna í ánum, en tekjur af veiðileyfasölu skipta landeigendur í sveitarfélaginu miklu máli,“ segir í ályktun sveitarstjórnarinnar. **- gar**

# Nú gefa stóru fiskarnir færi á sér

**Langri bið stangarveiðimanna eftir nýrri vertíð fer senn að ljúka því á sunnudaginn hefst veiði í ám og vötnum víða um land. Á meðal þeirra vatna sem opna 1. apríl er Meðalfellsvatn í Kjós. Bubbi Morthens spjallar við *Trausta Hafliðason* um veiðina í vatningu og ljóstrar upp nokkrum leyndarmálum.**



**VEITT VIÐ MEÐALFELLSVATN** Bubbi veit fátt skemmtilegra en að fara með börnunum að veiða. Þá er maðkur dreginn á eftir bátnum og fiskurinn er á í nánast hverju kasti. Mest hefur hann komið með 60 silunga á land eftir sjö tíma veiði. mynd/veiðikortið

Bubbi Morthens þekkir Meðalfellsvatn betur en flestir enda alinn upp á bökkum þess og sem drengur veiddi hann með föður sínum og bræðrum silung í matinn. Fyrir nokkrum árum flutti hann aftur upp í Kjós og veiðir hann nú reglulega í vatninu enda urriðinn svamlandi nokkrum metrum frá húsgarðinum.

„Ég er búinn að veiða þarna frá því ég gat farið að ganga. Frá bát þekki ég vatnið eins og lófann á mér. Sem fluguveiðimaður þá þekki ég það líka vel en ég veiði nánast bara þarna á vorin, þegar fyrsta flugan er að koma. Það er fyrst og fremst urriði í vatninu, en það er líka sjóbirtingur þó það sé ekki mikið af honum. Þá er alltaf smá laxavon enda gengur hann í vatnið úr Bugðu. Algeng stærð er frá pundi og upp í tvö til þrjú, þó er auðvitað hægt að setja í stærri fiska þarna en það er ekki algengt.”



**Stóru fiskarnir**

“Stóru fiskarnir gefa færi á sér fram í lok apríl en eftir það fara þeir út í dýpið. Þá verða menn að fara út á bát ef þeir ætla að ná þeim, nota sökku og þekkja staðhætti sérstaklega vel. Ég vil samt benda mönnum á að fara varlega. Menn hafa drukknað í vatninu. Í fyrra urðu ítrekað slys við vatnið. Bátar sukku og menn stóðu á grynningunum með kornabörn í fanginu. Fólk var þá að fara út í slæmu veðri og einhverjir voru með of stóran mótor. Það er því alveg nauðsynlegt að vera í björgunarvesti ætli maður út á vatn. “

**Þá ljóma allir í himnasælu**

Oft er einn mesti höfuðverkur veiðimanna að hitta á rétta flugu. „Svona almennt séð þá myndi ég hvetja menn til að nota litla kúluhausa og litlar púpur. Svo má ekki gleyma litlu straumflugunum. Fram í júní geta menn verið að veiða gríðarlega vel á flugur eins og Grey ghost, Rektorinn og Black ghost. Þá er ég að tala um flugur undir tommu að stærð – öngulstærð tíu til fjórtán.“

Maðkurinn er öflugasta beitan, segir Bubbi.

„Ég hvet fólk eindregið til að nota maðk. Ég hef stundum farið með krökkunum mínum út á bát í klukkutíma og tekið tuttugu fiska. Þá sé ég um að beita og róa og við trollum – drögum beituna á eftir


ENNEMM / SIA / NM51285

# Fermingargjöfin er stereógræja, GPS-tæki,

... og auðvitað sími svo að fermingarbarnið geti hringt í þig til að segja „takk“!



**ZTE Blade**
Ódýr en flottur Android sími

1.790 kr.
á mánuði í 12 mánuði*

Staðgreitt: 19.990 kr.

500 kr. inneign á mánuði í 6 mánuði fylgir



**Samsung Galaxy Y**
Nettur snjallsími á frábæru verði

2.090 kr.
á mánuði í 12 mánuði*

Staðgreitt: 22.990 kr.

500 kr. inneign á mánuði í 6 mánuði fylgir




**HTC Explorer**
Flottur Android sími

2.690 kr.
á mánuði í 12 mánuði*

Staðgreitt: 29.900 kr.

500 kr. inneign á mánuði í 6 mánuði fylgir

siminn.is

Inneignin gildir fyrir eitt símanúmer

* Greiðslugjald 325 kr. bætist við mán. gjald

bátnum. Þá er hann á í nánast hverju einasta kasti. Ég hef farið út klukkan átta að morgni og komið inn klukkan þrjú með sextíu silunga. Þetta er rosalega gaman. Fyrir börnin er þetta alveg geggjað. Það fá allir fisk og þá ljóma allir í himnasælu. Það er svo mikil stemmning og fiskarnir allir svo stórir í augum barnanna að það er yndislegt. Ég veit fátt skemmtilegra en að vera með börnin úti á vatni.“



**BESTA VEIÐIN** Oft er besta veiðin í þoku eða dumbungi, þegar ekki sést til sólar.

**Að lesa vatnið og veðrið**

Bubbi segir að allir góðir veiðimenn taki mið af aðstæðum. Oft er talað um að lesa vatnið, lífríkið og veðrið.

„Ef það hefur til dæmis verið heitt í marga daga þá fer flugan að vakna og þá verður maður að taka mið af því. Oft er það líka þannig að þegar það fer að birta til með deginum verður veiðin strembnari. Í flennibirtu leitar fiskurinn í skjól. Þá er hann var um sig - það eru engin ný vísindi. Mín reynsla er sú að besta takan sé í stillunni snemma á morgnana. En það er ekki alltaf logn og þá verða menn að lesa í vindinn. Í austanátt er gott að vera við Flekkudalsána – úti á tanganum. Í vestanáttinni er líklega best að vera í víkinni við bátaskýlin og undir hlíðinni þar sunnan megin. Í norðanáttinni er best að veiða undir Meðalfelli. Mestu máli skiptir samt að veiðimenn séu ekki að berja sama blettinn tímunum saman heldur séu duglegir að færa sig á milli staða. Þetta er í það minnsta mín reynsla.“

**Línan dregin löturhægt**

„Ég hef aldrei veitt á sökklínu í þessu vatni og aldrei notað sökkenda. Ég nota flotlínu og yfirleitt tvist, (stöng fyrir línu númer tvö) ætli hann sé ekki svona sjö fet og ég er með stangarlangan taum. Fyrst á vorin myndi ég draga línuna inn alveg löturhægt og það er ágætt að hafa það á bak við eyrað að óþarfi er að vaða mikið, ætli ég vaði ekki í mesta lagi upp að lærum.“

Sú saga gengur á meðal veiðimanna að besti staðurinn til veiða sé í vesturhluta vatnsins, við bátaskýlin en er Bubbi sammála því?

> Fyrir börnin er þetta alveg geggjað. Það fá allir fisk og þá ljóma allir í himnasælu.
>
> BUBBI MORTHENS

„Nei, það er bara af því að menn hafa séð mig mikið þar,“ segir Bubbi og skellir upp úr. „Ég fer oft við bátaskýlin í maí, það er fínt, en það eru aðrir staðir betri núna. Til dæmis undir hlíðinni Grjóteyrarmegin. Þangað er hægt að ganga frá bílastæðunum við bátaskýlin. Annar góður staður er undir Meðalfellinu. Það er kannski ekki auðvelt að finna staðinn en ef menn sjá tvo steina úti í vatni á þessu slóðum þá eru þeir á réttum stað en þarna er oft mjög góð veiði og laxavon.“

**Íslendingarnir rífa kjaft**

Meðalfellsvatn rennur út í Bugðu og þaðan í Laxá í Kjós, eina rómuðustu laxveiðiá landsins. Við ósinn er 50 metra helgunarsvæði og mega menn ekki undir neinum kringumstæðum veiða þar.

„Ég hef því miður oft séð veiðimenn þarna í ósnum og jafnvel í Bugðu sjálfri. Þetta eru bæði Íslendingar og útlendingar. Útlendingarnir bera fyrir sig þekkingaskort en Íslendingarnir rífa kjaft. Þetta er svolítið merkilegt því þetta er alls ekki besti staðurinn í vatninu. Ég myndi miklu frekar veiða við Sandá. Þar er dýpst og þar getur stóri fiskurinn legið.“

**Menn verða að trúa**

Bubbi segir að veiðin snúist um að hafa trú á því sem maður er að gera.

„Einu sinni bankaði maður upp á hjá mér og spurði hvar hann ætti að veiða. Hann hafði aldrei veitt í vatninu. Ég sagði honum að það væri laxavon við Sandá. Hann ætti bara að drífa sig þangað. Tveimur tímum seinna kom hann með tvo laxa. Báðir fimm pund. Svona getur þetta verið. Þessi maður hafði greinilega mikla trú á því að hann fengi lax í Meðalfellsvatni.“

trausti@frettabladid.is




„EF ÉG UPPLIFI EITTHVAÐ ÁHUGAVERT ER ÉG YFIRLEITT VIÐÞOLSLAUS ÞANGAÐ TIL ÉG GET MIÐLAÐ ÞVÍ TIL SEM FLESTRA,“

segir Vala Matt sem tekst nú á við ný verkefni í fjölmiðlaheiminum.

Lífið – FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Á FÖSTUDÖGUM

myndbandstökuvél og leikjatölva ...



Samsung Galaxy ACE
Flottur sími úr Galaxy línunni
3.590 kr.
á mánuði í 12 mánuði*
Staðgreitt: 39.900 kr.
500 kr. inneign á mánuði í 6 mánuði fylgir



Samsung Galaxy SII
Flaggskipið úr Galaxy línu Samsung
5.990 kr.
á mánuði í 18 mánuði*
Staðgreitt: 99.900 kr.
1000 kr. inneign á mánuði í 6 mánuði fylgir



iPhone 4
Frábær sími frá Apple
5.990 kr.
á mánuði í 18 mánuði*
Staðgreitt: 99.900 kr.
1000 kr. inneign á mánuði í 6 mánuði fylgir

Síminn

> **Stöð 2 kl. 21.00**
**Mið-Ísland**

*Grínhópurinn Mið-Ísland mætir með ferskan þátt á Stöð 2 í kvöld. Í hverjum þætti er ákveðið viðfangsefni tekið fyrir og að þessu sinni er það ferðabransinn og allt það sem umstang sem honum fylgir hjá okkur Íslendingum.*



**dagsk**

## VIÐ TÆKIÐ ÞÓRÐUR SNÆR JÚLÍUSSON SAKNAR EASTBOUND&DOWN

# Kenny Powers eignast son

Stöð 2 sýndi í fyrra hina stórkostlegu þætti Eastbound & Down, sem fjalla um hvítarusls-heljarmennið Kenny Powers (leikinn af Danny McBride) og risavaxið persónugallerí vanvita sem honum fylgja. Kenny er sífullur, feitur, ofsareiður, permanent-hærður, kleinuhringjaskeggjaður, fíkniefnaneytandi eiginhagsmunaseggur sem var einu sinni góður kastari í hafnabolta. Í þáttunum er fylgst með baráttu hans við að komast aftur á toppinn, og kröfum hans á alla aðra um að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að láta þann draum verða að veruleika. Kenny er hins vegar dásamlega óþolandi og eina fólkinu sem laðast að honum er ekki hægt að lýsa öðruvísi en sem hyski.



Í lok febrúar síðastliðins hóf HBO sýningar á þriðju þáttaröðinni um Kenny. Í henni er hann nýorðinn faðir, spilar hafnabolta fyrir minnipokaliðið Myrtle Beach Mermen og keyrir um á mótorþríhjóli með vindinn í permanentinu. Hann er knúinn til að koma að uppeldi sonar síns og sýnir þar af sér einhverja mest óviðeigandi uppeldistilburði sem sést hafa í sjónvarpi á milli þess sem hann þeysir um hugsi á sjókettinum sínum. Þættirnir hafa aldrei verið óþægilegri, né fyndnari. Því þarf að sýna þá í íslensku sjónvarpi. Sem fyrst.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Smásagan: Eins og í sögu **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Íslensk menning **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Dagbók frá Diafani **15.25** Skurðgrafan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Tónlistarkvöld Útvarpsins **20.35** Ástin á tímum ömmu og afa: Hugur og hjarta **21.30** Smásaga: Tófuskinnið **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.20** Útvarpsperla: Rós er rós **23.20** Til allra átta **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.30 Meistaradeild í hestaíþr.** (e)
**15.45 Kiljan** (e)
**16.40 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Konungsríki Benna og Sóleyjar**
**17.31 Sögustund með Mömmu Marsibil** (35:52)
**17.42 Fæturnir á Fanneyju** (35:39)
**17.54 Grettir** (8:54)
**17.55 Stundin okkar** (e)
**18.25 Táknmálsfréttir**
**18.35 Melissa og Joey** (29:30)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Góði kokkurinn** (2:6) (The Good Cook) Bresk matreiðsluþáttaröð. Simon Hopkinson, sem hefur fengið verðlaun fyrir skrif sín um mat og matargerð, eldar girnilega rétti af ýmsum toga.
**20.40 Andraland** (3:7) Andri Freyr Viðarsson flandrar um Reykjavík.
**21.10 Aðþrengdar eiginkonur** (14:23) (Desperate Housewives VIII) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Glæpahneigð** (122:138) (Criminal Minds VI) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.05 Höllin** (9:20) (Borgen) (e)
**00.05 Kastljós** (e)
**00.35 Fréttir**
**00.45 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (122:175)
**10.15 White Collar**
**11.00 Celebrity Apprentice** (9:11)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 The Things About My Folks**
**14.15 E.R.** (2:22)
**15.00 The Middle** (2:24)
**15.25 Friends** (4:24)
**15.50 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (20:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm in the Middle** (6:22)
**19.45 Better With You** (2:22)
**20.10 The Amazing Race** (6:12)
**21.00 Mið-Ísland** (2:8) Glænýir og sprenghlægilegir gamanþættir frá uppistandshópnum Mið-Íslandi en þeir eru Ari Eldjárn, Bergur Ebbi, Jóhann Alfreð og Dóri DNA. Auk þeirra fer leikkonan Dóra Jóhannsdóttir með stórt hlutverk í þáttunum.
**21.30 Alcatraz** (8:13)
**22.15 NCIS: Los Angeles** (15:24)
**23.00 Rescue Me** (7:22) Fimmta þáttaröðin um slökkviliðsmanninn Tommy Gavin og dramatíska en þó oft á tíðum spaugilega glímu hans við lífið eftir skilnað sem og hryðjuverkaárásirnar þann 11. september 2001. Í þessari fimmtu þáttaröð verður sjónunum einmitt talsvert að áðdraganda árásanna og afleiðingar þeirra fyrir aðalsögupersónurnar.
**23.45 Spaugstofan**
**00.15 The Mentalist** (14:24)
**01.00 Homeland** (4:13)
**01.50 Boardwalk Empire** (7:12)
**02.45 Terra Nova**
**03.30 The Things About My Folks**
**05.05 Friends** (4:24)
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörk**
**16.50 Meistaradeild Evrópu. Meistaradeildin** Endursýndur leikur
**18.35 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörk**
**19.00 AZ Alkmaar - Valencia** BEINT frá 8 liða úrslitum Evrópudeildarinnar. Jóhann Berg Guðmundsson leikur með AZ Alkmaar.
**21.00 Upphitun fyrir úrslitakeppnina** Hitað upp fyrir Iceland Express deild karla í körfuknattleik. Stöð 2 Sport sýnir beint frá leikjum og fylgir úrslitakeppninni til enda.
**22.00 Þýski handboltinn: Kiel - Fuchse Berlin**
**23.25 AZ Alkmaar - Valencia**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.20 WBA - Newcastle**
**18.10 Arsenal - Aston Villa**
**20.00 Premier League World**
**20.30 Premier League Review 2011/12**
**21.25 Football League Show**
**21.55 Sunderland - QPR**
**23.45 Man. United - Fulham**

## EXTRA

**19.45 The Doctors** (80:175)
**20.30 In Treatment** (46:78)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 New Girl** (7:24)
**22.20 Hannað fyrir Ísland** (2:7)
**23.05 Mildred Pierce** (4:5)
**00.15 Gossip Girl** (9:24)
**01.00 Pushing Daisies** (8:13)
**01.45 Malcolm in the Middle** (6:22)
**02.10 Better with You** (2:22)
**02.35 In Treatment** (46:78)
**03.00 The Doctors** (80:175)
**03.40 Fréttir Stöðvar 2**
**04.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**07.30 Innlit/útlit** (7:8) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Innlit/útlit** (7:8) (e)
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**14.55 Minute To Win It** (e)
**15.40 Eureka** (12:20) (e)
**16.30 Dynasty (13:22)**
**17.15 Dr. Phil**
**18.00 The Firm** (5:22) (e)
**18.50 Game Tíví** (10:12) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelsson fjalla um allt það nýjasta í tölvuleikjaheiminum.
**19.20 Everybody Loves Raymond** (21:24)
**19.45 Will & Grace** (5:24) (e)
**20.10 The Office** (24:27) Það er spenna í loftinu á skrifstofunni í kjölfar þess að DeAngelo stofnar klíku meðal starfsmanna.
**20.35 Solsidan** (8:10) Fredde verður afbrýðiseminni að bráð þegar Mickan vingast við ítalskan mann í fæðingarorlofi og hyggur á hefndir.
**21.00 Blue Bloods** (7:22) Morðingi leikur lausum hala í borginni sem hefur sérstakan áhuga á vændiskonum.
**21.50 Flashpoint** (13:13) Það er komið að lokaþættinum af Flashpoint. Meðlimir sérsveitarinnar eru teknir í karphúsið af geðlækni á vegum hersins sem hefur verið fenginn til að meta hæfni hópsins.
**22.40 Jimmy Kimmel**
**23.25 Law & Order UK** (4:13) (e)
**00.10 Jonathan Ross** (18:19) (e)
**01.00 Hawaii Five-0** (8:22) (e)
**01.50 Blue Bloods** (7:22) (e)
**02.40 Everybody Loves Raymond** (e)
**03.05 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.00** Arnold Palmer Invitational 2012 (4:4) **11.10** Golfing World **12.00** Golfing World **12.50** Arnold Palmer Invitational 2012 (4:4) **17.40** PGA Tour - Highlights (12:45) **18.35** Inside the PGA Tour (13:45) **19.00** Shell Houston Open 2012 (1:4) **22.00** Golfing World **22.50** US Open 2002 - Official Film **23.50** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Í ljósi nýsköpunar

## BBC entertainment

**06.05** ,Allo ,Allo! **07.10** New Tricks **08.55** Come Dine With Me **09.45** EastEnders **10.15** Come Dine With Me **11.00** My Family **12.30** ,Allo ,Allo! **13.35** ,Allo ,Allo! **14.35** QI **15.40** The Best of Top Gear **16.30** Top Gear **17.20** Come Dine With Me **18.10** QI **19.10** Top Gear **20.00** Lee Evans XL Tour **20.50** Derren Brown Mind Control **21.40** ,Allo ,Allo! **22.45** ,Allo ,Allo! **23.45** New Tricks **01.30** Lee Evans XL Tour **02.20** Top Gear **03.10** Lee Evans XL Tour **04.00** QI **04.30** The Weakest Link **06.00** The Vicar of Dibley

## DR 1

**13.10** Lægerne **14.00** Dyk Olli dyk **14.15** Timmy-tid **14.25** Min farfars rekordbog **15.00** Pacific Paradise Police **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Jamies mad på 30 minutter **16.25** OBS **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Sporløs **18.30** Nye hvide verden **19.00** TV Avisen **19.25** Bag Borgen **19.50** SportNyt **20.00** Den perfekte forbrydelse? **20.45** Sømanden & Juristen - historier fra et hospice **21.15** OBS **21.20** Restaurant bag tremmer **21.50** DR1 Dokumentaren **22.50** Lægerne

## NRK 1

**12.05** Helt patent! **12.35** Norge rundt **13.00** NRK nyheter **13.10** Jessica Fletcher **14.00** NRK nyheter **14.10** Naturens undere **15.00** NRK nyheter **15.10** Norsk attraksjon **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Tegnspråknytt **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Schrödingers katt **18.15** Team Bachstad **18.45** Billedbrev **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Debatten **20.30** Fremmed i Norge **21.00** Kveldsnytt **21.15** Lydverket **21.45** Djevelens elskarinne **23.15** Lindmo

## svt1

**10.15** Hübinette **10.45** Det söta livet **10.55** Robins **11.25** Kobra **11.55** Svenska dialektmysterier **12.25** Minnenas television **13.20** Strömsö **14.00** Rapport **14.05** Konståkning. VM **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Antikrundan **19.00** Plus **20.00** Debatt **20.45** Konståkning. VM **21.30** Rapport **21.35** Kulturnyheterna **21.40** Sonja Henie - isens drottning **22.35** Lyckan är en bluff **23.05** Uppdrag Granskning

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Einar Kristinn og sjávarútvegur **21.30** Perlur úr myndasafni

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## BÍÓ

**08.00 Bride Wars**
**10.00 Joe's Palace**
**12.00 Ultimate Avengers**
**14.00 Bride Wars**
**16.00 Joe's Palace**
**18.00 Ultimate Avengers**
**20.00 Mr. Woodcock**
**22.00 He's Just Not That Into You**
**00.05 Gran Torino**
**02.00 Quarantine**
**04.00 He's Just Not That Into You**

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


# Komdu á skíði í páskafríinu



SKÍÐASVÆÐIN

**Opið í Bláfjöllum:**

Mán. 2. apríl–mið. 4. apríl **kl. 11–21**
Skírdag–annars í páskum **kl. 10–17**
Þri. 10. apríl **kl. 11–21**

***Ókeypis skíðakennsla*** *alla páskana.*

**Upplýsingasími 530 3000 skidasvaedi.is**

PIPAR\TBWA • SÍA • 120723

# NÓATÚN
*Við gerum meira fyrir þig*



**GRÆN VÍNBER**
**499** KR./KG

## Úrval, gæði og þjónusta í Nóatúni




**LAMBALÆRI FYLLT M/ VILLISVEPPUM OG CAMEMBERT**
**2498** KR./KG
ÚR KJÖTBORÐI – BESTIR Í KJÖTI




**LAMBAFILLE MEÐ FITURÖND**
**3898** KR./KG
ÚR KJÖTBORÐI – BESTIR Í KJÖTI



**HOLLT OG GOTT KLETTASALAT, 75 G**
**299** KR./PK.



**LAXAFLÖK BEINHREINSUÐ**
**1978** KR./KG
ÚR FISKBORÐI – FERSKIR Í FISKI




**LAMBALÆRI, FERSKT**
**1489** KR./KG
ÚR KJÖTBORÐI – BESTIR Í KJÖTI



**MYLLAN HEIMILISBRAUÐ**
**299** KR./PK.




**COKE, 2 LITRAR**
**279** KR./STK.




**ÍSL. MATVÆLI KJÚKLINGABRINGUR**
**2158** KR./KG

*100% HREINT UNGNAUTAKJÖT*




**UNGNAUTA-HAMBORGARI, 120 G**
**229** KR./STK.
ÚR KJÖTBORÐI – BESTIR Í KJÖTI




**KJÖRÍS ÁRSINS, HESLIHNETUÍS 1 LÍTRI**
**598** KR./PK.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl
EXPO • www.expo.is

Opið til miðnættis alla daga **8-24**

# NÓATÚN

Hamraborg – Nóatún 17 – Hringbraut – Austurver – Grafarholt

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég hef mikið hlustað á útvarpsþáttinn Virka morgna á Rás 2 og svo X-ið 977. Andri Freyr er ótrúlega fyndinn útvarpsmaður og svo er tónlistin góð á báðum stöðvum.“*

Kristín Ásta Matthíasdóttir, sem opnar verslunina Dótturfélagið ásamt vinkonu sinni innan skamms.

# Gamall pylsuvagn verður hverfasjoppa

„Við vorum einfaldlega orðin langþreytt á því að þurfa alltaf að setjast upp í bíl til ná í einn mjólkurpott eða nýtt brauð,“ segir Sigurður Jens Sæmundsson sem ásamt eiginkonu sinni, Hildi Örnu Hjartardóttur, hefur opnað verslunina Braggann í Skerjafirði.

Verslunin er sérstök að því leytinu til að hún er gamall pylsuvagn sem hjónin keyptu á netinu. „Konan mín var andvaka á nýársnótt og sá þá þennan gamla pylsuvagn til sölu á netinu. Við ákváðum því að kýla á þetta og opna lítið kaupfélag í vagninum,“ segir Sigurður en verslunin er staðsett á lóð Reykjavíkurborgar á gatnamótum Bauganess og Einarsness. „Við fáum að vera hér í þrjá mánuði til að byrja með en okkur skilst að þetta sé eini matsöluvagninn sem er inni í íbúðahverfi en hingað til hafa þeir haldið sig í miðbænum.“ Sigurður og Hildur eru bæði í fullri vinnu en stefna á að ráða til sín starfsmann og halda búðinni opinni á hverjum degi frá 11-20.

Íbúar hverfisins hafa tekið versluninni vel en Bragginn opnaði síðasta laugardag. Skerfirðingar hafa verið án matvöruverslunar síðan Skerjaver lokaði árið 2008 en næsta búð fyrir íbúa hverfisins er hjá Stúdentagörðunum. „Við dreifðum auglýsingu í hvert hús og höfum fengið 100% jákvæð viðbrögð. Það sakar ekki að láta reyna á þetta og ég vona að við séum komin til að vera,“ segir Sigurður en vöruúrval Braggans er mjög fjölbreytt. „Við erum með grill og djúpsteikingarpott og í vagninum eru fjórir kælar. Við erum því með allt frá hamborgaratilboðum í smjör, ost og eyrnapinna.“ - áp



**BRAGGABÚÐ** Hjónin Hildur Arna Hjartardóttir og Sigurður Jens Sæmundsson breyttu pylsuvagni í kaupfélag í Skerjafirðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/


„Bætir meltingu,“

GALLEXIER

Bætir meltinguna og kemur í veg fyrir brjóstsviða, jurtirnar í Gallexier eru vatnslosandi, örva meltingu og hjálpa við niðurbrot á fitu í fæðu.




Njóttu matarins og láttu þér líða vel.

Lyf & heilsa
Við hlustum!




**GÓÐAR MÓTTÖKUR** Jóhanna Guðrún, Davíð Guðbrandsson og hundurinn Bjartur þegar Dag Arnesen tók á móti þeim í Kongsvinger. MYND/HELENE NESS

JÓHANNA GUÐRÚN: ÞETTA ER BÚIÐ AÐ VERA ÆÐISLEGT

# AÐSTOÐA VIÐ AÐ KOMA KONGSVINGER Á KORTIÐ

„Þetta er búið að vera æðislegt. Það eru allir búnir að vera ofsalega yndislegir,“ segir Jóhanna Guðrún Jónsdóttir.

Tveir og hálfur mánuður er liðinn síðan söngkonan flutti til Noregs með kærasta sínum, tónlistarmanninum Davíð Guðbrandssyni, og hundinum Bjarti. Fyrst um sinn bjuggu þau í höfuðborginni Ósló en ákváðu að flytja til Kongsvinger eftir að bæjaryfirvöld höfðu samband við þau út af nýju hálfs árs verkefni sem þau voru að skipuleggja. Það snýst um að laða til bæjarins hæfileikafólk, fá það til að vekja á honum athygli og um leið bæta menningarlífið í bænum, gegn því að það fái ókeypis gistingu. Aðspurð segist Jóhanna Guðrún vonast til að þau geti hjálpað til við að koma Kongsvinger á kortið. „Við ætlum að reyna það og líka að reyna að gera eitthvað skemmtilegt hérna varðandi tónlistarlífið.“

Hún segir að flutningur þeirra til bæjarins, þar sem innan við tuttugu þúsund manns búa, hafi komið óvænt upp, enda ætluðu þau alltaf að búa í Ósló. „Ég var ekki alveg að kveikja fyrst því ég vissi ekki hvaða bær þetta var en um leið og við komum hingað fannst mér ég vera komin heim,“ segir Jóhanna Guðrún en Kongsvinger er í um einnar og hálfrar klukkustundar akstursfjarlægð frá Ósló.

Þau Jóhanna og Davíð búa í einbýlishúsi rétt fyrir utan bæinn og líkar þeim lífið vel. Þau eru þau fyrstu sem taka þátt í þessu nýja verkefni en skipuleggjendurnir vonast til að þau og þeir sem taka þátt í því í framtíðinni muni búa þar áfram að hálfs árs reynslutímanum loknum. Jóhanna segir miklar líkur á því að þau geri það, enda henti staðsetningin vel og fólkið sé mjög vingjarnlegt. „Það eru allir voðalega opnir og vinalegir og við erum strax búin að eignast vini.“

Skötuhjúin eru þegar byrjuð að semja lög saman og stefna á tónleikaferð um Noreg í haust sem myndi hefjast í Kongsvinger. Þau hafa þegar haldið vel heppnaða tónleika í bænum og komið fram í norskum sjónvarpsþætti. „Ég er hissa á því hvað allt er búið að ganga smurt síðan við komum hingað. Þetta er búið að vera rosalega skemmtilegt.“ freyr@frettabladid.is

### GÓÐ BYRJUN AÐ FÁ JÓHÖNNU GUÐRÚNU

Dag Arnesen, sem sannfærði þau um að flytja til Kongsvinger, er mjög ánægður með þátttöku Jóhönnu og Davíðs í verkefninu. „Við viljum laða fleira fólk að bænum. Hérna er falleg náttúra, gott loftslag og góð aðstaða fyrir íþróttamenn og ungt fólk. En við erum í samkeppni við marga aðra bæi og þurfum því að prófa nýja hluti til að koma Kongsvinger á kortið. Í þetta fyrsta sinn fengum við fræga manneskju, hana Jóhönnu, til að koma hingað og það er mjög góð byrjun fyrir okkur.“

# Kúra túrar um Danmörku

„Við erum á leiðinni í fimm vikna túr um Danmörku þar sem við spilum meðal annars á SPOT-tónleikahátíðinni í Árósum,“ segir Brynjar Bjarnfoss, einn meðlimur dönsk-íslensku hljómsveitarinnar Kúra.

Kúra spilar raftónlist með rokkuðu ívafi í bland við döbb og gefur hljómsveitin út fyrstu plötu sína, Halfway to the moon, 30. apríl. Fanney Ósk Þórisdóttir og Daninn Rasmus Liebst eru hinir tveir meðlimir tríósins. „Ég er búinn að búa í Danmörku síðan ég var níu ára. Árið 2009 var ég í sumarfríi á Íslandi og fór þá í heimsókn til Fanneyjar, en hún er frænka mín. Hún byrjaði að syngja fyrir mig og ég skipaði henni að taka næsta flug til Danmerkur til að við gætum farið að búa til tónlist saman. Hún kom út stuttu seinna og við tókum þá upp lagið Gógó, sem er það fyrsta sem við gáfum út. Rasmus gekk svo til liðs við okkur í fyrra,“ segir Brynjar.

Hljómsveitameðlimir halda nú allir til í Kaupmannahöfn þar sem þeir einbeita sér alfarið að tónlistinni. Sveitin er á leiðinni til Póllands í næstu viku þar sem hún ætlar að spila í þremur bæjum og tónleikaferðin um Danmörku hefst svo 27. apríl. „Þetta verður rosalega skemmtilegt. Við erum þegar komin með einhver 17 eða 18 gigg,“ segir Brynjar. - trs



**KÚRA** Dansk-íslenska hljómsveitin Kúra er á leið í tónleikaferð um Danmörku í lok apríl. Henni er spáð góðu gengi á komandi ári.


Borgarfeðir



Með Helga Björns í menningarborginni Berlín

Í þetta skipti ætlar hinn þjóðkunni og vinsæli söngvari Helgi Björns að leiða farþega um áður óþekktar slóðir hinnar frábæru Berlínar sem margir kalla „New York Evrópu“ - enda sefur hún aldrei. Helgi gjörþekkir Berlín og veit hvar áhugaverða klúbba, dansstaði, leikhús, óperur og fjöllistasýningar er að finna.

Allar nánari upplýsingar á www.expressferdir.is

Verð á mann í tvíbýli með morgunverði

27.-30. apríl 94.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting í þrjár nætur með morgunverði á 4* hóteli og fararstjórn Helga Björnssonar.

expressferdir.is 5 900 100

Express ferðir

Fíton / SÍA


10stk
Páskaliljur
999
Páskaskraut
30%
afsláttur
PÁSKAMARKAÐUR
í Blómavali um land allt
10 Túlipanar
rauðir eða fjólubláir
799kr.
Páskagreinar
3 stk. í búnti
699kr
tilboð
Páska Begonía
999kr
tilboð
Páskakrýsi
999kr
tilboð
páskaliljur í potti
tet a tet
399kr
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Grafarholt - Hafnarfjörður - Akureyri
Egilsstaðir - Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



NOVA

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Í auglýsingarherferð Miss Selfridge

Fyrirsætan **Edda Óskarsdóttir** prýðir nú glugga verslunarkeðjunnar Miss Selfridge í London en hún er í lykilhlutverki í nýrri auglýsingaherferð tískuvöruverslunarinnar. Það er greinilegt að þeir hjá Miss Selfridge eru hrifnir af Eddu sem einnig var með í jólaherferð búðarinnar. Verslunarkeðjan er umsvifamikil í Bretlandi með um 160 búðir þar í landi. Miss Selfridge-búðirnar selja fatnað fyrir unglinga. Edda er á mála hjá fyrirsætuskrifstofunni Eskimo Models hér á landi en flutti til London í byrjun árs. Mikið hefur verið að gera hjá fyrirsætunni sem hefur einnig verið í vefauglýsingu tískurisans Burberry.



### Almannatengill á ferðalagi

Almannatengillinn og Samfylkingarmaðurinn **Andrés Jónsson** hefur stimplað sig út úr íslenska dægurþrasinu í bili og er farinn til Bandaríkjanna. Þar hyggst hann ferðast um vesturströndina á bílaleigubíl. Hann er einn á ferð og greinir frá því á bloggi sínu að hann muni keyra sem leið liggur, nokkurn veginn frá landamærunum við Kanada og allt suður að mexíkósku landamærunum. Andrés lagði af stað 23. mars og snýr ekki aftur fyrr en 9. maí. Hann hefur þegar birt myndir á bloggi sínu af umferðinni og spennandi veitingastöðum, og jafnframt af vegahóteli sem hann mærir helst fyrir það að vera laust við kakkalakka.



- áp, - sh

## Mest lesið vísir

1. Eygló hraunaði yfir Ragnheiði Elínu úr ræðustól á Alþingi
2. Flugstjóri sturlaðist um borð í farþegaþotu á leið til Las Vegas
3. Tveggja ára fangelsi fyrir að verða barni sínu að bana
4. Þrjátíu veiktust í veislu í Skagafirði
5. Leiðbeinandi dæmdur fyrir að misnota unglingsstúlkur





FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS

BOSS HUGO BOSS
SAND
strellson
eterna
VAN KOLLEM MADISON PARK • NY
gardeur
HUGO HUGO BOSS
CANALI
PETER VAN HOLLAND
POLO RALPH LAUREN
FINUCCI collezione
bugatti
MABRUN
LLOYD
BELLINI collezione

OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 11 TIL 18
LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17
SUNNUDAGA
FRÁ KL. 13 TIL 17

